



**Herbert
vill líf
sitt til
baka**

11. OKTÓBER 2019 / 41. TBL. 109. ÁRG. / VERÐ 995 KR.




**SUNDKENNARI SAKAÐUR
UM ÓGNARSTJÓRN**



DU

BESTI ÞYNNKUMATURINN

- Hjörvar Ingi eyðir milljónum í áhugamálið
- Stundar umdeilda „trophy“-veiði
- „Því eldra sem dýrið er því fallegra er það“



**SNÝST
EKKI UM
AÐ DREPA**



***Fegurðar-
drottning
fellir
grímuna***

- Ólst upp með lítið á milli handanna
- Lögo í ljótt einelti
- Vissi ekki að kærastinn væri heimspektur tónlistarmaður

**Barnabílstólar í úrvali
RECARO**

BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is






Síðustu orðin

„Ég er að kveðja, en ég er að kveðja í nafni Drottins.“

– Söngkonan Bessie Smith (1894–1937)

Á þessum degi, 10. október

S tóri eldsvoðinn í Chicago átti upptök sín um klukkan níu um kvöld þann 8. október árið 1871. Talið er að eldurinn hafi kviknað í lítilli hlöðu en kofi við hlið hlöðunnar var fyrsta byggingin sem varð eldinum að bráð. Mikill þurrkur hafði verið um sumarið og því breiddist eldurinn hratt út um borgina. Sterkir vindar frá suðvestri eiga þar einnig sök. Margar getgátur hafa verið uppi um hvort um íkveikju hafi verið að ræða eða slys, en það hefur aldrei fengist staðfest. Á þessum tíma voru aðeins 185 slökkviliðsmenn í Chicago og notuðu þeir sautján gufuvélar, sem dregrnir voru af hestum, við vinnu sína. Slökkviliðsmennirnir brugðust hratt við útkallinu í hlöðunni en vegna mistaka voru þeir sendir á vitlausan stað. Það náðist síðan að ráða niðurlögum eldsins þann 10. október árið 1871, en þá hafði þessi stórbruni eyðilagt þriðjung Chicago-borgar, þar með talið viðskiptahverfið eins og það lagði sig. Um þrjú hundruð manns létu lífið í eldsvoðanum og hundrað þúsund íbúar misstu heimili sín. Upp frá þessu hófst mikil uppsveifla í Chicago tengd endurbyggingunni og á endurreisnarárunum var meðal annars fyrsti skýjakljúfurinn með stálgrind byggður.



„Það er alveg glatað að þurfa að fara“

■ **Atlantsolía segir upp samningi við Matstöðina**
■ **Velgengni staðarins varð honum að falli**

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



É g botna ekkert í þessu. Ég er nýbúinn að gera upp allt húsið og reiknaði engan veginn með þessu. Atlantsolía vill mig bara í burtu,” segir Brynjólfur Jósteinsson, eigandi Matstöðvarinnar. Brynjólfur hefur rekið Matstöðina í gamla biðskýlinu á Kársnesinu í Kópavogi síðan í mars árið 2017, en margir kannast einnig við húsnæðið undir nafninu Sigga-sjoppa. Nú hefur Atlantsolía, sem á húsið og lóðina, sagt upp samningi við Brynjólf og Matstöðin því á bak og burt af Kársnesinu í lok nóvember. Dælur Atlantsolíu eru á lóðinni auk Matstöðvarinnar.

„Þau vilja meina að ég skyggi eitthvað á sig. Að fólk komist ekki til að kaupa bensín. Það er skýringin sem ég fékk. Mér finnst það algjör þvæla,” segir Brynjólfur um uppsögnina á samningnum. „Það var víst of mikið að gera hjá mér og það hentaði þeim ekki. Undir eðlilegum kringumstæðum ætti það að vera jákvætt þegar vel gengur,” bætir hann við.

Hörð viðbrögð íbúa

Margir Kópavogsbúar eiga hlýjar minningar tengdar gamla biðskýlinu, sem var lengi vel eins konar félagsmiðstöð Kópavogs. Brynjólfur er leiður að þurfa að hörfa af Kársnesinu og segir tíma sinn þar hafa verið afar góðan.

„Það er alveg glatað að þurfa að fara. Húsið hefur svo mikinn sjarma,” segir hann. Brynjólfur er einnig þakklátur þeim hörðu viðbrögðum inni á íbúahóp Kársnesinga á Facebook við lokun Matstöðvarinnar. Þar er einróma álit þeirra sem blanda sér í umræðuna að Matstöðin sé



„perla“ og að það sé „ömurlegt“ að staðurinn sé að loka.

„Mér finnst það æðislegt,” segir hann. „Þessi uppsögn kemur á svo skýtnum tíma, fimm dögum áður en ég skrifaði upp á samning að opna stað á Höfðabakka. Ég er með hausinn við að klára það í augnablikinu. Svo þarf ég að finna annað húsnæði í Kópavogi. Ég á svo dygga kúnna þar.“

Húsið er ekki að fara

Guðrún Ragna Garðarsdóttir, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, segir að íbúar Kársnessins þurfi engar áhyggjur að hafa um þetta sögufræga hús – það verði ekki rífið. Fyrirtækið leitar nú að arftaka Matstöðvarinnar, en Guðrún segir mikla sátt ríkja um uppsögn samningsins milli Atlantsolíu og Brynjólfs.

„Við ætlum að gefa okkur góðan tíma í að finna nýjan stað þannig að allir séu sáttir með hvað er í húsinu,” segir hún. „Húsið er ekki að fara. Þetta er ofboðslega lítið húsnæði hins vegar og takmarkaðir möguleikar hvað hægt er að hafa þarna. Vonandi finnst eitthvað sem verður í sátt við alla og gengur upp. Það er



Sögufrægt hús Margir Kópavogsbúar eiga hlýjar minningar úr gamla biðskýlinu. Mynd: Facebook / Matstöðin



Á bak við bordið Brynjólfur hefur gengið afar vel að kokka heimilismat í Matstöðinni. Mynd: Facebook / Matstöðin

„Það var víst of mikið að gera hjá mér og það hentaði þeim ekki

ekki einfalt að finna eitthvað sem passar í þetta hús því það er svo lítið.“

Of mikið kaos

Guðrún segist það mikið fagnaðarefni hve vel hefur gengið hjá Matstöðinni síðustu tvö og hálfa árið. Miklar annir hafi hins vegar þýtt að lítið sem ekkert pláss var fyrir fólk að taka bensín á dælunum fyrir utan.

„Við endurnýjuðum ekki samninginn því þetta var orðinn of stór staður fyrir þetta hús og þessa lóð. Þetta fór ekki saman. Þetta var orðið of mikið kaos. Það voru alltof margir bílar á lóðinni

og því miður gilda ákveðnar reglur um starfsemi bensínstöðva.“

Meðal þess sem íbúar í Facebook-hópi fyrir Kársnesið hafa hvatt til er að senda tölvupóst á Atlantsolíu til að þrýsta á fyrirtækið að halda samningi við Matstöðina áfram. Guðrún segir vissulega að fyrirtækinu hafi borist tölvupóstar þess efnis en telur ólíklegt að samið verði aftur við Matstöðina.

„Ég skil alveg að fólk í nágrenninu eigi eftir að sakna staðarins. Það er alveg eðlilegt. Matstöðin er hins vegar komin í stærra húsnæði á Höfðabakka sem hentar staðnum betur.“ ■

5 tímaskekkjur á Íslandi



„Já, sæll“

Á svipstundu fóru landsmenn að breytast í Ólaf Ragnar Hannesson úr Næturvaktinni og nýttu sér hvert gefið tækifæri til að arga hástöfum: „Já, sæll!“ Íslendingar létu þó hafa sig af flitum fulllengi, enda lá það strax í augum uppi að umræddur Ólafur Ragnar var í eðli sínu ádeila á taktlausu lúða og ætti ekki með neinu móti að taka hann sér til fyrirmyndar. En það gerðum við samt.



„Rúnturinn“

Að rúnta er menningar-fyrirbrigði sem tíðkaðist í bæjum vítt og breitt um landið en á sér engan jarðbundinn sess lengur. Tónlist, félagsskapur og kæruleysi í aftursætinu, helst í fullum bíl, á meðan skautast er um á götum borgarinnar er góð tímaeyðsla í minningunni en ekki námsfólki bodleg lengur miðað við stöðugt risandi eldsneytisverð. Þessa dagana ætti klassískur ísbíltúr að nægja.

Samræmd próf

Samræmd próf hafa lengi verið umdeild, jafnt og gagnlegt gildi þeirra. Nú er þó liðinn sá tími þar sem áhersla í skólastarfi eigi helst að vera einstaklingsmiðað nám og ætti námsmatíð að vera það líka að vissu leyti. Ungu fólkið hefur nóg af stressi á sinni könnu og samræmd próf eiga að vera valkvæð.



Línuleg dagskrá

Þetta er alþjóðlegur vandi en engu að síður birtingarmynd tímaskekkju. Á Íslandi voru áhorfendur sérstaklega háðir línulegri dagskrárgerð þegar stöðvar voru á pari við sama fjölda og önnur mannshöndin. Nútímaneytandinn vill hlutina og þættina sína hér og nú, á þeim tíma sem hann krefst. Línuleg dagskrá, bæði hér og víða, ætti að vera löngu komin í súginn.

Fegurðarsamkeppnir

Fegurðarsamkeppnir hafa um langt bil verið ákveðið heiðursmerki fyrir þær heppnu sem komast að, en þegar stimpill fallega kvenfólksins á Íslandi er víða þekktur fyrir, er engin þörf lengur á uppstillingum sem ýta enn fremur undir svonefnda heilbrigða líkamsmynd og fitusmánun.





www.krokur.net

522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
- 24 stunda þjónustu allt árið um kring
- björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurlhraun 3, 210 Garðabær

Hver er hún

Hún er fædd 28. júlí árið 1979.

Hún hóf ferilinn aðeins sextán ára gömul í ABBA-sýningu á Broadway sem þá var og hét.

Hún varð þess valdandi að fléttur komust aftur í tísku.

Mest var leitað af skyldleika við hana á Íslendingabók árið 2005.

Hún var fyrsta manneskjan til að fá persónugert debetkort, líka árið 2005.



SVAR: BIRGITTA HAUKDAL

Það er staðreynd að...

Hvert augnhár endist í um 150 daga.

Rússíbanar voru fundnir upp seint á nítjándu öld til að halda Bandaríkjamönnum frá krám og vitleysunni sem því fylgdi.

Letidýr geta haldið lengur í sér andanum en höfrungar.

Það er ómögulegt að hömma á meðan maður heldur fyrir nefið.

NASA sýnir nýjum yfirmönnum kvikmyndina Armageddon til að sjá hve margar villur þeir geta fundið.

Háskólamenntuð en fær enga vinnu

■ Mætir fordómum á vinnumarkaði ■ Menntuð í raungreinum og viðskiptafræði

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is

Nigar Khaligova er þrítug og hefur verið búsett á Íslandi í sjö ár, en hún er fædd og uppalin í Aserbaídsjan. Hún er með háskólagráðu í raungreinum frá heimalandi sínu og stundar í dag nám í viðskiptafræði en hún segist mæta miklum fordómum hjá vinnuveitendum. Afar erfitt sé fyrir háskólamenntaða útlendinga að fá vinnu á Íslandi, jafnvel þó að viðkomandi tali góða íslensku og sé með dýrmæta þekkingu. Oftar en ekki reiða vinnuveitendur sig á tengslanet og sambönd, sem kemur sér illa fyrir manneskju sem hefur búið á landinu í takmarkaðan tíma.

Vann við afgreiðslu og þrif
Nigar er í dag búsett á Egilsstöðum. „Ég er með háskólapróf í efnatækni-fræði frá háskóla í Aserbaídsjan. Þegar ég flutti til Íslands fyrir sjö árum var ég nýútskrifuð frá háskólanum og talaði ekki íslensku. Á þessum tíma vann ég alls konar vinnu, eins og við afgreiðslu og þrif.“ Ég sótti um vinnu á mörgum stöðum, en ég var aldrei ráðin vegna þess að ég var með takmarkaða íslenskukunnáttu, enga reynslu og ég gat lítið notast við háskólaprófið mitt.“

Hún segir enga eftirspurn hafa verið eftir efnatækni-ingum á Austurlandi. Hún ákvað því að bæta við sig menntun í viðskiptafræði til að auka atvinnumöguleika sína hér á landi og fá þægilega vinnu. Hún skráði sig því í BA-nám í Háskólanum á Akureyri og er í dag á öðru ári í náminu.

„Ég hugsaði með mér að það yrði ekkert mál að finna vinnu þegar ég væri komin með háskólamenntun fra íslenskum

háskóla. Þá gæti enginn hafnað mér, af því að það væri engin ástæða til þess.“

Vilja ekki sjá erlent nafn
Nigar segist vera búin að sækja um nokkur störf á fjármálasviði, án árangurs. Oftast sé henni tjáð að „við ætlum að hafa þig í huga þegar okkur vantar starfsfólk“. Hjá opinberum stofnunum er hún kölluð í viðtal en heyrir aldrei neitt meir. „Ég veit ekki hvað veldur en mig grunar að þetta sé vegna þess að ég er ekki íslensk og ég á ekki „góða vini“ til þess að hjálpa mér. Mér finnst eins og fólk í stjórnumarstöðum vilji einhverra hluta vegna ekki ráða útlendinga í vinnu, nema þörf sé á. Kannski vilja þeir ekki að útlendingum vegni vel?“ segir Nigar.

Hún segir það líta út eins og atvinnurekendur hendi umsókn strax í ruslið ef erlent nafn er á blaðinu. Þá skipti engu hvort manneskjan sé búsett á Íslandi, með menntun og tali ágæta íslensku. „Ég heyri oft að það sé verið að ráða nýtt fólk í vinnu hjá fjármálafyrirtækjum hér á Egilsstöðum. En ég skil ekki eitt: Hvernig vissi fólk að það væri laus staða, ef starfið var ekki auglýst? Þarf maður alltaf að þekkja einhvern til að geta fengið sér vinnu? Þegar ég sótti síðast um starf á fjármálasviði þá var mér hafnað. Þegar ég spurði hver ástæðan væri þá var mér sagt

að ég væri ekki með reynslu. En hvernig á ég að öðlast reynslu, ef ég er aldrei ráðin í starf?“ spyr Nigar jafnframt. „Þetta hljómar þannig að ég er aldrei „nógu góð“ til að fá vinnu. Það er alltaf eit hvað að: „þú talar ekki íslensku“, „þú kannt ekki að skrifa á íslensku“, „þú ert ekki með háskólamenntun frá Íslandi“. Og núna er reynsluleysi. Er það nokkuð sanngjarnt gagnvart manneskju sem er búin að gera allt sem er mögulegt í stöðunni? Ég verð aldrei íslensk, nafnið mitt mun aldrei verða íslenskt, það er satt. En ég er með íslenskan ríkisborgararétt, ég borga skatta

hér á landi og ég er með sömu réttindi og Íslendingar. Af hverju fæ ég þá ekki sömu meðferð?“ segir Nigar og biðlar að lokum til vinnuveitenda að gefa aðfluttum Íslendingum tækifæri til að koma undir sig fótunum hér á landi. „Kæru vinnuveitendur og ríkisstjórn. Þið eruð í þessu starfi í dag af því að einn daginn hafði einhver trú á ykkur og gaf ykkur tækifæri til að sanna ykkur. Ekki taka þetta tækifæri frá öðrum, bara vegna þess að viðkomandi er með erlent nafn. Á bak við hvert nafn er líf: væntingar- og örvæntingarfullur vilji til að gera meira og verða betri.“

Músin og pöpullinn


Svarthöfði
Svarthöfði er orðinn þreyttur á heimsyfirráðum Disney-samsteypunnar. Í gegnum áratugaraðir hefur hún matað ofan í börnin okkar ígildi fegurðar, réttlætiskenndar og lífsreglna. Á undanfórnum árum hefur þó aðeins verið reynt að stýra skuggagildum fortíðarinnar í jákvæðari átt, þar sem ekki lengur er brýnt fyrir tvennu; að ungar prinsessur eigi sér engin mittismál og þurfi að vera teiknaðar upp sem ofurmódel, að allt utan vestræna heimsins sé morandi í staðalmyndum. Eins og það hafi ekki verið nógu þreytt fyrir í áratugaraðir hvað Disney hefur mest matreitt þau skilaboð ofan í börn um gagnsleysi foreldra. Disney er á meðal stærstu merkja veraldar og langstærsta fjölmiðlasamsteypa heims, sem

étur upp allt og tröllríður yfir skemmtanamarkaðinn núna. Útbreiðslan virðist stækka með ólíkindum um ár hvert, hvort sem það gerist með tilkomu nýrrar streymisveitu (sem við Íslendingar höfum enn engin merki um að ná, þannig að ninjur niðurhalsins verða fljótar til leiks) eða kaupum á öðrum fyrirtækjum á borð við Fox. Eftir kaupun á Fox fyrr á árinu bættust FX, National Geographic og Hulu, auk kvikmyndaversins 20th Century Fox í hóp fjölda vörumerkja sem skiluðu fyrirtækinu um 1.500 milljarða króna hagnaði árið 2018. Eins og stendur í dag ræður samsteypan yfir allt að 40% efnis sem ratar í kvikmyndahús og sjónvarp, bæði myndabálka og bráðum tvær risastórar streymisþjónustur. Til að bæta gráu ofan á Svarthöfða hyggst kvikmyndadeild Disney núna að endurgera fjöldann af þeim

titlum sem samsteypan eignaðist með kaupunum á Fox, þar á meðal Home Alone. Þetta þýðir að hin jólaklassíkin, Die Hard, sé í opnu skotfæri, enda jafn furðuleg tilhugsun og að músin skuli eiga réttinn á Die Hard, af öllu. Fyrirtækið veltir um 250 milljarða Bandaríkjadala á ári, en nokkrar sameiningar til viðbótar og þá liggur við að Disney sjái til þess að einoka eldsneytis- og matarmarkað Vesturlanda og seinna meir víðar. Fyrir hverja áskrift að Disney+ hlýtur þá að fylgja aðgangur að fatnaði, vatni og öðrum nauðsynjavörum, en aðeins ef þú stimplar inn þrettán stafa kóða sem þú færð í hverjum mánuði til að tryggja endurnýjun áskriftar. Langsóttari hlutir hafa nú gerst í þessum heimi. Einokunin er óhugnanleg og býður upp á það að fiska eftir lítilmagnanum undir hverju borði til að sigr þetta stórveldi, eða að minnsta kosti tryggja

ásættanlegt mótvægi fyrir neytandann. Þetta á sérstaklega við um dægurmenningarhliðina og fólk sem vill ekki eingöngu söngva- og glansmyndir, Marvel-hetjur eða þrjátíu gerðir af Stjórnustríði. Það versta af öllu er að Disney á tæknilega séð réttinn á ímynd Svarthöfða, þannig að í rauninni á Svarthöfði engan rétt til að kvarta. Hann glottir bara undir hjálminum og samþykkir örlög sín. ■

TÍMA- MÓTA- VERK



„Áhrifamikil og mögnuð bók,
frábærlega skrifuð og sérlega
mikilvæg. Þetta er bók sem
allir í heiminum ættu að lesa.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

Andri Snær fjallar um stærsta
viðfangsefni mannkynsins:
loftslagsmálin

Um tímann og vatnið er í senn
persónuleg ferðasaga og vísinda-
leg greining þar sem ævafornar
goðsagnir og sjálfur Dalai Lama
koma við sögu

1.

Metsölulisti
Eymundsson
ALLAR BÆKUR
Vika 2.-8. okt.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

Sjálfboðaliði segist svikinn af Sólsetrinu

■ Ekkert kaup og óboðlegar aðstæður ■ Eigandi vísar ásökunum á bug

Auður Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Ólaunuðum starfsmönnum, hvort sem um er að ræða sjálfboðaliða eða starfsnema, hefur fjölgað mikið í atvinnulífinu undanfarin misseri. Í gegnum heimasíðurnar Workaway og Helpx geta atvinnurekendur auglýst eftir sjálfboðaliðum í ýmis störf og nokkuð er um slíkar auglýsingar á Facebook. Samkvæmt lögum eru sjálfboðaliðastörf einungis réttlætangel þegar um er að ræða störf fyrir mannúðar- eða hjálparamtök.

Árið 2016 var áttakinu Einn réttur, ekkert svindl hrundið af stað af ASÍ, en tilgangurinn er að vinna gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi. Í sameiginlegri yfirlýsingu ASÍ og SA kemur fram að það sé andstætt kjarasamningum og meginreglum á vinnumarkaði að sjálfboðaliðar gangi í störf launafólks í efnahagslegri starfsemi fyrirtækja. Í yfirlýsingunni stendur að samningar við einstaklinga um lakari kjör en kjarasamningar kveða á um séu ógildir.

Formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands samþykktu í september síðastliðnum áskorun til stjórnvalda um að grípa til aðgerða gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og svokölluðum félagslegum undirboðum. Kallað er eftir því að eftirlit með vinnustöðum verði samræmt og þétt um land allt.

140 auglýsingar á vef Workaway

Þrátt fyrir að ólöglegt sé að reka efnahagslega starfsemi með sjálfboðaliðum þá eru enn í dag fjölmörg dæmi um að atvinnurekendur hér á landi fari þá leið að fá til sín ólaunaða, og þar af réttindalaus, starfsmenn. Á heimasíðu Workaway þann 8. október síðastliðinn var að finna rúmlega 140 auglýsingar frá aðilum hér á landi þar sem óskað er eftir sjálfboðaliðum í ýmis störf. Oftast er um að ræða störf í landbúnaði og ferðaþjónustu og

þónokkuð er um að fjölskyldur óski eftir aðstoð við barnagæslu og heimilishald.

Þráði að koma til Íslands

Slóvakinn Rudolfin Ukacko segir rekstraraðila Sólsetursins að Skrauthólum misnota vinnuafli með því að lokka útlendinga í sjálfboðaliðastörf og bjóða þeim upp á bágar aðstæður. Rudolfin kemur frá smábænum Stará Lubovna í Norðaustur-Slóvakíu.

„Alveg frá því um síðustu aldamót hafði mig dreymt um að flytja alfarið til Íslands,“ segir hann í samtali við blaðamann DV. Rudolfin kveðst hafa séð auglýsingu frá Sólsetrinu í gegnum heimasíðu WorkAway, þar sem óskað var eftir fólki í sjálfboðavinnu gegn fríu fæði og húsnæði. Þetta var í apríl á síðasta ári. Sólsetrið er að Skrauthólum á Kjalarnesi en á Facebook-síðu setursins er því lýst sem „miðstöð fyrir námskeið, athafnir, trommuhringi, andlegar vitrunarferðir, heilunarathafnir og ýmislegt fleira.“

„Ég hef áður starfað með ungmennum sem hafa glímt við geðklofa og einhverfu,“ segir Rudolfin og bætir við að þótt hann sé ekki menntaður heilbrigðisstarfsmaður þá hafi það alltaf verið hans ástríða að hjálpa öðrum.

„Í maí byrjaði ég að vinna á Sólsetrinu sem sjálfboðaliði. Mér var sagt að ég myndi verða „hluti af fjölskyldu“ og að ég myndi fá mitt eigið herbergi. Það kom þó margoft fyrir að ég þurfti að fara úr herberginu á meðan athafnir fóru þar fram. Þannig að ég endaði á því að sofa hér og þar. Náinn vinur eigendanna sagði mér að gisting af þessu tagi væri 80 þúsund króna virði.“

Aðspurður hvort hann hafi ekki verið meðvitaður um þá staðreynd að það væri áhætta að koma til landsins til að sinna sjálfboðavinnu, réttindalaus, viðurkennir Rudolfin að hann hafi verið auðtrúa. „Ég einfaldlega treysti þeim, ég treysti því að við værum að stuðla að jákvæðum breytingum og hjálpa öðrum.“

Vond lykt

Rudolfin segir að áður en hann flutti inn hafi hundur verið geymdur í herberginu og fengið að gera þar þarfir sínar. „Það var vond lykt inni í herberginu og seinna fann ég dauða mús undir rúminu mínu.“

Honum hafi stöðugt verið lofað að aðstæðurnar myndu verða betri með tímanum. Eftir að hafa starfað sem sjálfboðaliði í sex mánuði samdi hann við eigandann um að taka að sér launað starf á staðnum. „Ég þarf að greiða meðlag og þess vegna gat ég ekki unnið sem sjálfboðaliði lengur.“

Rudolfin segist hafa skrifað undir samning í nóvember síðastliðnum og samþykkt að fá greidd lágmarkslaun fyrir vinnu sína á Sólsetrinu, enda hafi vinnuveitendurnir lofað honum betri kjörum seinna meir, auk þess sem frítt fæði var innifalið. Hann hafi þá sótt um kennitölu og íslenskan bankareikning. Hann segist jafnframt hafa hlaupið undir bagga þegar illa hafi staðið á og boðið vinnuveitendum sínum afnot af kreditkorti sínu svo hægt væri að greiða fyrir brýnustu nauðsynjar. „Þar af leiðandi hurfu allir peningarnir mínir og seinna meir hættu þau alveg að borga.“

Rudolfin segist aðeins hafa fengið greidd laun þrisvar sinnum á meðan hann bjó og starfaði á Sólsetrinu. Hann hafi engu að síður skilað inn meira en 300 klukkustundum í vinnu á mánuði. „Ég stóð í þeirri trú að við værum að byggja upp samfélag sem myndi styðja við bakið á þeim sem minna mega sín,“ segir hann og bætir við að samningurinn sem hann hafi skrifað undir á sínum tíma hafi seinna horfið úr herberginu hans. Rudolfin segist hafa orðið veikur og beðið um frí í nokkra daga. Tveimur dögum síðar hafi eigandinn fengið hann með sér í ferð vestur á land þar sem hann þurfti aðstoð.

„Þegar við komum til baka endaði ég á bráðamóttöku og þurfti á sýklalyfjum að halda. Engu að síður báðu þau mig um

Ósáttur Íslandsdvölin hefur leikið Rudolfin grátt að eigin sögn.



að vinna. Ég entist í sex daga,“ segir Rudolfin. Hann segir að á þessum tímamarki hafi hann verið búinn að fá nóg og ekki lengur haft ástríðu fyrir verkefninu. „Við gerðum þá með okkur samning um að ég mætti fara í lok október.“ Rudolfin segir að þremur dögum seinna hafi starfsmaður komið inn í herbergið hans að nóttu til og tilkynnt honum að hann þyrfti að vera farinn morguninn eftir.

Gæti þurft að yfirgefa Ísland

Hann segir augljóst að brotið hafi verið á réttindum sínum og furðar hann sig jafnframt á því að það geti gerst á stað þar sem lögd er áhersla á mannrækt. Rudolfin segist óviss hvað muni taka við næst. Hann segir eiganda Sólsetursins einnig hafa boðist til að lána honum peninga, sem sé furðulegt í ljósi aðstæðna. Rudolfin segist hafa verið í sambandi við ræðismann Slóveníu hér á landi. Hann gæti þurft að yfirgefa landið. Auk þess hefur hann haft samband við stéttarfélag og lagt inn tilkynningu hjá lögreglu. Hann segist jafnframt hafa tilkynnt stjórnendum Workaway síðunnar um málið. Auglýsing Sólsetursins hefur nú verið fjar-

lægð af síðunni.

Vísar ásökunum alfarið á bug

Linda Mjöll Stefánsdóttir er eigandi Sólsetursins. Hún hafnar ásökunum Rudolfin. „Hann byrjar að vinna hjá okkur sem sjálfboðliði en hættir því síðan mjög fljótlega og gerist fjölskyldumeðlimur. Við buðum honum að vera hjá okkur, að kostnaðarlausu. Það var allt í jafnvægi, eins og maður myndi gera á mannlegan máta.“

Linda segir að enginn samningur hafi verið gerður við Rudolfin.

„Hann er að eittra alls staðar út af sínum persónulegu tilfinningum. Það væri allsvakalegt ef það væri eitthvað sem væri tekið mark á. Hann er bara að sjá rautt, eins og allir sem eru í sárauka og eiga í innra stríði. Hans hugarheimur er að skapa þessar aðstæður.“

Aðspurð um hvort einhverjir sjálfboðaliðar hafi kvartað undan aðstæðum á Sólsetrinu svarar Linda því neitandi. „Á Workaway er fólk að lofsyngja okkur. Þú getur talað við fólkið allt í kring um hann, sem hefur verið með honum. Það segja allir sömu söguna.“

■



Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



Padel er
skemmtileg
samblanda af
tennis og
skvassi

PADEL

Ný íþrótt á Íslandi

Fjórir spila saman. Frábær skemmtun fyrir
pör og vinahópa. Námskeið og þjálfun í boði.



TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- ☺ Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- ☺ Eigum nokkra tíma lausa.
- ☺ Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

Suðurlandsbraut 14
2. hæðFRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.ISÚtgáfufélag: Frjáls fjölmiðlun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Engar nektarmyndir

Þórarinn Ævarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri IKEA, ætlar að opna veitingastað á höfuðborgarsvæðinu. Leynd hvílir yfir staðnum en stuttu eftir að Þórarinn sagði skilið við IKEA fóru af stað sögur um að hann og Sigmar Vilhjálmsson ætluðu í veitingarekstur saman. Sigmar tilkynnti nýverið opnun veitingastaðarins Barion í Mosfellsbæ. Því er ólíklegt að Þórarinn og Sigmar vinni saman sem leiðir af sér að DV mun ekki birta nektarmyndir af Þóarni, sem lofaði nokkrum slíkum ef þeir Sigmar færu saman í bisness.

Hvert fara peningarnir?

Á tjaldsvæðinu í Laugardal neyðist fólk til að búa vegna hás leiguverðs og íbúðaskorts. Tjaldstaðin í langtímaleigu eru aðskilin frá ferðamannasvæði. Nýverið tók gildi samningur um að íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur sæi um rekstur langtímasvæðisins en Farfuglar ses. heldur áfram rekstri ferðamannasvæðisins. Hermt er að umrætt tjaldsvæði sé stöðugt stappfullt af ferðamönnum. Mánaðarleiga hvers leigutaka í langtímaleigu er í kringum 60 þúsund og eru aldrei færri en tíu slíkir leigjendur á svæðinu. Þar reiknast ekki með gjald maka. Í ljósi undanfarinna fréttu af gæsluleysi, skemmdarverkum, svo ekki sé talað um ógæfðar aðstöðu snyrtingar, verður að spyrja sig hvað hefur orðið um féð. Þegar gistiheimilið sá um reksturinn fóru peningarnir ekki í neitt af ofan nefndu og varla er þetta vegna rafmagnskostnaðar.



Framlenging á sumri Borgarbúar hafa notið mikillar veðurbliðu undanfarið, sem gæti hugsanlega verið lognið á undan storminum áður en veturinn skellur á með öllum sínum þunga.

Þetta er bara bóla

Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Við höfum ekki verið að sinna þessu og ekki horft á þetta nægilega alvarlegum augum. En við höfum áhuga á að breyta því.“ Þetta sagði Karl Steinar Valsson, yfirlögregluþjónn hjá miðlægri rannsóknardeild lögreglunnar, í kvöldfréttum Stöðvar 2 í vikunni. Tilefnið var frétt um lögregluna í Danmörku sem hefur rannsakað 25 mál síðustu fimm ár um kaup á barnaníð í gegnum netið.

Þessi „starfsemi“ virkar þannig að menn sitja við tölvu og óska eftir tilteknu broti á barni. Brotinu er síðan streymt í gegnum netið á sama tíma og það gerist og seldur aðgangur að. Flestir mannanna

sem panta brotin búa í Evrópu. Flest börnin sem brotið er á búa í Asíu. Íslenska lögreglan rannsakar nú hvort einhverjir Íslendingar tvinnist inn í þessa ógæfðellu „starfsemi“.

Það er oft gert grín að því þegar að heimurinn var kynntur fyrir því framandi fyrirbrigði sem internetið var. Efasemdapésarnir voru gríðarlega margir og því fleygt fram í tíma og ótíma að internetið væri alls ekki komið til að vera. Þetta væri bara bóla. Og bólur springa.

En internetið sprakk ekki heldur sprakk út. Síðan hefur margt vatn runnið til sjávar og hátt í tveir áratugir síðan fólk hætti smátt og smátt að halda því fram að um bólu væri að ræða. Samt virðist vera stjórnvöldum ómögulegt að taka internetið og öllum þeim

glæpum sem því fylgir alvarlega, líkt og orð Karls Steinars bera merki um. Karl Steinar auðvitað talar ekki bara fyrir sig persónulega, heldur lögregluna almennt, sem og dómsvaldið.

Það liggur í hlutarins eðli að netglæpir eru erfiðir viðureignar. Á internetinu er að finna alls kyns hyldýpi þar sem mykraverk grassera. Á internetinu er hægt að fara huldu höfði og fela slóðir sínar listilega vel. Internetið býður upp á fjölmargar flóttaleiðir. Það er hins vegar einnig staðreynd að lögreglan hefur takmarkað vald innan ramma laganna til að bregðast við, rannsaka og refsa fyrir netglæpi, jafnt stóra sem gríðarstóra. Árið 2019.

Það er líkt og yfirvöld hafi stungið höfðinu í sandinn og neitað að horfast í augu við að

internetið er komið til að vera. Á meðan hefur hyldýpi hryllingsins orðið dýpra og dýpra – nánast botnlaust. Ég býst við að mörgum hrylli við að hægt sé að panta barnaníð í beinni á netinu. Mér allavega býður við því. En það sem ég hræðist er hve margt annað viðbjóðslegra er hægt að panta með einum smelli og nokkrum blóðugum krónum.

Internethólan sprakk ekki en netglæpabólan er fyrir löngu búin að springa í andlitið á okkur. Hún skilur eftir sig röð eyðileggingar þar sem saklaus líf eru hrifsuð í burtu með einum smelli. Stjórnvöld verða því að bregðast við og algjör hneisa að það hafi tekið svona langan tíma. Skammarlegt. ■

Spurning vikunnar

Hvar er best að búa?



„Ég held það sé Mosfellsbær, án þess að hafa búið þar. Það virðist vera skemmtileg bæjarstemning og svona „úti á landi en samt ekki“-filingur.

Andri Guðmundsson




Mér líður mjög vel þar sem ég er. Ég bý í 108 Reykjavík og það hentar mér vel hvað varðar atvinnu og lífsstíl. Ég er miðsvæðis, fljótur í allt en samt aðeins utan við vesenið í miðbænum.

Jón Már



Ég myndi segja Reykjavík, út af flestum úrræðum fyrir börn og unglinga með fatlanir og aðrar raskanir sem þurfa séraðstöð. Mér finnst æðislegt að búa í Seljahverfi því það er rólegt og barnvænt. Góðir leikskólar og skólar.

Elísabet Ósk Magnúsdóttir



Hvar? Skítsama. Heima er þar sem hjartað slær og hjartað má slá. Þar sem enginn stjórnað taktinum. Fyrir mér er best þar sem þér líður „heima“. Fyrir mér er það einkastaður, fjarri byggð þar sem ég get nakin gengið út á pall. Rifist, sungið og spilað tónlist án þess að vera skömmuð. Heima fyrir mér er að vera með þeim sem ég elska og á heima með og get verið ég sjálf.

Sigrún Dóra Jónsdóttir

Haustvörurnar eru komnar



gæludýr.is

Sundkennari í Hólabrekku-skóla sagður niðurlægja börnin

■ Sagður hafa látið börnin hlaupa í hringi hvíldarlaust í 40 mínútur ■ Engar úrbætur þrátt fyrir fjölmarga fundi með skólayfirvöldum

Ágúst Borgþór Sverrisson
agustb@dv.is



Margir foreldrar barna í Hólabrekku-skóla í Breiðholti hafa kvartað undan sundkennara sem starfar við skólann og samskiptum hans við börn þeirra.

Ásakanir um meinta harkalega framkomu hans og óviðeigandi kennsluaðferðir ku ná langt aftur í tímann en foreldrar sem DV hefur rætt við vegna málsins hafa tekið málið upp við skólann á seinni árum, sumir margoft. Það hefur þó ekki leitt til þess að ástandið hafi lagast, að þeirra mati.

„Hann rakkaði dóttur mína niður fyrir framan hina krakkaana, sagði að hún kynni ekki að synda og væri ómöguleg,” segir faðir einnar stúlku. Segir hann að fundir með skólayfirvöldum vegna málsins hafi ekki breytt neinu. „Ég mætti þarna á tvo fundi í fyrra með þremur öðrum

foreldrum. Þar voru líka skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Þau höfðu aldrei heyrt á þetta minnst áður, sögðu að þetta væri svo yndislegur maður og góður kennari. En þau myndu skoða þetta. En það varð ekkert úr því, mér vitanlega,” segir maðurinn.

Mest ber á þrenns konar kvört-

unum undan manningum. Í fyrsta lagi er hann sagður eiga í útistöðum við suma nemendur sem æfa sund hjá sundfélögum og hafi jafnvel felld þá í skólasundi þar sem hann virðist ekki sáttur við sundtök þeirra. DV ræddi ekki við foreldri neins nemanda sem fellur undir þetta en þrír foreldr-



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



mér að hann léti krakkana labba í sundfötum hringinn í kringum laugina þegar þau gerðu eitthvað af sér, í vetrarveðri og frostkulda. Ein móðirin hringdi brjáluð í skólastjórann út af þessu og þá var henni bara boðið upp á að ræða við kennarann. Skólastjórinn bauð okkur líka að hitta hann og að stelpan hitti hann en við höfum ekkert við þennan mann að tala og dóttir okkar hefur alls ekki gott af því að sjá hann.“

Móðir stúlkunnar telur jafnframt að skólayfirvöld hafi gefið í skyn við hana að þau börn sem kvörtuðu undan kennaranum væru of viðkvæm.

Fékk frábæra niðurstöðu úr kennslumati

Faðirinn fór með nokkrum öðrum foreldrum á fund skólastjóra í maí til að kvarta undan sundkennaranum. Skólastjórinn hafði þá gripið til þess ráðs að láta óháðan fagaðila gera kennsluúttekt á vinnu mannins. Fylgdist matsaðilinn með kennaranum að störfum í nokkra kennslutíma. Á fundinum kom fram að kennarinn hefði fengið frábæra niðurstöðu í matinu og aðferðir hans voru taldar vera til fyrirmyndar.

Faðir stúlkunnar bendir hins vegar á að kennarinn hafi vitað að hann var undir eftirliti og því væntanlega hagað framgöngu sinni í samræmi við það. Matsaðilinn var á fundinum og faðirinn sagði við þá manneskju: „Jæja, þú sást ekki í vetur þegar hann lét krakkana labba á sundfötunum í kringum sundlaugina í kulda og frosti.“

„Barnið á ekki að þurfa að þola að vera niðurlægt af fullorðnum manni“

„Hann niðurlægði hana og aðra krakka,“ segir móðir einnar stúlku. Segir hún kennarann hafa niðurlægt dóttur hennar fyrir framan önnur börn. „Hann sagði að hún kynni ekki að stinga sér almennilega og lét hana gera það fyrir framan hin börnin til að sýna hvernig ætti ekki að stinga sér. Hann var líka almennt hranalegur og hreytti í hana. Einu sinni meiddi hún sig í sundi og þá var bara gert lítið úr því og hlegið að henni. Hann hefur líka tekið þau upp úr lauginni og niðurlægt þau fyrir framan hina krakkana.“

Móðirin tók stúlkuna úr skóla-sundi. „Ég ákvað bara að fyrst þetta væri svona þyrfti barnið mitt ekkert að mæta í sund. Barnið mitt á ekki að þurfa að þola að

vera niðurlægt af fullorðnum manni. Hún er ekki skráð í skóla-sund næst fyrr en eftir áramót og ef þetta verður ekki búið að lagast þá fer hún bara ekkert í sund.“

Nýtur líka vinsælda

Sundkennarinn er kominn vel á sjötugsaldur og hefur áratuga langan kennsluferil að baki í hinum ýmsu skólum. Hann hefur vissulega notið vinsælda margra og þykir margt hafa til brunns að bera sem kennari. En lengi hefur verið óánægja með framkomu hans við suma nemendur, sérstaklega þá sem eru lakari í sundi og leikfimi, auk þess sem hann virðist stundum eiga í útistöðum við nemendur sem æfa sund.

Í Facebook-umræðum um manninn, sem hefur verið eytt úr íbúahópi Breiðholts, er farið almennt hörðum orðum um hann en einn maður segir hins vegar: „Hann er góður maður, var sjálfur í íþróttum hjá honum. Hann getur verið þínu harður en bara ef maður er eitthvað að slæpast. Vann með honum í lauginni líka og hann er bara að reyna að kenna krökkum agann sem tekur til að komast áfram í íþróttum.“

Þess skal getið að kennarinn er ekki ásakaður um neitt saknæmt. Margt bendir til að hann sýni stundum afsér viðmót og beiti aðferðum sem ekki eru lengur gjaldgengar í samskiptum við börn en hefðu liðist fyrir nokkrum áratugum. Maðurinn er talinn hafa mikla þekkingu á sundíþróttinni og vera kappsamur og metnaðarfullur kennari. Ljóst er að hann er í miklum metum hjá skólayfirvöldum í Hólabrekkuskóla.

Ríkir ráðaleysi þegar kvartað er undan kennara?

Viðkvæmt er að fjalla með neikvæðum hætti um mann sem er í svo berskjölduðu hlutverki sem kennarastarfið er, jafnvel þó að maðurinn sé ekki nafngreindur. En DV sá sig knúið til að sinna ákalli fjölmargra foreldra sem telja að ekki sé lengur öðrum úrræðum til að dreifa en að fara með málið í fjölmiðla. Reynt hafi verið til þrautar að fá skólayfirvöld til að leysa málið en það hafi ekki tekist. Þeir foreldrar sem hér eru tilgreindir eru aðeins hluti þeirra sem komu við sögu við vinnslu fréttarinnar. Í þeim undirbúningi bar töluvert á röddum ungs fólks sem höfðu verið nemendur hjá manninum fyrir áratug eða lengur og báru

honum illa söguna. Ljóst er því að óviðunandi framkoma hans við suma nemendur nær langt aftur í tímann.

Allt saman vekur þetta þær spurningar hvort ráðaleysi sé reglan þegar foreldrar kvarta þráfaldlega undan sama kennara. Leiða slíkar kvartanir til þess að kennarinn er látinn fara eða verða þær til þess að hann bæti ráð sitt? Í þessu máli virðist hvorugt hafa gerst.

DV sendi fyrirspurn um málið á skólastjóra Hólabrekkuskóla, Hólmfríði Guðjónsdóttur. Hólmfríður sagði að hún gæti ekki tjáð sig um málefni einstaklinga. Hvað varðar kvartanir undan kennurum þá væri brugðist við eftir atvikum hverju sinni en allar kvartanir væru teknar til meðferðar af stjórnendum skólans. Hún sagði jafnframt að brugðist væri við samkvæmt tilteknu verkferli. Það felur meðal annars í sér inn grip mannauðsfulltrúa skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Stundum er barnavernd kölluð til. Lokastig ferlisins er það að mannauðsráðgjafi Skóla- og frístundasviðs lokar málinu formlega. Ekki er hægt að sjá í fljótu bragði að þetta ferli tryggi úrlausn allra mála og ljóst er að það hefur ekki gert það í tilviki sundkennarans við Hólabrekkuskóla.

DV leitaði einnig til Sigrúnar Björnsdóttur, upplýsingafulltrúa á sviði skóla- og frístundamála hjá Reykjavíkurborg. Svar hennar var eftirfarandi:

„Eins og þér er ljóst er um að ræða einstaklingsmál sem hvorki skólastjórnendur eða skrifstofa skóla- og frístundasviðs geta tjáð sig um. Öll mál er varða einstaklinga eru viðkvæm og full ástæða til að stíga varlega til jarðar. Grunnskóli er vinnustaður barna og því vil ég biðja þig um að sýna fyllstu nærgætni og skoða málið vel frá öllum hliðum. Ég vil líka vísa í það sem þegar hefur komið fram í svari frá skólastjóra að brugðist er við eftir atvikum hverju sinni og að allar kvartanir eru teknar til meðferðar af stjórnendum skólans. Verkferillinn sem þú fékkst sendan á ekki við í öllum tilfellum sem kvartanir berast.“

DV reyndi árangurslaust að ná tali af sundkennaranum en uppgefið símanúmer hans er ekki virkt. Skólastjóri gat ekki veitt rétt símanúmer kennarans. Enn fremur sendi DV honum tölvupóst sem var ekki svarað. ■

ar minntust á þetta í samtölum við DV.

Algengasta kvörtunin sem foreldrar báu upp við DV var að kennarinn tíðkaði að niðurlægja suma nemendur fyrir framan aðra nemendur. Það geri hann helst með því að segja þeim að þau syndi vitlaust, hann láti þau synda fyrir framan hina nemendurna og segi þeim eitthvað á þá leið að einmitt svona eigi þau ekki að synda.

Í þriðja lagi er hann sagður beita börn þeirri refsingu að láta þau hlaupa í kringum sundlaugina á sundfötum þegar kalt er í veðri.

Ellefu ára stúlka komin á kvíðalyf

Ellefu ára stúlka, sem var nemandi hjá kennaranum bæði í íþróttum og sundi er hún var tíu ára, er komin á kvíðalyf og sálfræðingur rekur hluta af orsökinni til samskipta við kennarann. Stúlkan sagði móður sinni að í íþróttatíma hefðu börnin eitt sinn ekki verið látin gera neitt annað en að hlaupa í hringi í íþróttahúsinu í heilar fjórutíu mínútur og aldrei mátt stoppa. Hún kvartaði líka undan framkomu hans í sundtímum þar sem hann tíðkaði

að taka einn og einn nemanda fyrir og segja, líkt og áður var greint frá, við hina krakkana að svona eigi maður ekki að fara að.

„Dóttur minni fór að líða svo illa yfir þessari hegðun að hún hætti að mæta í sundtíma og leikfimitíma. Síðan vatt þetta upp á sig með þeim hætti að hún hætti að mæta í skólann þá daga sem voru leikfimitímar eða sundtímar og loks hætti hún alveg að mæta í skólann,“ segir móðirin, en dóttir hennar hefur nú ekki mætt í skóla svo heitið getur í fjóra mánuði. Unnið er að því að finna henni skólavist annars staðar. Foreldrar stúlkunnar komu henni til sálfræðings sem greindi hana með félagskvíða og skólakvíða.

Sálfræðingur barnsins telur að kennarinn hafi komið kvíðanum af stað en orsakir kvíðans hjá barninu séu þó margbrotnari. Hins vegar mælir sálfræðingurinn mjög gegn því að barnið hitti manninn.

„Ég veit um foreldri sem fór til skólastjórans fyrir tveimur árum og kvartaði undan framkomu hans við barnið sitt. Það sama er upp á teningnum núna, ekkert hefur breyst,“ segir faðir þessarar stúlku. Hann segir jafnframt: „Á síðasta skólaári sagði eitt foreldri



***Infrared saunur verð frá 180.000 kr.
Viðarkyntir pottar verð frá 200.000 kr.***



**34 fm. með 8 fm. svefnloft á kr. 2.750.000,-
Bjálkapykkt 70 mm.**



Sjáðu úrvalið á goddi.is

- **Sauna- og gistitunnur**
- **Hitaveitupottar verð frá 390.000 kr.**
- **Nokkrar tegundir af skeljum verð frá 155.000 kr.**
- **Tvær tegundir af rafmagnspottum 200x200 sm. á 620.000 kr. m/loki og tröppu**

Eigum fjórar stærðir af lokum á
lager í gráum og brúnum litum
Verð frá **58.500 kr.**



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

9 hlutir til að hafa í huga á leigumarkaðinum

DV svarar algengum spurningum um leiguhúsnæði

Erla Dóra
erladora@dv.is



Ivikunni var greint frá því að þinglýstum húsaleigusamningum hafi fjölgað mikið á milli ára, eða um 47 prósent. Málum sem lenda inni á borði hjá Leigjendaaðstoðinni hefur einnig fjölgað á milli ára og mörg þeirra mála hafa endað fyrir kærunefnd húsamála. Því er ekki úr vegi að skoða nokkrar algengar spurningar sem valdið geta deilum milli leigusala og leigjenda.

Hverju þarf að huga að áður en íbúð er leigð út?

Það er mjög mikilvægt að taka ástand eignarinnar vel út áður en hún er leigð út. Ef slíkt misferst þá er hætt við því að vonlaust verði að fá skemmdir bættar úr hendi leigjanda. Þessu hafa margir brennt sig á. Ástandsskoðun við lok leigutíma hefur takmarkað gildi ef ekkert liggur fyrir um ástand eignarinnar við upphaf leigutíma. Allur vafi þar á er síðan túlkadur leigjandanum í hag svo hér er gífurlega mikilvægt fyrir væntanlega leigusala að tryggja réttindi sín með góðri og ítarlegri úttekt.

Hvað ef samningur er ekki skriflegur?

Samkvæmt húsaleigulögum eiga

leigusamningar um húsnæði að vera skriflegir. Þetta þýðir þó ekki að leigjendur sem ekki hafa gert skriflegan samning séu réttindalausir. Þvert á móti. Ef enginn skriflegur samningur er til staðar þá telst samt hafa komist á samningur, ótímabundinn með hálfis árs uppsagnarfresti. Leigufjárhæð þessa óskráða ótímabundins samnings er sú fjárhæð sem hægt er að sanna að leigjandi hafi samþykkt. Til dæmis gæti slíkt talið sannað með millifærslu leigjanda á mánaðarlegri leigu.

Má leigusali ráðstafa tryggingarfé að vild?

Stutta svarið er nei, það má hann ekki. Leigusalar eiga að halda tryggingarfé til haga á sérreikningi sem má ekki vera bundinn. Einnig skal leigusali velja reikning sem ber eins hagkvæma vexti og vöð er á. Leigjandinn á svo rétt á að fá vextina greidda út samhliða tryggingunni við lok leigutíma.

Leigusali má heldur ekki ráðstafa tryggingarfé að vild, jafnvel þótt hann telji leigu í vanskilum eða að leigjandi hafi valdið skaðabótaskyldu tjóni á hinu leigða. Hann þarf alltaf að leita samþykkis leigjanda eða úrskurðar um bótaskyldu frá þar til bæru dómsvaldi.

Við lok leigutíma hefur leigu-



sali lögakveðinn frest til að gera kröfu í tryggingarfé, fjórar vikur frá skilum húsnæðis. Ef slíkt er ekki gert innan þess frests þá hefur leigusali glatað tækifæri sínu á þessu úrræði og skal tafarlaust skila leigjanda öllu tryggingarfé ásamt vöxtum.

Má leigusali hafa aðgang að íbúð á leigutíma?

Á meðan leigjandi býr í leiguhúsnæði þá nýtur hann stjórnarskrárvarinnar friðhelgi heimilis. Leigusali má því ekki vaða inn í húsnæði eins og hann vill. Hann á þó rétt á aðgangi ef ráðast þarf í einhverjar viðgerðir og eins ef til stendur að sýna eignina mögulegum leigjendum eða kaupend-

um. Þessi réttur á samt aðeins við ef sex mánuðir eða minna er eftir af leigutímanum.

Leigusali þarf þó að hafa fyrst samband við leigjendur og gefa þeim eða umboðsmanni þeirra kost á að vera viðstaddir.

Eiga leigjendur að borga í hússjóð?

Hér þarf að skoða hvað er innifalið í mánaðarlegu hússjóðsgjaldi. Í fjölbýlishúsum er hiti gjarnan sameiginlegur og því hluti af hússjóðsgjaldi. Þennan hluta gætu leigjendur þurft að greiða. Hins vegar þurfa þeir ekki að greiða þann hluta gjaldsins sem telst sem sameiginlegur kostnaður húsfélagsins. Þar undir fellur til dæmis hiti og rafmagn í sameign, viðhald lyftubúnaðar, kostnaður vegna framkvæmda, gjald í framkvæmdarsjóð og svo framvegis.

Einnig þarf að skoða hvort leigjandi og leigusali hafi sérstaklega samið um að sá fyrirnefndi greiði hússjóðsgjald. Þarf þá að tilgreina það sérstaklega í leigusamning.

Þarf að þinglýsa samningi?

Aðeins er hægt að þinglýsa leigusamning ef hann er skriflegur. Ef í samningi er samið um einhvers konar frávik frá húsaleigulögum þá er nauðsynlegt að þinglýsa honum til að samningur haldi gildi gagnvart mögulegum þriðja manni, svo sem kaupanda eignarinnar. Eins er þinglýsing grundvöllur þess að hægt sé að sækja um húsaleigubætur.

Hvað ef leiguhúsnæði er selt á leigutíma?

Ef leigusali selur eign sem er í útleigu án þess að segja leigusamningi upp fyrst þá heldur samningurinn gildi sínu þrátt fyrir sölu. Nýr eigandi tekur þá við hlutverki leigusala samkvæmt gildandi samningi. Hins vegar gildir annað ef eignin er seld á nauðgunarsölu eða ef leigusali missir íbúðina vegna gjaldþrots. Þá fellur leigusamningurinn úr gildi.

Sambúðarslit eða skilnaður á leigutíma?

Ef leigjendur í sambúð eða hjúskap skilja á leigutíma þá er það ekki þannig að annar aðilinn geti einhliða sagt samningnum upp. Samkvæmt húsaleigulögum á öðrum hvorum aðila að vera heimilt að ganga inn í leigusamninginn og taka við honum.

Hvaða reglur gilda um uppsögn leigusamnings og uppsagnarfresti?

Samningur er tímabundinn: Tímabundnum leigusamningi lýkur við lok leigutíma án þess að leigusali þurfi sérstaklega að tilkynna að ekki verði af áframhaldandi leigu. Hins vegar ef tímabundnum leigusamningi lýkur, leigjandi heldur áfram að borga leigu og leigusali tekur við leigugreiðslum athugasemdalaut næstu tvo mánuðina, þá telst vera kominn á nýr ótímabundinn samningur sem þarf þá sérstaklega að segja upp samkvæmt reglum þar um.

Samningur er ótímabundinn: Ótímabundnum samningi þarf að segja upp með víðeigandi uppsagnarfresti. Fresturinn er þrír mánuðir ef um leiguherbergi er að ræða en sex mánuðir ef um íbúðarhúsnæði er að ræða. Í undantekningartilvikum er hægt að semja um skemmri uppsagnarfrest á íbúðarhúsnæði, eða þrjá mánuði, en slíkt á aðeins við ef leigusali er fyrirtæki eða félag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Þar undir falla til dæmis félagsbústaðir og stúdentagarðar. Í gegnum tíðina hefur borið á því að í ótímabundnum leigusamningum séu ákvæði um skemmri uppsagnarfrest en tilgreindur er í húsaleigulögum. Þar sem húsaleigulög eru ófrávikjanleg lög þá hafa slík ákvæði ekki gildi gagnvart leigjanda ef skemmri uppsagnarfrestur er honum ekki í hag. Hins vegar er aðilum að sjálf-söguðum frjálst að semja sín á milli í sátt og samlyndi um skemmri frest en tilgreindur er í samningi.



PINNAMATUR

VEISLUR ERU OKKAR LIST!

BJÓÐUM UPPÁ FJÖLDA TEGUNDA PINNAMATS OG TAPASRÉTTA



AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚÐ FYRIR VEISLUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3. 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á HANDUNNIN OG KLÆÐSKERASKORIN KARLMANNSBELTI ÚR HÁGÆÐA LEÐRI. ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á MIKIÐ ÚRVAL AF AXLABÖNDUM.



BELTI FRÁ
5.990 KR.

LEÐURVERKSTÆÐIÐ REYKJAVÍK Á SÉR LANGA SÖGU EN UPPHAF PESS MÁ REKJA ALLT AFTUR TIL ÁRANNA FYRIR SEINNA STRÍÐ. ÁRIÐ 1937 HÓF ÞAÐ STARFSEMI SÍNA AÐ VÍÐIMEL Í REYKJAVÍK EN Í DAG ER ÞAÐ TIL HÚSA MEÐ VERSLUN OG VERKSTÆÐI AÐ SÍÐUMÚLA 33.



AXLARBÖND FRÁ
4.990 KR.



SÍÐUMÚLA 33 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI: 551 6659 / WWW.LVR.IS

Dreymir um lækni- meðferð í Flórída

Herbert missti hreyfigetu og mál eftir heilablóðfall - Lokaðar dyr á Íslandi - Safnar fyrir meðferð í Bandaríkjunum

Audur Ösp Guðmundsdóttir
audur@dv.is



Líf þeirra Herberts Heiðarssonar og Eydísar Hlíðar tók kollsteypu um síðustu jól þegar Herbert fékk heilablóðfall og missti í kjölfarið getuna til að tala og stjórna líkamnum. Herbert hefur fengið hluta af getunni til baka en lífsgæði hans eru engu að síður verulega skert. Ómögulegt er að segja til um hvort Herbert muni jafna sig að fullu en parið bindur vonir við að byltingarkennd lækni meðferð í Bandaríkjunum muni gera honum kleift að endurheimta fyrra líf. Herbert þráir ekkert heitar en að öðlast aftur getuna til að tala og eiga samskipti við fólkið í kringum sig.

Herbert á einnig þrjú börn og eðli málsins samkvæmt hefur þetta tekið mikið á þau, og alla fjölskylduna.

Kynntust fyrir tilviljun

Eydís starfar í ferðaþjónustu en Herbert er lærður bifvélavirki og

hafa þau verið búsett í Hveragerði frá því í ágúst á síðasta ári, en þar hafa þau fest kaup á einbýlishúsi. Áður en lengra er haldið skulum við fara aðeins aftur í tímann, til ársins 2015 þegar leiðir parsins liggja saman.

„Ég var sem sagt í Eurovision-partíi hjá vinkonu minni. Partíið var orðið frekar leiðinlegt og við vorum farin að syngja. „Hey, ég held að strákurinn á efri hæðinni kunni á gítar,“ sagði vinkona mín,“ rifjar Eydis upp. Eydis gerði sér lítið fyrir, bankaði upp á hjá „stráknum sem spilaði á gítar“ og bauð honum að vera með í gleðskapnum. Gítarleikarinn reyndist vera Herbert. „Og hann hefur nú bara ekkert losnað við mig síðan!“ segir Eydis hlæjandi.

Jóladagur

Á jóladag 2018 fór Herbert skyndilega að finna fyrir miklum höfuðverkjum. Maður sem fram að þessu var nánast alheilbrigður og fékk næstum aldrei höfuðverk, að sögn Eydísar.

„Þetta var hræðilega slæmur hausverkur og hann varð bara verri og verri næstu daga.“

Herbert leitaði á heilsugæsluna í Hveragerði þegar þar var opnað á ný, tveimur dögum síðar.

„Ég fór í vinnuna á meðan. Herbert fór gangandi á heilsugæsluna og hringdi í mig á leiðinni, hann hafði þá þurft að stoppa þrisvar sinnum á leiðinni til að hvíla sig. Sjálfur man hann ekkert eftir því að hafa farið þangað.“

Læknir á heilsugæslunni taldi líklegast að höfuðverkurinn væri tengdur vöðvabólgu og leit einnig til þess að Herbert hefur áður þurft á lyfjum að halda vegna of háa blóðþrýstings. Herberti voru því gefin uppáskrifuð þvagræsilyf til að hjálpa til við að lækka blóðþrýsting enn frekar (var nú þegar á lyfjum við honum) og sagt að taka því rólega og láta konuna nudda sig.

„Nokkrum dögum síðar, á gamlársgang, kom ég heim úr vinnunni og Herbert var enn þá með þennan bilaða hausverk. Þá

var liðin heil vika. Við fórum upp á spítala á Selfossi til að athuga hvort það væri nú ekki eitthvað hægt að gera. Aftur fékk hann þessa sömu greiningu, að þetta væri vöðvabólga, fékk einhverja sprautu við verkjunum og var sendur heim með 600 mg af íbúfeni,“ segir Eydis og bætir við að eftir á að hyggja þá hafi Herbert ef til vill ekki verið fullkomlega áttaður þegar hér var komið sögu. „Hann var náttúrulega með heilablóðfall í gangi þarna, og vissi kanski ekkert fullkomlega hvað hann ætti að segja eða hvernig hann ætti að lýsa þessum einkennum.“

Nágrannakonan kom til hjálpar

Gamlársdagur leið án þess að liðan Herberts batnaði nokkuð.

„Við vorum tvö ein heima og ætluðum að reyna að gera eitthvað úr kvöldinu. Ég dröslaði honum með mér á brennu, hann var svo orkulaus að við þurftum að leggjast í grasið. Þetta var orðið virkilega „skerí“. Hann man sjálfur

ekki eftir þessum degi.“

Á brennunni rákust Eydis og Herbert á nágrannakonu sína og eftir að hún hafði heyrt þau lýsa einkennum Herberts: hnakkastífni, sárum höfuðverk og orkuleysi, nefndi hún við þau að hugsanlega gæti verið um heilahimnubólgu að ræða. Eydis segist þá fyrst hafa farið að draga greiningu læknanna í efa. Það vill svo til að Eydis hefur sinnt björgunarsveitarstarfi í gegnum tíðina, og meðal annars fengið þjálfun í því að framkvæma svokallað „stroke test“ á einstaklingum, til að skera úr um hvort viðkomandi sé kominn með blóðtappa. Hún prófaði því að framkvæma slíkt próf á Herberti, sem hann stóðst.

„Hann gat þrátt fyrir allt brosað og lyft báðum handleggjum og talað,“ segir Eydis og bætir við að þrátt fyrir einkennin hafi hún ekki verið sannfærð um að eitthvað alvarlegt væri á ferð. „Ég hef sjálf verið með mígreni og verið alveg rugluð.“



MoReq2

Hagkvæmar lausnir
með áherslu á rekjanleika,
auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

1 SYSTEMS
One®
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is





Ordinn ruglaður og illa áttaður

Ástandið á Herberti fór hrífversnandi næstu daga, hann varð sífellt ruglaðri og vankaðri. Þann 7. janúar var hann farinn að detta til hliðar og gat ekki staðið stöðugur. Á þessum tímapunkti var Eydís hætt að lítast á blikuna. „Hann náði rétt svo að ganga út í bíl.“

Þau ruku undir eins á sjúkrahúsið á Selfossi, sem er í rúmlega tíu mínútna akstursfjarlægð frá heimili þeirra. Þegar þangað var komið var Herbert orðinn máttlaus í hægri fætinum og þurfti að rúlla honum inn í hjólastól. Eydís segir að á þessum tímapunkti hafi læknað loksins átt sig á alvarleika stöðunnar.

„Einn læknir spurði mig hvort Herbert væri búinn að vera líkur sjálfum sér upp á síðkastið og ég svaraði að hann væri svo sannarlega ekki búinn að vera það, enda búinn að vera ruglaður og illa áttaður. Hann var sjálfur engan veginn meðvitaður um stöðuna á sjálfum sér.“

Eftir að hafa verið settur í heilaskanna kom í ljós að Herbert hafði fengið heilablæðingu. „Þetta var sem sagt æðagúll sem byrjaði að leka. Það eru víst eitt-hvað um tíu prósent mannkyns sem eru með þannig. En það bara kemur ekki í ljós hjá megninu af fólki fyrr en einmitt eitt-hvað svona gerist, eða ef það þarf að mynda heilann út af einhverju öðru,“ útskýrir Eydís og hefur það eftir lækni á LSH.

Níu manna læknameymi

Leiðin lá beint á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi og var Herbert lagður inn á gjörgæslu. Daginn eftir tók við aðgerð með þræðingu í gegnum nára. Nál er þá stungið í slagæð og holleggur þræddur upp að svæðinu þar sem tappinn situr. Aðgerðin átti þó eftir að vinda upp á sig. Eydís og föður Herberts var tjáð að aðgerðin myndi taka allt frá tvo upp í átta tíma. Fjórum klukkustundum síðar stóð aðgerðin enn yfir. Eydís og tengdafaðir hennar gátu lítið gert nema að bíða í óvissunni. Að lokum mætti til þeirra níu manna læknameymi.

„Þar sem að það leið svo langur tími þar til hann fékk greininguna, þá hafði blóðtappi byrjað að myndast í heilanum. Blóðtappinn splundraðist í marga minni tappa sem fóru út um allan líkamann. Það þurfti að elta þá uppi og sjúga þá burt.“

Í ljós kom að æðagúllinn var tvöfaldur og líklega með tvo blæðingarstaði og náðu lækna

að loka öðrum þeirra. Hinum var lokað í aðgerð nokkrum mánuðum síðar. Herbert vaknaði strax eftir aðgerðina, ófær um að tala og hreyfa sig eða þekkja þá sem voru í kringum hann. Tveimur vikum síðar var hann síðan fluttur á almenna heila- og taugadeild.

„Þá var hann farinn að ná áttum, farinn að geta sagt „já“ og „nei“ og var farinn að þekkja okkur aftur. Hann var þá líka kominn með mátt í aðra hendina..“

Lærði að tala og ganga upp á nýtt

Næsta hálfa árið tók við stíf endurhæfing, fyrst um sinn á Grensásdeild. Herbert þurfti að læra að ganga og tala upp á nýtt og fékk meðal annars hjálp frá sjúkraþjálfara og talmeinafræðingi. „Hann var ótrúlega fljótur að ná að standa í fæturna og ganga óstuddur,“ segir Eydís. Herbert kom alfarið heim í júlí og sækir nú tíma hjá sjúkraþjálfara og talþjálfara og er byrjaður í starfsendurhæfingu hjá Virk. „Þetta er svona allt í áttina, hann þarf ekki lengur að vera í prógrammi allan sólarhringinn.“

Framtíðin óljós

En það er enn þá töluvert í land. Lífsgæði Herberts eru enn þá verulega skert. Það er þungur biti að kyngja fyrir ungan mann í blóma lífsins. Herbert getur ekki spilað á hljóðfærin sín, trommurnar sínar og gítarinn, en tónlistin er ein af helstu ástríðum í lífi hans. Þá getur hann ekki heldur sinnt vinnu.

„Hann hefur endurheimt hluta af málinu, en talar hægt og hikandi og á erfitt með tjáskipti. Skammtímaminnið er heldur ekki komið alveg til baka og hægri höndin er enn þá alveg lömuð. Hann hefur mjög lítið þol og er enn þá svolítið illa áttaður og ringlaður.“

Lækna hafa tjáð Herberti og Eydís að ekki sé hægt að ábyrgjast að hann nái sér að fullu en það eina í stöðunni sé að halda endurhæfingu áfram í von um frekari bata. „Það er erfitt að segja til um framhaldið. Þetta er svo einstaklingsbundið. Hugsanlega mun hann sýna framfarir, en hann gæti líka verið nákvæmlega eins og hann er núna, alltaf. Það er talað um að mesti batinn komi fram á fyrstu þremur mánuðunum. Þessir þrír mánuðir eru auðvitað löngu liðnir núna. Hann hefur verið að staðna töluvert, og undanfarið hefur lítið breyst. Hann er allur að styrkjast en hreyfigetan hefur lítið aukist.“

Byltingarkennd ný meðferð

Fyrir nokkrum mánuðum las Herbert grein um íslenska stúlku sem hafði fengið heilablóðfall og seinna gengist undir lækni meðferð við Institute of Neurological Recovery (INR) í Flórída. Meðferðin gengur út á það að lyfi er sprautað inn í mænugöngin og látið renna með blóðrásinni upp í heila. Það mun draga verulega eða alveg úr bólgu í heilanum og taugavefjum.

„Þetta lyf sem er notað er reyndar búið að vera til í mörg ár, en það hefur verið notað við gigt, til að draga úr einkennum gigtar. Það sem er byltingarkennt við þessa meðferð er að þetta lyf er notað á allt annan hátt, með því að sprauta því inn í mænugöngin. Lyfið endurvekur heilafrumurnar sem eru í dvala og dregur úr bólgu og spasma. Fólk endurheimtir málið og í sumum tilfellum fær það hreyfigetuna til baka,“ útskýrir Eydís en hægt er að kynna sér meðferðina nánar á vef stofnunarinnar.

Í kjölfar þess að hafa lesið um reynslu íslensku stúlkunnar fór Herbert á stúfana og aflaði sér frekari upplýsinga á netinu. Hann fann meðal annars mynd-



bönd þar sem tekin voru viðtöl við einstaklinga sem gengist hafa undir meðferðina og náð undra-verðum árangri. Eftir það var ekki aftur snúið. „Hann bara grét. Þarna fékk hann vonina um að geta talað aftur,“ segir Eydís. Hún segir öruggt að meðferðin muni skila árangri, en að hve miklu leyti sé þó óljóst. „Hann gæti farið að tala að fullu aftur. Og það væri geggaður bónus ef hann myndi fá máttinn í höndina aftur.“

„Ég vil koma aftur, og spila kannski á gítar,“ skýtur Herbert inn í, sem hingað til hefur setið og hlustað á samræður Eyðisar og blaðamanns.

Himinhár kostnaður

Herbert og Eydís fengu símtal frá INR á dögunum og var þeim tjáð að Herbert væri gjaldgengur í svokallað greiningarviðtal. Ef allt gengur að óskum í því viðtali mun hann fá vilyrði til að gangast undir meðferðina sjálfa. Greiningarviðtalið eitt og sér kostar 1.000 dollara, rúmlega 130 þúsund krónur. Meðferðin sjálf kostar rúmlega 8 þúsund dollara. Þá bætist við ferðakostnaður og uppihald og gerir Eydís ráð fyrir að heildarupphæðin sé í kringum 12 þúsund dollarar. Rúmlega ein og hálf milljón íslenskra króna. Eydís og Herbert eru því óviss um hvort eða hvernig þeim muni

takast að fjármagna meðferðina. Tekjutap í kjölfar veikindanna undanfarna mánuði hjálpar ekki til. „Þetta er alveg búið að vera talsvert hark fjárhagslega,“ segir Eydís en hún hefur meðal annars tekið að sér aukavinnu við skúr-ingar til að brúa bilið.

„Því miður er það þannig að íslenska tryggingakerfið og lækna-stéttin tekur ekkert þátt í þessu, þar sem þetta flokkast í raun undir tilraunameðferð. Það er engu að síður öruggt að meðferðin mun virka,“ segir Eydís og bendir á að meðferðin sé viðurkennd í Ástralíu þar sem mörg hundruð manns hafa nýtt sér hana, og undantekningarlaust hlotið bata. Við aðstæður sem þessar er skiljanlegt að fólk sé tilbúið að leita allra leiða til að fá lækningu.

„Þetta er kanski svolítið klikkun en þarna er von. Ef við gætum bara útvegað hluta af þessari upphæð þá væri þá ómetanlegt.“

Á heimasíðu GoGetFunding hefur verið hrundið af stað fjáröflun svo hægt sé að láta draum Herberts verða að veruleika. Þeir sem vilja styðja Eydís og Herbert með frjálsum fjárframlögum er bent á eftirfarandi slóð: <https://gogetfunding.com/herbert-stroke-therapy-not-available-in-iceland/>.

Haustvörurnar eru komnar

gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun
www.gaeludyr.is

HEIMILISLEYSI Á ÍSLANDI

■ 95% fleiri heimilislausir árið 2017 en 2012 ■ Brýn þörf á úrræðum
■ Færri komast að í næturgistingu en vilja

Erla Dóra
erladora@dv.is



Heimilislausum á Íslandi hefur fjölgað mikið undanfarin ár. Frá mælingu sem gerð var árið 2012 fram að mælingu sem gerð var 2017 hafði heimilislausum fjölgað um 95 prósent. Ljóst er að brýn þörf er á að fast verði tekið á málaflokknum.

Árið 2017 voru 349 einstaklingar skráðir heimilislausir og/eða utangarðs í Reykjavík, það ár var gerð skýrsla Velferðarsviðs Reykjavíkur um hagi heimilislausra í borginni. Af þessum 349 bjuggu 153 við ótryggar aðstæður, 118 gistu í gistiskýli og 76 sögðust hafast við á götunni að einhverju leyti.

Umboðsmanni Alþingis barst fjöldi kvartana

Umboðsmaður Alþingis hóf frumkvæðisathugun á síðasta ári vegna húsnæðisvanda heimilislausra á Íslandi, einkum þeirra sem glíma við fjölþættan vanda. Tílefni athugunarinnar var mikill fjöldi kvartana sem umboðsmanni höfðu borist vegna málaflokksins. Niðurstaða umboðsmanns var sú að á Íslandi væri til staðar almennur og viðvarandi vandi í tengslum við húsnæðismál utangarðsfólks og einstaklinga með fjölþættan vanda. Málsmeðferðartími í málaflokknum væri ekki í samræmi við meginreglur stjórn-sýsluréttar og úrræði ekki næg.

Umboðsmaður beindi þeim fyrirhæltum til stjórnvalda að ráðast eins fljótt og auðið væri í ráðstafanir til að bæta úr framboði húsnæðisúrræða og málsmeðferðartíma umsókna. Í niðurstöðukafla álits síns segir umboðsmaður um þá sem til hans höfðu leitað: „Þetta hafa bæði verið einstaklingar í þessari

Umboðsmaður Alþingis



stöðu og aðstandendur þeirra og vinir. Í ýmsum tilvikum hafa þessir einstaklingar beðið í mörg ár, jafnvel lengur en áratug, eftir að komast í varanlegt húsnæði þótt sveitarfélagið hafi fallist á umsóknir þeirra. Virk neysla áfengis og/eða vímuefna hefur þá staðið í vegi fyrir því að þeir hafi í raun komið til greina við úthlutun á hefðbundnu félagslegu leiguhúsnæði þótt þess hafi ekki séð stað í reglum um úthlutun á slíku húsnæði.“

„Það hefur vakið athygli mína að fjölgun í hópi þeirra sem leita að hafa til umboðsmanns Alþingis vegna þessara mála allra síðustu ár er ekki síst vegna ungra einstaklinga sem stríða í senn við vanda vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu og geðraskana, stundum samhliða líkamlegri fötlun.“

Við erum gleymdir hér og óttumst framtíðina

DV hefur undanfarið fjallað nokkuð um málefni heimilislausra og þær aðstæður sem þeir búa við. Hafa þar bæði heimilislausir og starfsmenn úrræða fyrir heimilislausu greint frá óviðunandi aðstæðum.

Svanur Elíasson bjó í tjaldi í Laugardal þar til hann fékk inni

David Ingvi Þorsteinsson og Steinar Stefánsson.



í húsnæði í Víðinesi. Hann tók á móti blaðamanni DV í apríl og greindi frá því að erfitt væri að velkjast um í óvissu varðandi framtíðina. „Við erum gleymdir hér og óttumst framtíðina.“ Þá var óvíst hvort að íbúar á Víðinesi fengju að vera þar til lengri tíma þar sem aðeins átti að vera um neyðarúrræði borgarinnar að ræða. Nú hins vegar ætti óvissan að vera minni þar sem Reykjavíkurborg stefnir á að koma þar á



Gistiskýlið Lindargötu.



MYND: HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Steinar Stefánsson.

fót áfangaheimili fyrir þá sem eru að koma úr áfengis- eða vímuefnaneyslu. Hins vegar eru það slæmar fréttir fyrir þá sem hafast við í Víðinesi og eru í virkri áfengis- eða vímuefnaneyslu og ekki í samræmi við þá hugmyndafræði sem best hefur þótt reynast í málefnum utangarðsmanna, húsnæði fyrst (e. housing- first). Undanfarið heur verið unnið að því að koma íbúum Víðiness í önnur úrræði, en enn þurfa þó

nokkrir að bíða.

Í júní stigu í DV fram tveir heimilislausir karlmenn sem sögðust ákaflega þreyttir á hlutskipti sínu. Höfðu þeir báðir verið heimilislausir í fjölda ára og vildu báðir komast í varanlegt húsnæði.

„Ég vil bara húsnæði fyrir þennan mann hérna, húsnæði fyrir þennan og húsnæði fyrir okkur alla, Hvað er ég að gera hérna? 20 ár á götunni! Hús-



EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500





MYND: HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Svanur Elfsson.

Hvað er ég að gera hérna? 20 ár á götunni!

næði er fokking málið og ef að Íslendingar geta ekki reddað því núna skilurðu, þá kveiki ég í fokking Alþingishúsinu og sit inni fyrir það glaður,“ sagði Davíð Ingi Þorsteinsson, heimilislaus áratugum saman og greinilega kominn með meira en nóg af úrræðaleysinu.

Í júní ræddi DV við Stefán Stefánsson, sem er bundinn við hjólastól vegna MS-sjúkdómsins. Hann sagði að það að þurfa að leita til Gistiskýlisins væri líkt og að fara í fangelsi, þar væri ekkert frelsi.

„Það er litið á mann sem þriðja flokks manneskju og allt ákveðið fyrir mann. Núna skaltu vakna, núna skaltu borða, núna skaltu sofa.“ Hann þurfti að biða í röð til að freista þess að fá inni í skýlinu. Hann sagðist engan forgang fá vegna fötlunar sinnar og veikinda. Þeir sem ekki fengu inni í skýlinu yrðu að redda sér með öðrum leiðum, svo sem með því að sofa í upphituðum bílastæðahúsum. Stefán hafði, þegar hann ræddi við DV, verið á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá bæði borginni og Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins, í níu mánuði.

Starfsmaður í gistiskýlinu við Lindargötu greindi DV frá því í vor að ófremdarástand væri í skýlinu og óviðunandi vinnuáðstæður þar sem þar væri blandað saman heimilislásum í neyslu og þeim sem ekki eru í neyslu. Slík staða væri ekki mönnum bjóðandi. Sprautufíklar og alkóhólistar ættu hreinlega ekki saman í slíkum aðstæðum. Alkóhólistarnir kæmu þangað til að nýta sér gistingu á meðan sprautufíklar kæmu til að nýta aðstöðuna sem neyslurými.

Nærumhverfið mótmælir

Borgarráð samþykkti í nóvember kaup á húsnæði við Grandagarð til að nota sem gistiskýli fyrir unga heimilisláusa karlmenn í verulegum vímuefnavanda. Kaupin eru liður í þeim úrbótum sem borgin er að ráðast í í málefnum heimilisláusra. Í maí var greint frá því

að nokkrir fasteignaeigendur á Granda hafi kært starfræksluna til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ljóst sé að starfseminni muni fylgja félagsleg vandamál sem muni hafa neikvæð áhrif á blómlegan fyrirtækjarekstur á svæðinu.

Í ágúst greindi DV frá því að íbúar á Njálsgötu, þar sem bæði er að finna félagslegt húsnæði og heimili fyrir heimilisláusa, væru uggandi yfir starfseminni. Einkum hefur verið gagnrýnt að slík starfsemi og úrræði séu í boði þar sem einnig er rekinn leikskóli. Þegar húsnæðið fyrir heimilisláusa að Njálsgötu 74 var tekið í notkun árið 2007 mótmæltu íbúar harðlega og töldu staðsetninguna út í hött.

Ljóst er að mikil þörf er á auknum úrræðum fyrir heimilisláusa. Hins vegar virðist samfélagið að einhverju leyti ekki taka slíkum fyrirætlunum opnum örnum.

Hvert geta heimilisláusir leitað?

Alls 349 einstaklingar hið minnsta eru heimilisláusir á Íslandi. Athuga ber þó að sú tala er frá árinu 2017 og í ljósi þeirrar miklu aukningar sem átti sér stað frá árinu 2012 má telja að þessi tala sé í dag nokkuð hærri. Í Gistiskýlinu á Lindargötu er gistirými fyrir 25 karlmenn. Í Konukoti er rými fyrir átta konur auk neyðarrýmis. Á Miklubraut er að finna heimili fyrir allt að átta karla í vímuefnavanda, annað slíkt heimili er á Njálsgötu þar sem einnig eru átta rými. Á Hringbraut eru 11 íbúðir, þar af fimm fyrir konur. Þetta eru rýmin sem eru í boði fyrir þá sem eru í áfengis- eða vímuefnaneyslu. Önnur 87 pláss eru tiltæk fyrir einstaklinga sem hafa lokið meðferð. Samkvæmt kortlagningu Reykjavíkurborgar frá árinu 2017 um aðstæður heimilisláusra hafa flestir úr hópnum verið utangarðs og/eða heimilisláusir lengur en í tvö ár og neyta flestir áfengis og/eða annarra vímuefna að staðaldri. Því er ljóst



MYND: HANNA ANDRÉSDÓTTIR

Víðines

Það er litið á mann sem þriðja flokks manneskju

af þessum tölum að töluverður fjöldi heimilisláusra hefur ekki möguleika á næturstað miðað við þau úrræði sem í boði eru í dag.

Aðsóknin í gistiskýlin er mikil. Fyrir utan gistiskýlið á Lindargötu standa menn í röð eftir þeim 25 plássum sem í boði eru. Tugir komast ekki að og þurfa að hverfa frá. „Aðsóknin á gistingu í Gistiskýlinu er mjög mikil en skýlið er það eina sinnar tegundar á Íslandi og ekkert annað sveitarfélag rekur slíka starfsemi. Vegna aðsóknarinnar var fleiri dýnum bætt við tímabundið en unnið er að standsetningu á öðru neyðarskýli og verður það vonandi tilbúið til notkunar í haust,“ sagði Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstjóri þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða í samtali við DV í júní.

Önnur úrræði

Öll spjót beinast nú að ríki og sveitarfélögum, aðallega Reykjavíkurborg. Viss aðgerðaráæt-

un hefur verið sett sem miðar að úrbótum í málaflokknum á komandi árum. Hins vegar, líkt og með aðrar aðgerðaráætlanir stjórnvalda, er gert ráð fyrir að úrbæturnar komi til framkvæmda í skrefum yfir næstu fimm árin. Nú er að kólna mikið í veðri og ljóst að ekki allir hafa í hús að venda og eru neyddir til að vera á götunni. Minningarsjóðurinn Öruggt skjól tekur við fatagjöfum á sérstökum minningarvegg í Mæðragarðinum í Lækjargötu í Reykjavík. Þar geta aflögufærir skilið eftir fatnað en einnig matvöru og annað nýtilegt. Öruggt skjól hefur það þó að langtímamarkmiði að vinna að varanlegum úrræðum á vanda heimilisláusra og hefur staðið fyrir hátíðarmatarboðum fyrir heimilisláusa og minningartónleikum svo eitthvað sé nefnt. Sjóðurinn var stofnaður í minningu Þorbjörns Hauks Liljarssonar, sem lést á götunni. Móðir hans, Guðrún Hauksdóttir Schmidt, stofnaði sjóðinn.

Rauði krossinn vinnur einnig mikilvægt skaðaminnkunarstarf með verkefninu Frú Ragnheiði sem starfrækir sérútbúinn bíl sem sjálfbóðaliðar aka um borgina og veita skaðaminnkandi heilbrigðisaðstoð, nálaskiptaþjónustu en einnig aðra nauðsynlega þjónustu á borð við félagslegan stuðning, fatnað, mat og drykk og svona mætti áfram telja.

Samhjálp rekur kaffistofu fyrir utangarðsmenn í Borgartúni. Þar geta heimilisláusir hafst við yfir daginn og fengið heita máltíð í hádeginu og morgunkaffi.

Langt í land

Flestir heimilisláusra hafast við í Reykjavík. Borgin hefur nú sett sér stefnu í málaflokknum til ársins 2025. Yfirmarkmið stefnunnar er að enginn neyðist til að sofa úti. Í ljósi takmarkaðra úrræða sem í boði eru í dag er ljóst að nokkuð langt er í land áður en því markmiði verður náð og nokkuð langur tími er til ársins 2025. ■

REYKJAVÍK RAINCOATS

REYKJAVÍK RAINCOATS
LAUGAVEGUR 62, 101 RVK
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177

Karlar eiga að stjórna

■ Konur í kvikmyndum eru fyrir karla að glápa á samkvæmt nýrri rannsókn
■ Konur oftast hlutgerðar og naktar

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Ó nákvæm og kynferðislega hlaðin mynd er dregin upp af konum og stelpum í stjórnunarstöðum í kvikmyndum um allan heim samkvæmt nýrri rannsókn sem kom út í vikunni. Rannsóknin er samstarfsverkefni bresku mannúðarstofnunarinnar Plan International og Geena Davis Institute on Gender in Media, sem leikkonan Geena Davis stofnaði árið 2004. Rannsóknin heitir á frummálinu Rewrite her story: How film and media stereotypes affect the lives and leadership ambitions of girls and young women, eða Endurskrifum sögu hennar: Hvernig staðalímyndir í kvikmyndum og fjölmiðlum hafa áhrif á líf og metnað kvenna og stúlkna fyrir stjórnunarstöðum.

56 myndir – 20 lönd

Við gerð rannsóknarinnar voru 56 vinsælustu myndir ársins 2018 í tuttugu löndum settar í gegnum sérstakt töl sem notar andlits- og talgreiningarhugbúnað til að kanna hvernig konur eru sýndar í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Þessar 56 kvikmyndir komu til að mynda frá Bandaríkjunum, Kanada, Indlandi, Japan, Þýskalandi og Senegal.

Niðurstöður sýna að konur í stjórnunarstöðum eru oftast túlkaðar sem kynverur en karlar í stjórnunarstöðu. Þá er líklegra að þessar konur fækki fötum í kvikmyndum fremur en karlar. Hugtakið „male gaze“, eða „karlagláp“, kemur oft fyrir í rannsókninni, en það táknar að konur eru oft sýndar í kvikmyndum með þann einn tilgang að karlkyns áhorfendur glápi á þær.

„Vinsælustu myndirnar okkar senda þau skilaboð að karlar eigi að stjórna. Kvenkyns leiðtogar eru fyrir karla að glápa á og stjórna í raun engu,“ stendur til að mynda í niðurstöðum rannsóknarinnar. Niðurstöður sýna enn fremur að konurnar í þess-

um myndum voru næstum því fjórum sinnum líklegri til að vera hlutgerðar, til dæmis með því að myndavélin einblínir í hæga-gangi (e. slow motion) á líkama þeirra, og fimm sinnum líklegri til að vera áreittar samanborið við karlmennina í sömu myndum.

Heimur sem stýrt er af karlmönnum

Þeir sem standa að rannsókninni stinga upp á ýmsum leiðum til að rétta hlut kvenna í kvikmyndum. Þar ber hæst að ráða fleira kvenkyns kvikmyndagerðarfólk og hylla verk þess.

„Þessar kvikmyndir sýna heim sem er stýrt af karlmönnum, fyrir karlmenn,“ stendur í niður-

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar

- **30%** kvenkyns stjórnendur voru í efnislitlum fötum
- **7%** karlkyns stjórnendur voru í efnislitlum fötum
- **15%** kvenna voru naktar að hluta í myndunum
- **8%** karla voru naktir að hluta í myndunum
- **2%** kvenna voru allsnaktar í myndunum
- **0,5%** karla voru allsnaktir í myndunum

stöðum rannsóknarinnar og bent á kynjahlutfallið á bak við töldin við gerð þessara 56 kvikmynda. Ekki einni var leikstýrt af konu, fjórðungur þeirra var með að minnsta kosti einn kvenkyns framleiðanda og ein af tíu kvikmyndum var með að minnsta kosti eina konu í handritsgerðarteyminu.

Niðurstöðurnar eru svipaðar og í öðrum rannsóknum sem hafa verið gerðar síðustu ár um hlut kvenna í kvikmyndaiðnaðinum í Hollywood. Iðnaðurinn hefur hins vegar tekið nokkrum breytingum síðustu misseri, þökk sé að hluta MeToo-hreyfingunni, og er til dæmis hægt að horfa til kvikmyndarinnar Hustlers í þessu sam-

hengi og Netflix-seríunnar Unbelievable. Hustlers er skrifuð og leikstýrt af konu og með konum í aðal-



Átti að marka tímamót Susan Sarandon og Geena Davis léku Thelmu og Louise.



Nýtt stef í Hustlers eru konurnar sýndar sem þrívíddar-karakterar en ekki aðeins einblínt á líkama þeirra.

hlutverki. Þó að myndin fjalli um fatafellur eru líkamar kvennanna ekki sýndir á þann hátt sem myndi flokkast undir „karlagláp“. Í Unbelievable er síðan fylgst með rannsókn á kynferðisafbrotamálum þar sem einblínt er á konurnar á bak við frásagnirnar án þess að sýna nauðganir sem spennandi eða heillandi.

Ekkert gerst á 25 árum

Leikkonan Geena Davis segir í samtali við The Guardian að þessi nýja rannsókn sé á vissan hátt mikil vonbrigði.

„Kenning mín er að við höfum ekki nógu mikið af fyrirmyndum og konum í mikilvægum stöðum í raunveruleikanum til að hvetja til breytinga, þannig að við þurfum að búa þær til. Ég trúði því að viðbrögðin við Thelma and Louise myndu breyta öllu og það yrðu miklu fleiri konur í aðalhlutverkum í kvikmyndum. Ég var hæstánægð með það,“ segir Geena, en Thelma and Louise var frumsýnd árið 1991. „Fjölmiðlar boðuðu það líka með næstu mynd sem ég gerði þar á eftir, sem var A League of Their Own – núna yrðu sko breytingar. Síðustu 25 árin hafa margar myndir komið út og fólk hefur sagt: Þetta á eftir að breyta öllu. En ekkert gerist. Það eru ótrúlega mikil vonbrigði hvað við erum komin stutt á leið.“

Raunveruleikinn smitar

Í rannsókninni var einnig talað við konur og stúlkur á aldrinum 15 til 25 ára í þessum tuttugu löndum og þær spurðar hvernig þeim fyndist konur vera túlkaðar í kvikmyndum, sjónvarpsþáttum

Magnaðir þættirnir Unbelievable á Netflix hafa hreyft við mörgum.



og auglýsingum. Margar töluðu um að konur væru oft aukaatriði eða einungis á skjánum fyrir karla til að verða ástfangnir af.

„Þótt mig langaði að verða leiðtogi þá mun ég ekki gera það því mér finnst það bara vera fyrir karlmenn, ekki konur. Það hefur áhrif á mig. Ég þarf að halla mér aftur og sjá menn gera það þótt ég viti að ég geti það líka,“ sagði til að mynda 22 ára kona frá Uganda. Átján ára kona frá Kanada sagði að við værum í raun föst í vítahring.

„Konur eru ekki í æðstu leiðtogastöðum og við sjáum jafnvel mun færri konur en karla í stjórnmálum. Ég held að það smiti út frá sér í dægurmálamenninguna.“

Geena Davis segir í fyrirnefndu viðtali við The Guardian að hún finni fyrir alvöru breytingu núna, sérstaklega í ljósi hreyfinganna MeToo og Time's Up.

„Mér finnst að auðveldasta leiðin til að breyta menningunni sé í gegnum skjáinn. Og ef það gerist þar, þá gerist það í raunveruleikanum.“ ■

Vonar það besta Geena Davis segist skynja breytingu í dag. Mynd: Getty Images



Gæði

11. október 2019

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



Ertu á leiðinni í frí?

GEYMDU BÍLINN HJÁ OKKUR

KEYRUM OG SÆKJUM Á VÖLLINN

Bókaðu á netinu www.carpark.is
eða í síma 588-9999

BÍLASTÆÐI | ÞVOTTUR | BÓN | SMURNING | BILANAGREINING | RAFHLEÐSLA | FRAMRÚÐUSKIPTI OFL.

CarPark
KEFLAVÍK AIRPORT

KEF CAR PARK:

Einfalt, ódýrt og þægilegt!

Við hjá carpark.is bjóðum upp á ódýr bílastæði ásamt ýmiss konar bílaþjónustu á meðan bíllinn er hjá okkur. Meðal þess sem við bjóðum upp á er bílaþvottur, bón, smurning, bilanagreining, rafhleðsla, framrúðuskipti og margt fleira. Við erum staðsett við Keflavíkurflugvöll eða í u.þ.b. 5 mínútna

akstursfjarlægð frá anddyri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Við erum á vakt allan sólarhringinn þannig að þú mætir með bílinn þegar þér hentar og við keyrum þig á skutlunni okkar á völinn.

Þegar komið er í gegnum tollinn þá hringið þið einfaldlega í okkur í síma 588-9999 og við hittum ykkur brottfararmegin í flugstöðinni.

Þaðan keyrum við þig svo beint í bilinn! Einfalt, ódýrt og þægilegt!

Bílarir eru geymdir á bílastæði við gistiheimilið KEF Guesthouse. Svæðið er vaktað með myndbandsupptöku og það er manneskja á vakt/á staðnum allan sólarhringinn.

Við erum norðanmegin Reykjanesbrautar, neðan við annað

hringtorg (hringtorg 2) eftir að ekið er inn í bæinn frá Reykjavík. Heimilisfangið er Grénásvegur 10, 230 Reykjanesbær og því má einnig slá inn á Google Maps með góðum árangri.

Hægt er að bóka stæði á vefsíðu okkar www.carpark.is, í síma 588-9999, nú eða bara mæta á staðinn.



KEF CAR PARK

Ertu á leiðinni í frí?

GEYMDU BÍLINN HJÁ OKKUR

KEYRUM OG SÆKJUM Á VÖLLINN

BÍLASTÆÐI | ÞVOTTUR | BÓN | SMURNING | BILANAGREINING | RAFHLEÐSLA | FRAMRÚÐUSKIPTI OFL.

Bókaðu á netinu www.carpark.is eða í síma 588-9999



Komdu í besta form lífs þíns með einkapjálfarann í snjallsímanum!

Ég æfði með Amöndu í heilt ár og náði besta tímabili í líkamsrækt sem ég hef átt. Ég sá breytingar jafnt og þétt allan tímann strax frá fyrsta mánuði og fram að síðustu æfingunni. Ég myndi mæla með henni fyrir alla sem halda að þeir njóti þess ekki að fara í ræktina, þar sem hún hvatti mig ekki bara áfram heldur sneri hatri mínu á ræktinni í það að njóta þess að fara á æfingar og stunda líkamsrækt.“ – Guðmundur Gunnar Garðarsson.

„Ég er ótrúlega ánægð með fjarþjálfunina hjá Amöndu. Æfingarnar eru mjög krefjandi og ég er sífellt að fara út fyrir þægindarammann minn sem er einmitt það sem ég þurfti. Appið sem hún notar er líka frábært og hún er dugleg að senda manni og athuga hvernig gengur. Ég mæli hiklaust með henni!“ – Sara Petra

„Eftir margra ára kyrrsetulíf og nokkrar misheppnaðar tilraunir til virkari lífsstíls, reyndist það einmitt slíkt gæfuspor fyrir mig að fara í einkapjálfun til Amöndu. Hún býr ekki einungis yfir yfirgripsmikilli þekkingu og reynslu af þjálfun og keppni, heldur er hún líka sérstaklega viðkunnaðleg manneskja og einstök fyrirmynd. Með vel útfærðu hlaupa- og styrktarþrógrammi hefur hún vísað mér veginn að betra lífi. 10 mánuðum og 25 töpuðum kílóum síðar (án megrunarkúrs), er ég í einu besta líkamlega formi lífs míns, hleyp hálfmarapon og aðrar vegalengdir á betri tíma en þegar ég var ungur maður, og lífi bæði virkum og heilbrigðum lífsstíl. Ég kann ákaflega vel við þennan „nýja mig“ og ætla að leyfa honum að njóta sín áfram um ókomna tíð. Takk fyrir mig, Amanda, ég hefði ekki getað gert þetta án þín!“ – Yngvi Björnsson

Komdu þér í form hvar sem er Það hentar ekki öllum að mæta á fyrirfram ákveðnum tíma í ræktina og hafa einkapjálfarann standandi yfir sér á meðan þeir svitna og púla. Margir vilja miklu frekar fá prógramm í símann þar sem þeir geta hreyft sig á sínum forsendum og á sínum tíma. Auk þess hentar ræktarumhverfið ekki öllum og margir vilja gera æfingarnar heima hjá sér eða úti. Fitlife er hugarfóstur Amöndu Marie Ágústsdóttur sem hefur starfað sem þjálfari í sjö ár og einkapjálfari í fjögur ár. „Ég vinn sem einkapjálfari hjá World Class og Fitlife er framlenging á því starfi. Mér fannst tilvalið að bjóða upp á þessa þjónustu til þess að geta hjálpað sem flestum,“ segir Amanda.

Vill alltaf veita topp þjónustu „Markmið mitt er ávallt að viðskiptavinurinn nái sínu markmiði og það er það besta sem ég veit þegar það gerist. Margir hafa neikvæðar tilfinningar gagnvart ræktinni eða hreyfingu en ég vil hjálpa fólki að mynda heilbriggt samband við æfingar og mat. Það er ómetanleg tilfinning að kenna fólki að njóta þess að hreyfa sig. Ég varast líka að taka við fleirum en ég hef tök á, því ég vil alltaf geta boðið upp á topp þjónustu.“

Amanda er stjórnun prýddur einkapjálfari með gífurlega reynslu, bæði af því að þjálfja sjálf og þjálfja aðra. Einkapjálfarannám hjá NASM, þjálfararéttindi hjá IRONMAN og fyrsta stig sem þríþrautarþjálfari hjá International Triathlon Union. Amdanda hefur alltaf verið í keppnisíþróttum og í dag keppir hún í þríþraut. Hvort sem þú vilt styrkjast, bæta úthald eða lækka fituprósentuna þá veit Amanda hvað þarf til að ná árangri.

Fitlife: Snjöll leið til að ná markmiðunum

Ferlið er sáræinfalt, enda á það að vera einfalt og skemmtilegt að koma sér í form.

„Fitlife byggist á snjallforriti fyrir iPhone- og Android-síma, þar sem þú færð sérsniðið prógramm með æfingaplani og matarplani. Ef þig vantar aðstoð við æfingarnar, ráðleggingar eða hvatningu þá nærðu alltaf í mig í gegnum skilaboð, hvort sem er í tölvunni eða símanum.“

1. Þú skráir þig hjá Fitlife og hleður niður Fitlife-snjallforritinu.
2. Þú svarar spurningalista og út frá þínum svörum sniður Amanda persónulegt æfingaplan fyrir þig. Einnig færðu sérsniðið matarplan.
3. Þú byrjar að hreyfa þig og getur fylgst með árangrinum í snjallforritinu.

Snjallforritið inniheldur myndbönd sem kenna nákvæmlega hvernig á að gera hverja æfingu fyrir sig. Þú skráir niður árangur og framfarir í appið. Einnig geturðu hlaðið inn myndum til að fylgjast með árangrinum. Í forritinu er matarplan samsett af næringarfræðingi sem hjálpar þér að halda utan um mataræðið. Matarplönin eru brotin upp í „macros“. Hægt að hafa plönin keto, vegan, vegetarian, holistic, gluten free, low glycemic, no lactose, balanced og fleiri útgáfur. Fitlife mætir þér þar sem þú ert og hentar þeim markmiðum sem þú vilt setja þér.

„Einkapjálfun er alltaf persónubundin. Hvort sem hún gerist á staðnum eða í gegnum símann byggist hún alltaf á



sambandinu við viðskiptavininn og því að hvetja hann í áttina að sínum markmiðum,“ segir Amanda. Það er afar misjafnt hve lengi viðskiptavinir stoppa hjá Amöndu og Fitlife en langflestir eiga það sameiginlegt að hafa náð þeim árangri sem þeir ætluðu sér. „Þónokkrir hafa verið hjá mér alveg frá því ég byrjaði að þjálfja. Einnig koma sumir í 1–3 mánuði rétt til þess að koma sér af stað í ræktinni eða ná tímabundnum markmiðum. Margir koma svo aftur til mín til þess að ná enn betri árangri.“

Nánari upplýsingar á fitlife.is
Fylgstu með á Facebook: FitLife
Einkapjálfun – Amanda Marie
Instagram: Amanda m agustsdottir



Myndir: Eyþór Árnason

ENDINGARGÓÐIR SKÓR –

Vistvænn kostur fyrir umhverfið

Pað má fullyrða að Halldór Guðbjörnsson hafi valið sér ævistarf til frambúðar þegar hann fór að læra skóviðgerðir, aðeins sextán ára gamall. „Ég hef verið í bransanum í samtals 53 ár. Eftir þriggja ára nám opnaði ég mína eigin stofu, Skóvinnustofu Halldórs Guðbjörnssonar á Týsgötu 7 og tólf árum síðar flutti ég stofuna á Hrisateig 19, þar sem ég er enn. Hér geri ég við skó, töskur, sel reimar, leðuráburð, mannbrodda og margt fleira,” segir Halldór sem man tímana tvenna, sérstaklega þegar kemur að skótísku landans.

Hægt að gera ótal sinnum við sömu skóna

„Ég hef alltaf starfað einn á stofunni og viðskiptin hafa verið bæði jöfn og stöðug þótt það séu einhverjar sveiflur. Skótískan hefur á þessum tíma gengið marga hringi, en skótískan hefur hvað mest áhrif á starf skóviðgerðarmannsins. Sumir skór eru þannig gerðir að það er hægt að gera endalaust við þá. Ég hef til dæmis fengið sömu skóna til mín oftast en þrisvar og oftast en fjórum sinnum í endursólanir og fleira. Ef það er gott í skónum þá endast þeir lengi og vel. Þegar kemur að skósliti býð ég upp á allar almennar skóviðgerðir. Þetta fer í raun allt eftir verðgildi skónna. Ef skórnir eru ódýrir er ólíklegri að fólk

leggi í það að láta gera við þá. Því er þó ekki að neita að endingargóðir skór eru töluvert vistvænni heldur en skór sem fara beint í ruslið við fyrsta slit.”

Skóhækkun fyrir heilsuna

Ásamt því að bjóða upp á almennar skóviðgerðir sér Halldór einnig um skóhækkunir. „Margir kljást við það vandamál að fæturnir eru ekki jafnlangir og þá þarf oft að gera breytingar á skóm. Skóhækkun er þá frábær möguleiki fyrir þá sem vilja ekki þurfa að vesenast með innlegg, eða þurfa á enn meiri hækkun að halda en innleggin geta veitt.

Ferð þú vel með vetrarskóna þína?

Nú fer veturinn í hönd og þá rennur upp tími vetrarskónna. „Það er mikilvægt að sjá vel um skóna svo þeir endist og geri sitt gagn eins vel og hægt er. Þá er æskilegt að pússa og bera reglulega áburð, sílíkon og leðurfeiti á leðurskó sem eru í notkun alla daga vikunnar. Einu sinni í viku er gott viðmið.” Á Skóvinnustofu Halldórs Guðbjörnssonar er gott úrval af skóáburði,

leðurfeiti, sílíkon og fleiru til þess að koma



vetrarskónum í gott stand fyrir veturinn. „Einnig er ég með til sölu mannbrodda fyrir vetrarhálkurnar.”

Skóvinnustofu Halldórs Guðbjörnssonar er staðsett að Hrisateigi 19, 105 Reykjavík



MATHÚS GARÐABÆJAR

Ísland 2016



Bleika slaufan



FAGPAK

ALHLIÐA LAUSNIR Í FLÖTUM ÞÖKUM
KAPLAHRAUN 18, 220 HAFNARFJÖRÐUR

ÞÚ ERT EKKI EIN


Sýnum stuðning — berum Bleiku slaufuna



Þú finnur lista yfir söluaðila
Bleiku slaufunnar á bleikaslaufan.is



Krabbameinsfélagið



#1

BESTI

HAMBORGARI

Á ÍSLANDI*



*SAMKV/EMT KÖNNUN BIG7TRAVEL



BLOCK BURGER

SKÓLAVÖRDUSTÍGUR 8, BAKHÚS

Google

4.6 ★★★★★

tripadvisor®

4.5 ○○○○○

facebook.

4.5 ★★★★★





Myndir: Eyþór Árnason

SPARAÐU MILLJÓNIR MEÐ SPARIBÍL:

Sjáðu verðmuninn!

Síðan árið 2003 hefur Bílasalan Sparibíll boðið viðskiptavinum sínum upp á margfalt betra verð en aðrir á markaðnum á bæði nýjum og nýlegum notuðum bílum. Eigandi Sparibíls, Viktor Urbancic, er með yfir þrjátíu ára reynslu í faginu og veit sitthvað um bílasöluhverfið hér heima og í Evrópu.

Jafnvel ódýrari en internetið!
Með því að versla á netinu má oft spara sér háar fjárhæðir. Sömuleiðis er oft töluvert ódýrara að kaupa bíl á netinu heldur en við bílaumboðin hérna heima. „En við skulum ekki gleyma því að þegar verslað er á netinu er tekin ákveðin áhætta. Sú áhætta eykst eftir því sem varan er dýrari og því eru ekki allir sem treysta sér í það að kaupa heila bifreið á netinu. Margt getur vafist fyrir fólki í sambandi við tryggingar, sendingarkostnað og skilmála og ekki er alltaf víst að slíkt sé innifalið í verði. Við hjá Sparibíl bjóðum upp á að sjá um þetta allt fyrir kúnnann. Við erum í góðu sambandi við trausta bílasala í Evrópu sem bjóða bifreiðar á heildsöluverði. Okkur býðst að auki enn betra verð á bílunum þar sem við kaupum fleiri bifreiðar en einstaklingurinn. Að auki fáum við betri kjör á flutningi vegna þess að við flytjum inn meira magn. Síðast en ekki síðst bjóðum við upp á greiðsluþjónustu þannig að viðkomandi getur borgað bilinn í áföngum. Án þess að það komi niður á kaupþryggi getum við svo

lagt örlítið á heildsöluverðið, en náum jafnframt að halda verðinu niðri fyrir viðskiptavininn. Því getur það í mörgum tilfellum verið ódýrara að versla við okkur heldur en að gera það sjálfur á netinu,” segir Viktor.

Við látum fylgja nokkur dæmi um það frábæra verð sem Sparibíll hefur upp á að bjóða:

- **Nýr 2019 Suzuki Vitara GLX á 4.290.000 hjá Sparibíl, en í umboðinu kostar hann 5.490.000. Mismunurinn er því 1.200.000,–**
- **Nýr Jeep Wrangler Rubicon sem kostar 9.760.000 hjá Sparibíl en sambærilegur bíll er um 14 milljónir hjá umboðinu.**
- **Við höfum verið að moka út Volvo V60 hybrid bílum sem eru 2018 módel. Þeir eru því rétt um eins og hálfss árs gamlir og eknir frá 9.000 km. upp í 25.000 km. Við erum að selja þá á ca þremur milljónum lægra verði en nýr kostar.**
- **Þá eigum við nokkra nýja og nýlega Nissan Leaf rafmagnsbíla á frábæru verði.**

Alltaf nóg af sendibílum
Sparibíll á alltaf töluvert af bæði



sendibílum og litlum rútum á lager. „Undanfarið höfum við verið að selja mjög mikið af þessum gerðum bíla, bæði nýjum og líka nýlegum notuðum. Við látum líka framleiða fyrir okkur fjórhjóladrifnar 12 manna Ford rútur, en þær eru ekki upprunalega framleiddar þannig. Þessar 4X4 rútur eru á hálfvirði miðað við það sem Volkswagen og Mercedes Benz rúturnar kosta.”

Sparibíll flytur inn það sem viðskiptavinurinn vill
„Við eigum yfirleitt á lager það sem er vinsælast hverju sinni og selst vel. Núna eigum við til dæmis um fjörutíu bíla á lager. Fólk getur líka komið til okkar með séróskir um bifreiðar. Þannig nýtum við sambönd okkar til þess að flytja inn þá bifreið sem viðskiptavinurinn óskar sér, en kjörin eru auðvitað mismunandi eftir atvikum. Á heimasíðunni okkar, sparibill.is, má sjá um 350



bíla sem við getum fullyrt að þú sparir á því að kaupa hjá okkur.”

Splunkunýr og ónotaður bíll hjá Sparibíl á sama verði og tveggja ára notaður
Viktor segist í sumum tilfellum taka notaða bíla upp í kaup á nýjum bíl. „Eðlilegt er þá að menn fái lægra verð fyrir bilinn hjá mér en öðrum bílasölum þar sem við stefnum að því að bjóða betra verð en aðrir. Í sumum tilfellum hef ég t.d. verið að bjóða nýjan bíl á svipuðu verði og aðrar bílasölur gefa fyrir til dæmis tveggja ára gamlan notaðan bíl af sömu tegund. Ef þetta á að vera hægt þá get ég ekki tekið tveggja ára notaðan bíl í sléttum skiptum fyrir splunkunýjan.”

Sparibíll er staðsettur í stórglæsilegu húsnæði að Hátúni 6a. Sími: 577-3344. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðu Sparibíls, sparibill.is. Fylgstu með á Facebook: Sparibíll



LG DAGAR

LG Á HEIMA
Í RAFLANDI



ALLAR LG VÖRUR Á 20-40% AFSLÆTTI

TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR • KÆLISKÁPAR • KÆLISKÁPAR MEÐ FRYSTI • ÞVOTTAVÉLAR
OLED SJÓNVÖRP • NANOCELL SJÓNVÖRP • LED SJÓNVÖRP • BLU-RAY SPILARAR • HEIMABÍÓ

GILDIR 1. -12. OKTÓBER

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Afkáralegar eiginkonur

Aðþrengdar eiginkonur, eða Desperate Housewives, komu fyrst á skjáinn þann 3. október árið 2004 á sjónvarpsstöðinni ABC, eða fyrir heilum fimmtán árum síðan. Þættirnir nutu gríðarlegra vinsælda og rökuðu til sín verðlaunum, en það var margt misjafnt sem var í gangi þegar slökkt var á myndavélunum.

1 Heitt í hamsi

Fyrsta vísbendingin um að ekki væri allt með felldu í herbúðum eiginkvennanna var þegar þær sátu fyrir á forsiðu Vanity Fair árið 2005 í kjölfar þess að sjónvarps-serían hlaut verðlaun á Golden Globe sem og leikkonan Teri Hatcher. Á forsiðu Vanity Fair stóð með stórum stöfum: „Þið trúið ekki hvað þurfti að gera til að ná þessari mynd!“ Í greininni í blaðinu lýsti blaðamaðurinn Ned Zeman vandræðunum við myndatökuna, en ónafngreindur aðili frá ABC var á staðnum til að tryggja að allt færi vel fram og að gengið væri að kröfum allra leikkvennanna. Meðal fyrimæla var að Teri Hatcher mætti ekki vera í miðju myndarinnar og hún mætti ekki vera fyrst í búning eða fördun. Þrátt fyrir þessi fyrimæli var Teri fyrst að heimsækja búningadeildina og hváði aðillinn frá ABC að þetta væri vandamál. „Ég er að fá skilaboð frá Evu [Longoria]. Þetta er ekki í lagi.“ Þegar allar leikkonurnar komu á settið fékk Marcia Cross að vita að Teri Hatcher ætti að sitja við hliðina á henni. Þá rauka Marcia af setti og óskraði á manneskjuna frá ABC að vinna „helvítis“ vinnuna sína. Eftir að greinin kom út sendi ABC frá sér fréttatilkynningu þar sem þetta var sagt „eitt, einangrað atvik“.

2 Vildi hlutverk Susan

Það er erfitt að ímynda sér aðra leikkonu en Teri Hatcher í hlutverki Susan Mayer, en það var hins vegar leikkonan Julia Louis-Dreyfus sem vildi hlutverkið upprunalega. ABC töldu hana ekki passa, sem er kannski fínt því Julia fann sína hillu í þáttunum Veep.

3 Kom að lokuðum dyrum

Maðurinn á bak við Aðþrengdar eiginkonur, Marc Cherry, reyndi að selja CBS, NBC, Fox, HBO, Showtime og Lifetime seríuna en kom að lokuðum dyrum alls staðar. Frekar stór mistök, ef horft er í baksýnis-spegilinn.

4 Heppinn

Charles McDougall fékk að leikstýra fyrsta þættinum [e. Pilot] því leikstjórinn sem átti að leikstýra honum hætti af því að hann fékk ekki einn að ráða leikaraliðinu.

5 Fékk ekki nöfnu

Þulurinn í þáttunum, og kveikjan að honum, heitir Mary Alice Young og er túlkuð af Brendu Strong. Persónan átti hins vegar upphaflega að heita Mary Alice Scott en var breytt vegna lagalegra ástæðna. „Ef fleiri en



þrjár manneskjur í landinu heita þessu nafni er allt í góðu en maður þarf að breyta um nafn ef færri en þrjár heita því. Þá kom í ljós að það var aðeins ein Mary Alice Scott í landinu.“

6 Óskin sem aldrei varð

Þegar að leikarar voru valdir upprunalega hvöttu forsvarsmenn ABC Marc Cherry og hans lið til að ráða asíska konu í hlutverk nágranna sem var mjög hnýsinn. Var óskað eftir þessu til að koma á meira jafnvægi kynþátta í leikaraliðinu. Þessi ósk var ekki uppfyllt.

7 Fór í mál

Leikkonan Nicollette Sheridan fór á kostum sem Edie Britt í þáttunum. Þegar hún dó í þáttunum árið 2009 fór hún í mál við Marc Cherry og ABC og hélt því fram að Marc hefði ráðist á hana á tökustað, slegið hana í höfuðið á æfingu þann 24. september árið 2008. Í málsókninni hélt Nicollette því fram að henni hefði verið sagt upp vegna þess að hún sagði forsvarsmönnum ABC frá árásinni. Marc hafnaði ásökununum og var málinu vísað frá. Hins vegar kom margt áhugavert fram í vitnaleiðslum.

8 Dularfullt mál

Í vitnaleiðslum kom fram að Nicollette hefði verið síðasta manneskjan til að fá að vita að Edie Britt myndi deyja í fimmtu seríu. Að sjálfsögðu vissu forsvarsmenn ABC af ráðabruddinu en það sem meira var þá sagði Marc leikkonunum Evu Longoria og Felicity Huffman frá þessu þegar að tökuliðið fagnaði hundraðasta þættinum, sem fór í loftið í janúar árið 2009. Þetta gerði Marc því Eva og Felicity sögðu honum að Nicollette hefði stungið upp á því að leikkonurnar myndu semja um laun sín sem hópur fyrir næstu seríu.

9 Vildi meira en afsökun

Marc sagði fyrir dómi að hann hefði beðið Nicollette afsökunar á atvikinu þar sem hann hefði komið henni í uppnám. Þegar hún hins vegar bað um aðra afsökunarbeiðni, sem og gjöf eða blóm, spyrti hann við fótum. „Ég kom henni í uppnám og mér finnst ekki gott að koma leikkonunum mínum í uppnám. En þegar George [Perkins, aðalframleiðandi] sagði mér að hún vildi blóm sagði ég: „Nei, það þýðir eitthvað annað.“ Þannig að ég hafnaði því.“

10 Dökk mynd

Meðan á réttarhöldum stóð birtist grein í The Daily Beast þar sem fyrrverandi starfsmenn þáttanna máluðu dökka mynd af Marc Cherry. „Hann afklæðir þig fyrir framan starfsliðið. Hann ræðst á

hugmyndir,“ sagði einn heimildarmaður ritsins. „Hann er árasargjarn á þann hátt. Hann fær brjálæðisköst.“

11 „Hann hatar konur“

Í sömu grein var því haldið fram að Marc Cherry og handritshöfundar stuðluðu að kynjamisrétti. „Hann hatar konur,“ sagði ein manneskja sem hafði unnið á tökustað. „Það er augljóst að hann elskar sæta, samkynhneigða menn, ekki konur.“ Annar heimildarmaður sagði að kvenkyns handritshöfundar fengu litlu að ráða um handrit þáttanna og þegar að væri verið að skrifa um hluti eins og meðgöngu, breytingaskeið kvenna og öldrun þá hlustaði Marc eingöngu á karlmennina í handritateyminu.

12 Engin kolvetni, takk

Það var ekki aðeins Marc Cherry sem fékk útreið í Daily Beast heldur einnig leikkonan Teri Hatcher. Að sögn heimildarmanns fauk í hana þegar karakter hennar, Susan, átti að vera ólétt og troða í sig stafla af pönnukökum. Teri vildi hins vegar ekki borða svona mikið af kolvetnum töku eftir töku og bað um að fá að borða bláber í staðinn. Þetta varð til skoðanaskipta á milli Teri og Marc sem endaði með því að Marc gaf sig að lokum.

13 Stakk þær í bakið

Þegar að tókum lauk árið 2012 gáfu leikkonurnar tökuliðinu kveðjugjöf. Hins vegar var nafn Teri Hatcher ekki að finna á kortinu. Gjáin á milli leikkvennanna og Teri virtist dýpka fyrir lokaseríuna þegar að Teri samdi ein um laun sín og útilokaði að leikkonurnar gætu samið sem hópur. TV Guide Magazine spurði Teri um þessa ákvörðun og hun svaraði: „Ég mun aldrei ljóstra upp sönnu og flóknu vegferðinni okkar allra saman en ég óska öllum góðs gengis.“

14 Lögð í einelti

Leikkonan Eva Longoria skrifaði bréf til dómars í september á þessu ári þegar Felicity Huffman var ákærð í háskólasvindlsmálinu. Þá ljóstraði Eva upp að hún hefði lent í einelti á tökustað Aðþrengda eiginkvenna en nafngreindi ekki gerandann. „Ég kveið því þegar ég þurfti að vinna með þessari manneskju því þetta var algjört helvíti. Þangað til Felicity talaði við hrottann og sagði nóg komið. Felicity fann á sér að ég var kvíðin þótt ég hafi aldrei kvartað eða minnst á eineltið við nokkurn mann.“

15 Felicity alltaf kurteis

Marc Cherry skrifaði einnig bréf af sama til efni og lýsti vandræðagemsá á setti sem glímdu við hegðunarvanda. Var þessi manneskja í leikaraliðinu og talaði ekki við aðra leikara á tökustað. Í bréfinu sagði hann að Felicity hafi aldrei stigið jafnlágt og þessi manneskja. „Felicity vildi samt bjóða þessari leikkonu góðan daginn, þó að hún vissi að hún fengi ekki svar. Ég komst að þessu og spurði Felicity út í þetta. Hún brosti og sagði: „Þó að þessi kona ákveði að vera ókurteis þýðir það ekki að ég get ekki verið kurteis.““ ■



Bitur kaka Leikaraliðið fagnaði hundraðasta þættinum með köku.

„Vona fólk geti horft framhjá göllumunum og séð að ég er góður maður”

Albert opnar sig upp á gátt – Vissi snemma að leiklistin lægi fyrir sér – Með handrit af sjónvarpsþáttum í bígerð

Albert Halldórsson útskrifaðist nýverið af leiklistarbraut Listaháskóla Íslands en hann sýnir um þessar mundir með leikhópnum RaTaTam í sýningunni HÚH! Best í heimi, sem sýnt er í Borgarleikhúsinu. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Albert leikur með leikhópnum en hann segir undirbúningsvinnuna fyrir verið hafa verið þægilega krefjandi.

„Við erum að opna okkur alveg inn að kviku í þessu verki og segja frá okkar upplifunum af ákveðnum atburðum í lífi okkar. Þetta eru kannski ekki alveg beinar sannar sögur heldur sannar upplifanir úr lífi okkar. Undirbúningsferlið fór í það að segja hvert öðru sögur af okkur sjálfum eftir ákveðnum þemum. Ég held að það séu fá ef engin leyndarmál eftir til að deila með hópnum. Sýningin segir nefnilega sögurnar sem við viljum ekki segja og segjum sjaldnast frá, svona ótilneydd. En þetta eru sögur sem margir geta tengt við með einum eða öðrum hætti. Að heyra þær sagðar upphátt á þessari sýningu vekur vonandi ýmsar tilfinningar meðal áhorfenda og opnar í besta falli á frekari samskipti meðal vina og vandamanna að sýningu lokinni. Þetta hefur því bæði verið skemmtilegt ferli sem og erfitt.

Það var gaman að rifja upp vandræðalegar sögur af sjálfum sér en svo þegar líður á tímann áttaði ég mig á því að ég þurfti náttúrulega að segja fullt af fólki upplifanir úr eigin lífi sem ég er kannski ekkert sérstaklega stoltur af.

Þær sögur sem við ákváðum að hafa í sýningunni birta ekkert endilega bestu ímyndina af mér en ég vona að áhorfendur geti horft fram hjá göllumunum og sjái að ég er góður maður og ótrúlega næs.“

Hvernig kom það til að þú sameinaðist RaTaTam hópnum? „Þau buðu mér í prufur fyrir verk sem heitir Ahhh ... en það var sýning sem við byggðum á ljóðum og smásögum eftir Elísabetu Jökulsdóttur. Ahhh ... var frumsýnt í Tjarnarbíó vorið 2018. Fyrir prufurnar það Charlotte, leikstjóri hópsins, mig um að læra ljóð eftir Elísabetu og flytja það. Ég var heillengi að velja mér rétta ljóðið og lærði það svo utan bókar. Ég endurtók það stöðugt í þrjá daga og mætti svo í prufuna, þínu stressaður en alveg tilbúinn í flutninginn. Það kom svo á daginn að Charlotte vildi ekki heyra mig flytja ljóðið heldur að ég flytti fyrir þau eitthvert lag. Ég samdi því lag á staðnum og flutti fyrir þau en ljóðið hennar Elísabetar fékk þó að fljóta með í sýninguna.“

„Ég get líka bragðað brundi, bana skelfist ekki hót.”

Albert vissi snemma að leið hans myndi liggja í leiklist en eftir útskrift frá Listaháskóla Íslands hefur hann starfað mikið með sjálf-

stæðum leikhópum. „Ég kem frá Keflavík og kynntist leiklistinni í gegnum Leikfélag Keflavíkur en það er frábært áhugaleikfélag. Það gerði mikið fyrir mig sem ungan einstakling. Ég var tólf ára þegar ég steig fyrst á svið en þá vorum við að sýna Grease í grunnskóla. Við sýndum söngleikinn fyrir framan fullan íþróttasal af börnum og foreldrum og ég tók þetta mjög alvarlega, ég ætlaði svo að standa mig. Ég átti meðal annars að syngja eitt lag sem byrjaði vel en endaði illa. Ég var að byrja í mótum á þessum tíma og lagið sem ég söng endaði með því að röddin mín gaf sig og ég varð mjög skrækur. Þetta uppskar mikinn hlátur áhorfendanna í íþróttasalnum. Mamma og systir mín hittu mig eftir sýninguna og hughreystu mig og sögðu að ég hefði verið rosa flottur og að ég hafi minnt þær á Bjarna Ara. Ég er þó ekki viss um hvort það hafi verið eitthvað til í því.

Mörgum árum síðar var ég svo að leika með bekknum mínum í Listaháskólanum. Þetta var lokaæfing á verki úr grísku harmleikjunum. Eins og tíðkast á lokaæfingum voru áhorfendur í salnum. Ég var þarna að leika Ægistos en hann er einn af illmennnum í verkinu. Á einum stað í sýningunni átti ég að halda mjög kraftmikla ræðu. Ég sneri baki í áhorfendur en sammendur mínir snúa öll í áttina að mér. Ég hafði verið eitthvað stressaður yfir að fara með þennan texta og ég átti meðal annars að segja: „Ég get líka brugðið brandi, bana skelfist ekki hót“, en í þessu stressi endaði ég að segja: „Ég get líka bragðað brundi, bana skelfist ekki hót.“ Það var ekki fyrr en ég sá viðbrögðin í andlitum bekkjarsystkina minna að ég gerði mér grein fyrir því að ég hafði sagt eitthvað kolrangt.“

Nú þegar frumsýning Ratatam hópsins er yfirstaðin er ekki úr vegi að spyrja Albert hvað taki svo við? „Áður en æfingar hófust á HÚH! Best í heimi, lék ég í einleiknum Istan sem Pálmi vinur minn skrifaði og leikstýrði. Þar fór ég með hlutverk 35 persóna sem allar áttu heima í smábænum Istan. Í vetur eru alls konar verkefni sem bíða mín en fyrst ætla ég í frí til Frakklands

með kærustunni minni. Eftir það höldum við eflaust áfram að gera upp íbúð sem við fjárfestum nýverið í. Samhliða því er ég að skrifa handrit að sjónvarpsþáttum ásamt félögum mínum en okkur langar að hrinda þeim í framkvæmd í nánustu framtíð. Mér líður alltaf best þegar það er nóg að gera og þannig er það núna.“ ■

Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



„Við erum að opna okkur alveg inn að kviku í þessu verki og segja frá upplifunum af ákveðnum atburðum í lífi okkar.”



JÓLATÓNLEIKARNIR ÆSKUJÓL:

Hver eru þín æskujól?

Hvernig lítur þín minning út þegar þú heyrir orðið „Æskujól“? Með ást og umhyggju fyrir hvert öðru viljum við búa til æskujól okkar allra. Þetta eru tónleikar fjölskyldu og vina og meginþemað er það að fjölskyldan komi saman um jólin og skapi saman fallega minningu um æskujól.

Við viljum gera allri fjölskyldunni kleift að mæta saman á tónleikana og höfum því ákveðið að rukka ekki miðaverð fyrir börn sem geta setið í fanginu á foreldrum sínum eða forráðamönnum. Við teljum það mjög táknrænt fyrir tilgang tónleikanna, þ.e. að halda utan um börnin okkar. Þau eiga það skilið að fá að upplifa falleg og góð æskujól á adventunni.

Gæsa húðarlag fyrir allan peninginn
Í fyrsta sinn í jólatónleikasögu Íslands höfum við skipulagt tónleikatúr í kringum landið með þremur gífurlega hæfileikaríkum unglingum, Ara Ólafssyni, Karó og Pétri Erni. Við vildum leita til unga fólksins okkar fyrir þessa tónleika, bæði til þess að gefa þeim tækifæri til að láta ljós sitt skína en einnig til þess að ná til yngri tónleikagesta. Mun þríeykið meðal annars flytja frumsamið lag eftir Pétur og Karó á tónleikunum. Að sjálfsögðu heitir lagið „Æskujól“ og um er að ræða gæsa húðarlag fyrir

allan peninginn.

Ari er landsmönnum kunnur þar sem hann tók meðal annars þátt í undankeppni Eurovision á Íslandi árið 2018. Hann er gríðarlega efnilegur tenórsöngvari og verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni.

Karolína Sif, eða Karó eins og hún er oftast kölluð, er 18 ára stúlka frá Bolungarvík. Hún er gríðarlega efnileg söngkona og gaf út lagið „Þú ert sú eina“ á Spotify með Jógvan Hansen.

Pétur Ernir er 19 ára gamall Ísafirðingur. Pétur er hálfgertr undrabarn og framúrskarandi hæfileikaríkur listamaður. Hann bæði spilar á píanó á tónleikunum sem og syngur. Einnig sér hann um allar útsetningar á tónleikalögum.

Heiðursgestur á völdum tónleikum er Högni Egilsson úr hljómsveitinni Hjaltalín, en nafn hans er nú þegar orðið vörumerki.

Hefðinni samkvæmt verður loklag tónleikanna Heims um ból sem verður almennur söngur. Þá fáum við alla þá krakka sem mæta á tónleikana til að koma til okkar og syngja með okkur fyrir gesti. Við

vonumst til þess að geta sungið falleg og góð æskujól inn í hjörtu allra tónleikagesta.

Nánari upplýsingar á Facebook: Æskujól
Sala hefst fimmtudaginn 12.



sept. kl. 12.00
Nældu þér í miða á Æskujól hjá tix.is
Miðaverð kr. 4.500
Ókeyppis aðgangur fyrir þau börn sem vilja sitja í fanginu á foreldrum/forráðamönnum.
Aldurstakmark ekkert.

Gjafmild og rík Hjónin
Barry og Honey.



Ráðgátan um kyrktu milljarðamæringana

■ Hjónin Barry og Honey Sherman fundust látin á heimili sínu í lok árs 2017 ■ Enginn verið handtekinn ■ Barry átti marga óvini

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Um miðjan desember 2017 fundust hjónin Barry, 75 ára, og Honey Sherman, 70 ára, látin á heimili sínu í Toronto í Kanada. Þau voru milljarðamæringar á kanadíska vísu og vöktu morðin heimsathygli. Enn hefur enginn verið handtekinn vegna morðanna en lögreglan vinnur enn að rannsókn þeirra. Fjölskylda hjónanna hefur heitið 10 milljónum dollara fyrir upplýsingar sem geta leitt til þess að málið upplýsist. Í mars 2018 staðfesti kanadíska lögreglan að það hefði ekki verið tilviljun að hjónin voru myrt.

Málið er mjög dularfullt og greinilega mjög erfitt viðureignar fyrir lögregluna sem hefur ekki handtekið neinn vegna þess þrátt fyrir mikla og ítarlega rannsókn. Hjónin fundust við innisundlaugina á heimili sínu. Þau hengu þar í karlmannsbeltum. Í fyrstu var jafnvel talið að þau hefðu fyrirfarið sér en lögreglan útilokaði þann möguleika síðar. Ekki hefur verið skýrt frá hvað gæti legið að baki morðinu en í sumar sagði lögreglan að hún telji sig hafa nokkuð skýra mynd af því hvað gerðist á heimili hjónanna en sagði ekkert um hvort hún hafi einhvern ákveðinn eða einhverja ákveðna grunaða um morðin.

Rúmlega 10.000 manns, þar á

meðal Justin Trudeau forsætisráðherra, voru viðstödd útför hjónanna. Það þurfti svo sem ekki að koma á óvart því þau voru þekkt og auðug en auður þeirra var metinn á þrjá milljarða dollara. Þau komu víða við sögu í Kanada, þau áttu lyfjafyrirtækið Apotex Inc., sem Barry hafði stofnað, og létu að sér kveða í mannúðarmálum en til þeirra gáfu þau milljónir dollara.

Hver voru þau?

Í óbirtum endurminningum sínum frá 1996 skrifaði Barry að „hann hafi alltaf verið mjög meðvitaður um eigin dauðleika“. Þessar endurminningar virðist hann ekki hafa ætlað að gefa út en þær voru opinberaðar í tengslum við málaferli. Úr þeim má lesa að Barry hafi verið maður með sterkar skoðanir. Hann taldi guð ekki til, frjálstan vilja aðeins vera tálsýn og að „lífið hefði enga meiningu eða tilgang“. Hann skrifaði einnig að hann teldi þessar hugsanir sínar kannski til þess fallnar að vekja áhuga annarra síðar, „kannski hrokafull trú mín“ skrifaði hann. Endurminningarnar veita smá innsýn í líf hjónanna. Við útförina sagði sonur þeirra, Jonathon, að þau hefðu verið „yin og yang“.

„Þau fullkomnuðu hring sem inniheldur allt það mikilvæga sem skiptir máli til að vera mann-



Gagnrýndur
Barry og Honey áttu lyfjafyrirtækið Apotex Inc. og voru viðskiptaaðferðir þeirra gagnrýndar.

eskja. Hvorugt þeirra var fullkomnið en saman voru þau í algjöru jafnvægi og einstök.

Barry lýsti sjálfum sér sem vinnuálka, manni sem tók vinnuna með sér þegar hann fór í frí. Hann var grjótharður trúleysingi, harður í horn að taka í viðskiptum og ástríkur en oft fjarverandi faðir. Honey var hlý í viðmóti og sögð vera „segullinn og límið“ sem hélt fjölskyldunni saman.

Hún var mikið partíljón sem lét krabbamein í hálsi og kvalafulla liðagigt ekki halda aftur af sér í samkvæmislífinu eða við góðgerðarstörf. Foreldrar hennar voru Pólverjar sem lifðu helförina af og fluttu síðar til Kanada.

Barry fæddist í Toronto 1942. Hann var enginn afburðanámsmaður í skóla en fljótt var samt ljóst að hann var vel greindur. Hann fékk inngöngu í verkfræði-

deild Toronto-háskólans þegar hann var 16 ára, yngsti nemandi deildarinnar nokkru sinni, og lærði síðan loftsiglingafræði við Massachusetts Institute of Technology í Bandaríkjunum.

Barry og Honey kynntust í ágúst 1970 og gengu í hjónaband ári síðar. Honey var félagslynd en Barry þótti meiri einfari og skorti stundum á félagslega færni hans. Við útförina sagði Mary, systir



Mikil sorg Fjölmenni var í minningarathöfn um hjónin eftir andlát þeirra.

Honey, að þegar hún hitti Barry fyrst hafi henni ekki fundið mikið til hans koma.

„Hann stóð inni í eldhúsi. Þar var hann að lesa dagblað, hunsaði alla, var bara Barry. Það eina sem ég gat hugsað var: „Er systir mín með þessu? Hvað er málið?“ En þegar á leið sá ég að hann var snjall, frábær og ljúfur maður.“

Hjónin áttu fjögur börn. Þrjú þeirra gengu staðgöngumæður með eftir að Honey hafði misst nokkur fóstur. Hjónin stóluðu hvort á annað og voru mjög háð hvort öðru. Honey sá til þess að Barry væri klæddur á viðeigandi hátt fyrir viðburði sem hann og þau sóttu, valdi fötin á hann, allt frá bindi niður í sokka.

Mjög gjafmild

Hjónin létu mikið að sér kveða varðandi mannúðarmál og voru mjög gjafmild. Þar skildu þau eftir sig eftirmæli sem ekki munu gleymast. Þau gáfu milljónir dollara til sjúkrahúsa, samtaka gyðinga, háskóla og ýmissa mannúðarsamtaka. Hátæknirannsóknarstofa við háskólann í Toronto ber nafn þeirra hjóna og það sama á við um miðstöð gyðinga í háskólanum.

Hjónin gáfu um 40 milljónir Bandaríkjadala til góðgerðarmála um allan heim. Þar á meðal nýttu þau fyrirtæki sitt, Apotex, til að senda lyf til barna í Kenía. Þau flögguðu þó ekki auði sínum þrátt fyrir að vera meðal ríkustu Kanadamannanna. Í samtali við Toronto Life magazine árið 2008 sagði Honey að þau hjónin „lifðu góðu lífi, ekki stóru lífi“ og að þau hefðu áhyggjur af áhrifum auðs síns á börnin þeirra. Hún sagði að þau reyndu að temja þeim „raunveruleikskyn“. Barry var þekktur fyrir að nota bíla sína þar til þeir voru ekki til neins nýtir nema að fara í brotajárn. Eins og vinur hans,

Murray Rubin, lýsti honum: „Barry var sama um hluti, að græða peninga var hans aðferð til að sanna sig.“ Hann segir að Barry hafi verið greindasti maður sem hann hafi nokkru sinni hitt.

Umdeildur kaupsýslumaður

Barry lærði inn á lyfjaiðnaðinn þegar hann vann í lyfjaverksmiðju frænda síns. Hann stofnaði síðan Apotex 1974. Á fyrstu árunum kom hann að öllum þáttum rekstrarins, skúraði gólfín og skrifaði ávísanir. Það orð fór af honum að hann væri óhræddur við að nota dómstóla til að byggja fyrirtækið upp og verja hagsmuni fyrirtækisins. Apotex hefur átt aðild að rúmlega 1.000 dómsmálum í Kanada en fyrirtækið hefur verið óhrætt við að láta reyna á einkaleyfi annarra á lyfjum.

BBC hefur eftir Amir Attaran, lagaprófessor við Ottawa-háskóla, að Apotex sé örugglega það kanadíska fyrirtæki sem hafi rekið flest mál fyrir kanadískum dómstólum.

„Það er hægt að segja að út frá því hvernig hann rak fyrirtæki sitt hafi hann átt marga óvini.“

Lyfjaverð er mjög hátt í Kanada og segir Attara að viðskiptaaðferðir Barry eigi þar hlut að máli.

„Hann var siðblindur í viðskiptum. Lyfin hans voru seld á yfirverði og féfléttu Kanadamenn,“ skrifaði hann á Twitter. Apotex hefur ekki viljað svara þessum ummælum. Það styður kannski orð Attara að fyrrnefndur Rubin segir Barry hafa „verið góða persónu en sem kaupsýslumaður hafi hann verið harður í horn að taka“.

Barry stóð einnig í löngum og mjög áberandi deilum. Á tíunda áratugnum blandaðist Apotex og þar með hann inn í harðar deilur við Nancy Olivieri, lækni á barnasjúkrahúsinu í Toronto. Deilurnar

tengdust tilraunum með nýtt lyf frá Apotex. Olivieri vildi upplýsa þátttakendur í rannsókninni um hugsanlega hættu samhliða þátttöku þeirra. Apotex vildi ekki fallast á það, hætti tilrauninni og hótaði að stefna Olivieri fyrir dóm ef hún skýrði frá þessum hugsanlegu hættum. Hún lét það ekki stöðva sig. Barry sagði hana „klikkaða“ þegar hann ræddi um málið í fréttaskýringabættinum 60 mínút-

um á CBS-sjónvarpsstöðinni.

Í september 2017 hafði hann sigur fyrir dómi gegn ættingjum sínum sem sökuðu hann um að hafa rofið samkomulag sem átti að færa þeim 20 prósentu hlut í Apotex. Þetta voru langvinnar deilur sem stóðu yfir í rúman áratug með málsóknum og gagnmálsóknum.

Fólk hefur velt því fyrir sér í tengslum við morðin hvort ein-

hver af öllum þessum málum geti verið ástæðan fyrir morðunum en engin svör hafa fengist við því enn. Rubin segir að þrátt fyrir að Barry hafi verið harður í horn að taka geti hann ekki ímyndað sér hver hafi myrt hann og Honey með svo miklu „hatri“.

„Ég trúi ekki að Barry vinur minn ... hafi dáið á þennan hátt. Ráðgátan er – hver gerði þetta og af hverju?“ ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

SAKAMÁL



MORÐVARGURINN

■ Carl Panzram var kaldrifjaður hrotti ■ Glæpaferill hans hófst á unglingsárum ■

Pann 5. september, árið 1930, var Bandaríkja- maðurinn Carl Panzram leiddur í gálgann í Kansas í Bandaríkjunum. Panzram var ekki vandaður pappír og gekk undir ýmsum nöfnum, í Oregon notaði hann dulnöfnin Carl Baldwin, Jack Allen og Jefferson Baldwin, í Idaho og Montana hét hann Jeff Davis, í Kaliforníu kallaði hann sig Jefferson Davis

(sem hann hafði reyndar einnig notað í Montana, auk John King) og í New York kallaði hann sig John O'Leary. Hann hét sem sagt Charles „Carl“ Panzram og hafði ýmislegt miður fallet á samviskunni þegar hann fór til fundar við skapara sinn.

Áfengi og afbrot

Panzram fæddist 28. júní, 1891, í Minnesota í Bandaríkjunum. Foreldrar hans, Johann og Matilda, voru

rússneskir innflytjendur og Carl ólst upp á búgarði fjölskyldunnar.

Vegferð Carls á þröngum vegi dygðarinnar varð æði stutt, því hann var vart af barnsaldri þegar hann varð háður áfengi og ítrekað lenti hann upp á kant við yfirvöld, aðallega vegna innbrota og þjófnaða.

Carl Panzram strauk að heima þegar hann var fjórtán ára.

Með tímanum varð Panzram afkastamikill þjófur, en var að sama skapi iðulega gripinn glóðvolgur og fangelsaður. Innan veggja fangelsisins var hann til eilífra vandræða, slóst við verðina og neitaði að fara að fyrirmælum. Fyrir vikið sætti hann barsmíðum og annars konar refsingu af hálfu varðanna sem sennilega kölluðu ekki allt ömmu sína.

Launaði lambið gráa

Frá 1908 til 1910 mátti Panzram dúsa í herfangelsi í Fort Leavenworth eftir að hafa verið gripinn með illa fengna hluti skömmu eftir að hann gekk í herinn, 1907.

Þá var, William Howard Taft hermálaráðherra og hafði hann lagt blessun sína yfir dóminn. Taft varð síðar forseti Bandaríkjanna, frá 1909 til 1913, en það er önnur saga.

Mörgum árum síðar, í ágúst 1920, lét Panzram greipar sópa á heimili Taft í New Haven og hafði upp úr krafsinu mikla magn skartgripa, skuldabréfa og .45 kalíbera skammtbyssu Taft. Hver veit nema hann hafi viljað launa Taft lambið gráa. Skammtbyssan sú átti eftir að koma við sögu í nokkrum morðum síðar meir.

Niðurlægning með nauðgun

Í sjálfsævisögu sinni, síðar meir, sagði Panzram að hann

Strauk tvisvar úr fangelsi

Panzram losaði sig við yfirvaraskeggið eftir fangelsisflóttu.



væri „persónugervíngur reiði“ og að hann hefði oft nauðgað þeim sem hann rændi frá, ekki vegna þess að hann væri samkynhneigður heldur vegna þess að þannig gat hann niðurlægt mennina og sýnt vald sitt. Reyndar sagði Panzram að honum hefði, á unglingsárum, verið nauðgað af hópi flækinga.

Panzram lagði einnig stund á hrein og klár skemmdarverk og íkveikjur og eitt sinn íhugaði hann alvarlega að sökkva bresku herskipi sem bundið var við bryggju í höfn New York. Hugmyndin var að koma af stað stríði á milli Breta og Bandaríkjamanna. Hann hrinti þeim áformum þó ekki í framkvæmd.

Eitt ærlegt starf

Að eigin sögn tók Panzram sér aðeins einu sinni fyrir hendur eitthvað sem ekki taldist glæpsamlegt. Það gerðist þegar hann var „ráðinn“ sem verkfallsbrjótur til að berjast á starfsmönnum verkalýðsfélags.

Einnig reyndi hann eitt sinn að fá sig munstraðan á bandarískt herflutningaskip en hafði ekki erindi sem erfiði því hann mætti drukinn til vinnu.

Listinn yfir fangelsi sem hann heiðraði með nærveru sinni er jafnlangur og listinn yfir dulnefni sem hann notaði; Kalifornía,

Texas, Idaho, Montana, Oregon, Connecticut, Sing Sing og Clinton í New York, Washington D.C. og Leavenworth í Kansas.

Hardneskjuleg betrunarvist


Víkur nú sögunni til ársins 1915, 1. júní nánar tiltekið. Þá braust Panzram inn í hús í Astoria í Oregon. Þegar hann skömmu síðar reyndi að koma þýfinu í verð var hann handtekinn og fékk sjö ára dóm í Oregon-ríkisfangelsinu.

Þangað kom Panzram 24. júní og fékk fljótlega að finna til tevatnsins því fangavörðurinn sem hafði yfirumsjón með honum, Harry Minto, hafði ofurtrú á betrunargildi slæmrar meðferðar fanga; barsmíða og einangrunarvistar fyrir smávægilegar yfirsjónir.

Í fangelsinu sór Panzram, að eigin sögn, að hann „myndi aldrei afplána öll sjö árin og skora á fangelsisstjórnann og alla hans undirmenn að neyða hann til þess“.

Tveggja mánaða einangrun

Panzram fór ekki varhluta af betrunaraðferðum Minto og var meðal annars látinn dúsa í einangrun í 61 dag. Panzram stóð við stóru orðin og strauk úr fangelsinu 18. september árið 1917. Áður hafði hann aðstoðað samfanga, Otto Hooker, að flýja úr fangelsinu og má segja að Hooker hafi launað





VI FRÁ MINNESOTA

Fórnarlömb hans þurftu ekki að kemba hærurnar ■ lóradist einskis



Samviskulaus Kynntist innviðum fjölda fangelsa.

„Ég vildi óska að gervallt mannkyn hefði einn háls svo ég gæti kæft það!“

greiðann því hann banaði Minto í leiðinni.

Flótti Panzram var þó skammgóður vermir því hann var handsamaður og hent í grjótið á ný, þó ekki fyrr en eftir að hafa tekið þátt í tveimur skotbardögum.

Því fór fjarri að Panzram játadi sig sigraðan, því 12. maí, 1918, sagaði hann sundur rimla og strauk á ný. Í það skipti tókst honum að forðast verði laganna og komst um borð í lest á austurleið. Hann breytti nafni sínu í John O’Leary og rakaði af sér yfirvaraskegg sem hann hafði skartað. Hann sneri aldrei aftur á sínar gömlu slóðir.

Í Angóla í Afríku

Árið 1920, í New York, tók líf Panzram nýja stefnu er hann framdi sín fyrstu morð. Hann beitti þeirri aðferð að lokka sjómenn af börum, hella þá fulla, nauðga þeim og skjóta síðan til bana. Líkunum henti hann í ána. Að eigin sögn náði hann tíu fórnarlömbum með þessum hætti, en óhapp olli því að hann þurfti að leita á aðrar slóðir.

Luanda í Angóla varð fyrir valinu og þar nauðgaði hann og myrti 12 ára pilt.

Í játningum sínum skrifaði Panzram: „Heilinn í honum rann út úr eyrunum þegar ég skildi

hann eftir og hann verður aldrei dauðari.“

Einnig sagðist Panzram hafa tekið árabát með áhöfn á leigu og hann hefði skotið ræðarana og fleygt líkunum fyrir borð sem krókódílafeðu.

Ótal ódæði

Panzram sneri heim til Bandaríkjanna og hélt uppteknum hætti. Á meðal þess sem hann játadi síðar var morð á manni sem reynt hafði að ræna hann. Einnig sagðist hann hafa nauðgað og myrt tvo drengi, annan drengjanna barði hann til bana með grjóthnullungi þann 18. júlí, 1922, í Salem í Massachusetts, en hinn kyrkti hann síðar það sama ár í Connecticut.

Eftir að Panzram var handtekinn árið 1928 sagðist hann hafa framið morð þegar hann braust inn í hús á leiðinni á milli Baltimore og Washington D.C. og einnig í Fíladelfíu, sama ár og hann var handtekinn. Þrjú af þessum fimm morðum var hægt að staðfesta.

Skrifar sjálfsævisögu

Panzram var í haldi í Washington D.C. og ungur fangavörður, Henry Lesser, sá aumur á honum og útvegaði honum skriffæri og pappír sem Panzram nýtti til að skrifa

sjálfsævisögu sína. Í henni dró hann ekkert undan og má með sanni segja að þar hafi komið í ljós hvaða mann Carl Panzram hafði að geyma.

Á meðal þess sem Panzram skrifaði var: „Ég hef á minni ævi myrt 21 manneskju, ég hef framið þúsundir innbrota, rána, þjófnaða, íkveikja og, síðast en ekki síst, ég hef nauðgað yfir 1.000 karlmönnum. Ég iðrast einskis af þessu öllu saman.“

Hótar öllu illu

Panzram fékk 25 ára dóm sem hann skyldi afplána í Leavenworth-alríkisfangelsinu. Hann fór ekki í launkofa með skoðanir sínar eða áform og sagði við fangelsisstjóran: „Ég drep þann fyrsta sem ónáðar mig.“

Þetta reyndust ekki orðin tóm því 20. júní, 1929, barði hann yfirmann fangelsisþvottahússins, Robert Warnke, til bana með járnröri. Fyrir vikið fékk Panzram dauðadóm og hótaði hverj-

um þeim dauða sem reyndi að fá þeim dómi hnekk.

Kokhraustur til síðustu stundar

Carl Panzram var hengdur 5. september, 1930, og þegar snörunni var smeygt um háls hans hrækti hann framan í böðulinn og sagði: „Ég vildi óska að gervallt mannkyn hefði einn háls svo ég gæti kæft það!“

Böðullinn spurði Panzram hvort hann vildi segja eitthvað að lokum og Panzram urraði: „Já, komdu þessu frá, helvítið þitt! Ég gæti drep-ið tíu manns á meðan þú undar þetta!“ ■



William Howard Taft Skammbýssa hans kom við sögu í nokkrum morðum Panzram.

GÆÐA BAKKAMATUR

MISMUNANDI RÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR



AFGREIÐUM HÁDEGISMAT Í BÖKKUM
ALLA DAGA ÁRSINS TIL FYRIRTÆKJA OG STOFNANA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810



HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

Er Joker hættu-legasta kvikmynd ársins?

Stéttastríð, eynd og stjórnleysi

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

hver um sig getur leyft sér að sjá ýmislegt við sitt hæfi úr Joker; upphafs-sögu og nýjan vinkel á Batman-figúru, stúderingu á mis-skildu fórnarlambi sem finnur sinn sess í skemmdum heimi sem óvænt byltingarhetja, eða stóru incel-íkveikjumyndina miklu og allt þar á milli.

Sjálfur sé ég mynd sem stel-ur ýmsum lykilhræfnum úr góð-kunnum Scorsese-myndum og spilast út eins og Fight Club fyrir orkudrykkjakynslóðina, ef hún væri gerð af einstaklingi sem fattaði ekki að sú mynd væri um eitraða karlmennsku og neysluhyggju en ekki einhver '90s-töffaramynd. Af sjálfstæðri, brútal Jókermynd að vera er myndin óvenju áhættulaus, stíf og ekki alveg nógu prakkaraleg, nema það teljist með að gera lag frá dæmdum barnaperra að upp-riðumúsík titilmannsins.

Í besta falli má segja að þetta sé fínasta forvitnisgláp sem sýnir hvað hægt er að gera utan of-urhetjugeirans. Í versta falli góð áminning til fólks um hvað Joaquin Phoenix er sturlað sterkur leikari.

Upprisa fráhrindandi manna-fælu

Phoenix leikur sér að yfirborðs-kenndu klisjuhandriti og mjólkur úr því allt sem hann getur með smáatriðaríkri maníu, trúverð-ugu geðtapi og sannfærandi innri sársauka. Karakterinn sem hann leikur, aftur á móti, hann Arthur Fleck, er skrifaður eins og Óskars-beitufígúra, þar sem eymdin er hlaðin á pari við vesældarstúlk-una Precious; hann er ítrek-að beittur ofbeldi, átti ömurlega æsku, óheppnari en allt, treggá-ður, býr hjá móður sinni, hef-ur ekkert fyrir stafni, fær hverjar hörmungafréttirnar á eftir öðrum og ofan á það með fráhrindandi sjúkdóm sem veldur stjórnlaus-um hlátri þegar hann stressast upp. Það eina sem vantar upp

á er myrt gæludýr til að sigla myndinni alla leið í harðkjarna tilfinningarúnk.

Arthur kemur út eins og hon-um finnst heimurinn skulda sér athygli; draumur hans er að verða uppistandari, þó hann hafi varla getu til að muna einn brandara. Arthur tekst með undraverðum hætti á einum tímamarki að sá fræjum fyrir upprisu í glæpum huldufólks sem kennir ríka fólki-nu um núverandi infrastrúktúr. Handritið virðist heldur ekki hafa neitt almennilegt að segja með innliti sínu. Sagan skoðar til dæmis ekki samfélagslega sögu-sviðið með dýpri skoðun en „rík-ir eru vondir, við hin erum góð“. Hvað það varðar keypti undir-ritaður það aldrei að Arthur gæti óvart komið byltingu af stað með þeim litla hætti sem hann gerir þegar borgin er í niðurrifum fyrir.

Burt með helvítis hasarblöðin

Jókerinn hefur í gegnum ára-tugaraðir verið teiknaður upp í margs konar stærðum, gerð-um og gervum og það verður að segjast að Arthur Fleck ber ýmis merki um athyglisverða nálg-un. Það sem rænir honum samt þeim prófil að vera athyglisverð persóna er hversu lítið jákvætt er dregið upp úr honum; hann hef-ur enga sýnilega hæfileika, ekkert karisma, enga snilligáfu eða neitt sem sver hann í sambærilega ætt við þekktasta glæpatrúð í sögu dægurmennningar.

Þegar þú rammar Arthur inn í þennan Batman-heim, þá veistu nákvæmlega hvert framvindan stefnir með aðalkarakterinn og skilur þetta lítið pláss eftir fyrir tilraunastarfsemi. Þar af leiðandi skiptir í rauninni engu hvort maður trúir því að hann komist frá B til C, svo lengi sem C er endastöðin þar sem hann öðlast status sem einhver glæpafyrirmynd. Myndin vill tilheyra Gotham-heiminum en vill samt ekki vera með neinu móti bendluð við nein hasar-blöð. Þess vegna kemur umrædd tenging frekar pínlega út, enn fremur í ljósi listræna frelsisins



sem handritið tekur á uppruna-legu figúruna, og hefði myndin verið trúlega betri sem sjálfstæð, óháð saga – þótt tengingin sé 90% ástæða fyrir aðdraganda vinsæld-anna, sama hvaða sögu þú dress-ar þarna undir.

Hildur til bjargar

Til að efla genin við Taxi Driver og The King of Comedy er Robert De Niro mættur á svæðið í Joker til að gera órlítið meira en að hirða launin sín. Þótt nærvera De Niros bæti vissum, auknum glæsi-brag á heildarverkið er maðurinn ekki alveg réttur maður í hlutverk spjallþáttastjórnandans sem Arth-ur lítur upp til. Hin efnilega Zazie Beetz (úr Deadpool 2) er finnið við-auki í hópinn en henni er algjör-lega sóað með rullu sem er í sjálfu sér tilhlaup að ódýrri handrits-reddingu – sem verður fyrirsjá-anleg frá þriðju mínútu. Frances Conroy er annars vegar frábær sem móðir Arthurs og hefði mátt fá meira til að vinna úr.

Á jákvæðu nótonum má alveg skrifa það á Hildi Guðnadóttur að hún eigi annað aðalhlutverk myndarinnar. Þrúgandi selló-ið hennar gerir sumar skelflat-ar senur að litlu kraftaverki í mómentinu og skapar tónlistin almennt drunga sem gefur gráan skugga á jafnvel þær senur sem koma einhverri skammlífri gleði til skila. Hildur hefur átt magnað ár í ár með meiri háttar stefnum úr Chernobyl og opnar fjöldann allan af dyrum og tækifærum með framlagi sínu hér. Það eru að lág-marki þrjár til fjórar senur sem eru stórkostlegar í gegnum magnaðan samruna aðalleikarans og tónlist-ar Hildar.

Áhrifavaldur í uppsiglingu?

Merkasti brandari Jókersins frá upphafi umtalsins var að sann-færa heiminn um að myndin byði upp á djúpar umræður og grand-skoðun til að byrja með. Ýms-ir fjölmiðlar og hópar veltu lengi fyrir sér hvort myndin væri í raun

Í stuttu máli:

Jóakim á ótvíræðan leiksigur og tónlistin gæðir verkinu prýði-legt andrúmsloft, en myndin sjálf er taktlaus klisja sem málur hvorki djúpa né frumlega mynd af aðalpersónunni alræmdu.



stórhættuleg, að hún gæti sérstak-lega hvatt kynsvelta karlmenn til vafasamra aðgerða vegna versn-andi samfélags um heim allan. Þetta finnst mér umræðuverður punktur og er skiljanlegt að það vakni spurningar.

Persónulega trúir ég ekki að nein kvikmynd ætti að teljast ábyrg fyrir vandamálum sem finnast víða fyr-ir, en allt er svosem líklegt í raun-heimi þar sem margir veikir tóku A Clockwork Orange til abstrakt fyrirmyndar á sínum tíma, fólk stofnaði alvöru slagsmálaklúbba og manneskja hefur bókstaflega kafnað úr hlátri í miðju áhorfi á A Fish Called Wanda. Svo skul-um við ekki gleyma hópnum sem horfði á Avatar og var langt kom-inn í sjálfsvígshættu þegar í ljós kom að Pandora væri ekki raun-verulegur staður.

Joker espir trúlega einhvern minnihlutahóp með bjagaðri en eldfimri hugmyndafræði en þegar öllu er á botninn hvolft er myndin ekkert hættulegri neinum frekar en Paddington eigi sök á að valda köfnun á marmelaðisamlokum.

Sennilega, ef myndin væri hlaðin meiri súbtextum og hand-ritshöfundar vissu sjálfir hver skilaboð og þemu sín væru, yrði lokaverkið meira tilbeðið með skaðlegri hætti. En eins og stendur er um að ræða býsna innantóma mynd sem lúkkar vel og gargar hátt. Djókurinn er of alvarlegur til að virka og alvara myndarinnar af mikill djókur. ■

Sjáðu þessa ef þú kannt að meta...

Taxi Driver

Suicide Squad

Night-crawler

The Hangover: Part III

Precious

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Vill vera fyrirmynd án filters

*Átti ekki fyrir mat – Eineltið mark-
aði æskuna – Vissi ekki að kærastinn
væri þekktur tónlistarmaður – Fór
ekki úr glímugallanum í þrjú ár*



Íris Hauksdóttir
iris@dv.is



Hugrún Birta Egilsdóttir bar sigur úr býtum í fegurðarsamkeppninni Miss Universe Iceland en hún var krýnd Miss Supranational í keppninni sem haldin var nú í september. Hugrún fer því sem fulltrúi Íslands í keppnina úti sem haldin verður síðar á þessu ári. „Ég skráði mig í Miss Universe Iceland til að stækka tengslanetið mitt ásamt því að stíga út fyrir þægindarammann. Það gekk frábærlega því ég hafði trú á mér allan tímann og vissi að ég var búin að standa mig vel. Með því hugarfari steig ég á svið og búmm, endaði með kórónu á höfðinu.“

Var búin að ákveða að ég gæti þetta

Hugrún segir undirbúning fyrir keppnina hafa verið þægilegan en hún hafi búið að góðum grunni frá fyrri þátttöku sinni í Ungfrú Ísland fjórum árum áður. „Ég ólst náttúrulega upp við sögur úr þessum heimi en amma mín, Ester Garðarsdóttir, var valin Ungfrú Reykjavík 1959. Ingibjörg, systir mín, hafnaði sömuleiðis í öðru sæti í Ungfrú Ísland árið 2008 og fékk að ferðast mikið í kjölfarið sem var frábært tækifæri fyrir hana. Það er auðvitað himinn og haf frá því hvernig formið á keppninni var þá og nú. Í dag snýst þetta meira um hverju þú vilt ná fram og hvernig þú ert að koma frá þér orði, sem hefur alltaf verið minn veikleiki. Ég hef alltaf verið mjög feimin en vildi markvisst opna mig. Það var krefjandi en ótrúlega skemmtilegt að sjá árangurinn sem kom ekki fram fyrr en á sjálfu lokavöldinu. Þá gerðist eitthvað – ég var búin að ákveða að ég gæti þetta.“

Brotin á sál og líkama

Hugrún er yngst fjögurra systkina og segir hún skilnað foreldra sinna hafa markað mikil þáttaskil í lífi sínu. Hún minnst stunda þar sem þau systkinin sátu í stræto með mat frá mæðrastyrksnefnd í fanginu. „Við fengum ekkert alltaf heitan mat á kvöldin en mamma reyndi eins og hún gat að gefa okkur eins gott líf og henni frekast var unnt. Ég var alltaf mikill í íþróttum, stundaði fimleika og fékk mína útrás þar til að vera ég sjálf. Ég var lögð í ljótt einelti sem markaði unglingsárin og mína sjálfsmynd. Við fluttum ítrekað milli staða en ég var föst í ákveðnu hegðunarmynstri sem leiddi til síendurtekinnar stríðni. Þegar maður stígur til hliðar er enn auðveldara að ýta manni að eins lengra í burtu.

Það var ekki fyrr en eftir fyrstu sambandsslitinu að pabbi tók mig í gegn. Hann fékk mig til að líta inn á við og átta mig á því hver ég væri, hvernig ég hegða mér og hvaða manneskjur það eru sem skipta mig máli í lífinu. Ég var svo brot-in á sál og líkama að ég var eins og sandkorn. Pabbi fékk mig til að skrifa niður spurningar á blað um mig sjálfa sem reyndist bæði þroskandi og uppbyggilegt fyrir sjálfstraustið. Ég skrifaði meðal annars niður nöfn þeirra einstak-linga sem reyndust mér slæmir í eineltinu, bæði í grunnskóla og menntaskóla. Eftir hvert nafn lok-aði ég augunum og endurupplifði

minningarnar og fyrirgef þeim, opnaði svo augun og hélt áfram á næsta nafn. Þetta virkaði vel á mig, það var eins og ég hefði samþykkt það að hafa verið lögð í einelti, þetta var ákveðin hreinsun. Ég vil ekki horfa á yfirbróð fólks eða skilgreina það út frá útliti, búsetustað eða samfélagsstöðu, heldur hvaða manneskju það hefur að geyma.“

Brengluð þróun breyttra mynda

Fjögur ár eru nú síðan Hugrún hóf markvist þessa sjálfsvinnu en hún segir að með þátttöku sinni í ár hafi hún loksins náð að fella grímuna. „Ég var alveg þessi stelpa sem fannst ég þurfa að bera á mig brúnkukrem til að láta mér líða vel. Ég setti stöðugt upp einhvern front sem var ekki ég en þegar ég lærði að sleppa tök-unum á þessari áratúu, að reyna stöðugt að vera einhver annar en ég sjálf, fór mér loksins að líða betur. Áður fyrr vissi ég ekkert fyrir hvað ég vildi standa, en ég veit það í dag.

Framkvæmdastýra keppninnar, Manuela Ósk Harðardóttir, á stóran þátt í því að hjálpa mér út úr þessu mynstri því hún sá mig setja upp þessa grímu og hamraði á því við mig að ég hætti því. Staðreyndin er nefnilega sú að ungt fólk, sérstaklega stelpur, eru að fá mjög brenglaða sýn á það hvað sé eðlilegt útlit og þá er ég að vísa í raunveruleikaheiminn á tenglanetinu. Eftir þátttöku mína í Ungfrú Ísland jókst fylgi mitt á samfélagsmiðlum til muna og enn meira eftir keppnina í ár svo það er alveg ljóst að fólki finnst gaman að fylgjast með. Samfélagsmiðlar skipta miklu máli í

Þessum heimi og ég legg mikið upp úr að koma eins heiðarlega fram við fylgjendur mína og mér frekast er unnt. Ég viðurkenni fúslega að í fyrstu var ég feimin að snúa myndavélinni á símanum í áttina að andlitinu og tala beint í vélina. Stundum tók ég sömu upptökuna upp aftur og aftur þangað til ég varð sátt við úkomuna en í dag er ég hætt því. Ég væri til í að sjá fleiri konur takast á við raunveruleikann frekar en að samþykkja þessa óraunhæfu staðalímynd kvenna sem ungar stelpur hafa margar í huga þegar þær leita sér að eiginleikum í fari fyrirmynda sinna. Pressan er mikil og kröfurnar oft og tíðum óraunhæfar. Það er einmitt það sem mér finnst svo flott við þessa keppni því þar koma konur fram af öllum gerðum og stærðum og skora sjálfa sig á hölm. Mér finnst ótrúlega flott að gera fjölbreytileikann meira sýnilegan og í dag get ég verið fyrirmynd í þessum efnum og sýnt minn raunveruleika án filters. Samfélagsmiðlar eru svo trikkí því þar hleypir maður fólki svo nálægt sér en velur á sama tíma alltaf hvað þú sýnir. Þá skiptir öllu máli að vera samkvæmur sjálfum sér því annars eru fylgjendur fljótir að sjá í gegnum þig.“

Hugrún segir það staðreynd að samfélagsmiðlar leiki stórt hlutverk í velgengni stelpna í keppnum sem þessari þótt fjöldi fylgjenda gefi engin sérstök aukastig. „Það er mjög jákvætt að vera með stóran fylgjendahóp því það vekur spurningar hvað viðkomandi hafi fram að færa. Það hlýtur að vera spennandi einstaklingur og í kjölfarið vill fólk kynna sér viðkomandi betur. Sjálf sýni ég frá



Hugrún og Ásgeir. Mynd: Skjaskot af Instagram @hugrunegils



alls konar á mínum miðli, fjallgöngur, hreyfingu, mataræði, outfitt og fjölskyldulífið, mitt daglega líf.“

Vissi ekki að kærastinn væri þekktur tónlistarmaður

Hugrún birti nýverið mynd á samfélagsmiðli sínum þar sem hún opinberaði í fyrsta skipti ástina í lífi sínu en kærastanum kynntist hún fyrir tæpum tveimur árum. „Ég vissi ekkert hver hann var, en ég sá mynd af honum með gítar á prófílinum sínum og fannst hann sætur strákur. Við spjöllum svo saman á þræðinum þar sem hann bað um að fá að hitta mig, alveg týpískur strákur. Göngugarpurinn ég ákvað hins vegar að bjóða honum með mér í fjallgöngu svo þannig var fyrsta stefnumótið okkar. Hann sagði að þetta væri alveg nýtt fyrir sér en svona kynnist maður almennilega. Ég hafði ekki hugmynd um að hann væri þekktur tónlistarmaður fyrr en ég fletti honum upp á netinu. Ég er

ekki mikið inni í tónlist og hlusta bara á útvarpið, þá er ég góð. Eftir að hafa spurt hvað hann gerði fór ég að hlusta á lögin hans sem eru auðvitað frábær. Ég sé hann samt ekki sem tónlistarmann heldur bara sem Ásgeir Trausta, kærstann minn.“

Alltaf jafn skrítið að sjá hann á sviði

Kærastann þarf vart að kynna en Ásgeir Trausti Einarsson hefur notið mikilla vinsælda síðan árið 2012 þegar platan hans, *Dýrð* í dauðapögn, kom út. Hann er um þessar mundir að leggja lokahönd á nýja plötu og fullyrðir Hugrún að hann eigi eftir að stækka enn meira í kjölfarið. „Platan kemur út í byrjun næsta árs en ég er einmitt að leika í tónlistarmyndbandi við lag hans, sem kemur út fljótlega. Ég elska þetta lag, og í raun öll lögín á plötunni, hún er virkilega góð og kemur skemmtilega á óvart. Í kjölfarið mun hann svo túra um allan heim og ég ►

fylgi honum eflaust eitthvað eftir. Það verður samt alltaf jafn skrítið að sitja í áhorfendastúkunni og horfa á hann spila, því fyrir mér er hann bara maðurinn sem stendur heima í náttfötunum og eldar morgunmatinn fyrir mig.“

Spurð hvort parið sé duglegt að rækta gönguáhugann eftir fyrsta stefnumótið segir Hugu-rún svo vera. „Við löbbum mikið saman en í göngunni fæ ég mikla útrás, sérstaklega ef ég er eitthvað stressuð. Ég fæ lítið út úr því að vera í ræktarsalnum og horfa í spegilinn, ég vil frekar vera í kringum blóm og gras og steina. Það er mikil heilun fólgin í því og þar finn ég friðinn. Ég fæ til að mynda ekki nóg af því að ganga Helgafellið, þar hittir maður líka alltaf sama fólkið og er farinn að heilsa því, mjög heimilislegt.“

Gólfglíma og gervineglur fara ekki vel saman

Annað sem Hugu-rún nefnir að hafi hjálpað til við innri vellíðan og aukið sjálfstraust eru kynni hennar af gólfglímu. „Ég kynntist Brazilian Jiu-Jitsu fyrir algjöra tilviljun en ég sá námskeiðið auglýst á Facebook en sú hugsun rann ósjálfrátt í gegn hvort Mjólnir væri of karllægur staður fyrir stelpu eins og mig að stunda æfingar á. Sem betur fer varði þessi hugsun stutt því ég komst mjög fljótt að því að þessar æfingar hentuðu mér rosalega vel. Skemmst er frá því að segja að ég fór nánast ekki úr glímugallanum í þau þrjú ár sem ég æfði íþróttina og get hreint ekki bedið eftir að byrja aftur af fullum krafti.“

Mikilvægt að konur kunni að verja sig

Þeir sem ekki þekkja til gætu eflaust leitt að því líkur að um bardagaíþrótt sé að ræða en Hugu-rún segir það af og frá. „Þetta snýst allt um rétta hugsunartækni en það er líka mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér. Ég líki þessu stundum við að tefla því maður er alltaf að sirka út hvað andstæðingurinn ætlar að gera og reyna að vera skrefi á undan honum. Þessi íþrótt hefur gefið mér mikið sjálfstraust því ég veit í dag að þótt ég sé ein úti að labba í myrkri get ég alltaf varið mig. Ég er í dag með bláa beltið og æfði á móti stórum, sterkum körlum sem gátu auðveldlega notað líkamlegan styrk

sinn á móti mér en þá snýst allt um að beita réttu tækninni. Sú víska er dýrmæt og ég væri til í að sjá fleiri konur í þessari íþrótt því þetta er fyrst og fremst hugsað sem sjálfsvörn. Við stelpurnar í fegurðarkeppninni úti þurfum allar að standa fyrir einhvern málstað og hjá mér mun það vera sjálfsvörmin. Mér finnst svo mikilvægt að konur kunni að verja sig.“

Horfi ekki á stelpur út frá holdafari

Keppnin er haldin þann 6. desember næstkomandi og fer fram í Póllandi. Þótt tæpur mánuður sé til stefnu er Hugu-rún þegar farin að undirbúa sig þótt kjóllinn sé enn ófundinn. „Kjóllinn verður leyndarmál en ég reikna með að taka minnst fjórar ferðatöskur af finum fatnaði með mér út. Ég verð í Póllandi í þrjár vikur og reikna með að dagarnir verði langir og strangir. Ég breyti engu hvað varðar mataræði eða hreyfingu því ég borða yfirleitt hreina fæðu og hreyfi mig alltaf mjög reglulega. Minn helsti undirbúningur felst í raun í því að bæta tímann í að farða mig á morgnana því dagarnir munu allir hefjast mjög snemma. Það skiptir miklu máli að auka færnina í að vera fljót að gera mig til fyrir langa daga þar sem förðunin þarf að geta haldist í langan tíma. Ég er farin að fylgja nokkrum af hinum keppendunum eftir á samfélagsmiðlum og þetta virðast allt mjög fínar stelpur. Ég horfi ekki á þær út frá holdafari heldur fyrir hvað þær standa, að mínu mati skiptir útlitið litlu máli. Þetta verður þó allt öðruvísi upplifun en hér heima þar sem allir þekkja alla og við urðum mjög góðar vinkonur. Þarna er þetta allt mun stærra. Þarna mun líka fara fram hæfileikakeppni sem verður áhugavert að taka þátt í. Ég sé fyrir mér að syngja því söngur er svo smekksbundinn og erfitt að meta hvað er fallegt og hvað ekki. Það er svo skemmtilegt að sjá hvaða sköpun hver og einn hefur í sér. Í sjálfu sér lít ég á þátttöku í svona keppni á sama hátt og að sækja um vinnu. Fyrir mér á maður aldrei að breyta sjálfum sér heldur hugsa, er ég tilbúin í þetta starf? Þú þarft að vera með þetta í þér því kórónan mun ekki gera neitt fyrir þig nema þú vitir hver þú ert og hvað þú stendur fyrir.“ ■



„Ég fæ lítið út úr því að vera í ræktarsalnum og horfa stöðugt í spegilinn“

Húsfélagapjónusta

✓ Bókhald og fjármál

✓ Húsfélagafundir

✓ MÍNAR SÍÐUR

✓ Þjónustusaga húss

✓ Önnur þjónusta

Leiðandi í hagkvæmni og rekstri húsfélaga

• EIGNAumsjón

www.eignaumsjon.is

Suðurlandsbraut 30 • Sími 585 4800

Til að eiga möguleika þarftu að gerast
vinur **DV** á facebook finna gjafaleikinn og
tagga einhvern sem á skilið óvæntan glaðning.

Tenerife fyrir 2 fullorðna 13. nóvember í 7 nætur, gist verður á
Apartments Paradero I sem er á Amerísku ströndinni, í um 15
mínútna göngufjarlægð frá „Laugaveginum“ sem margir þekkja.
Á ströndina eru einungis um 400 metrar.



DV GLEÐUR LESENDUR

**HEILDARVERÐMÆTI VINNINGA
RÚMLEGA MILLJÓN**

Hjörvar skaut svartan gný (e. wildebeest).

„Þetta snýst ekkert endilega um það að drepa“



Hjörvar Ingi hefur veitt dýr frá 5 ára aldri – „Ég valdi þetta áhugamál í raun og veru ekki, það var það sem valdi mig.“

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir
guðrunosk@dv.is



Trophy-veiði“ er afar eldfimt umræðuefni í samfélaginu. Það eru ekki einungis dýraverndunar-sinnar og grænkerar sem eru á móti því heldur virðist vera samróma álit í samfélaginu gegn trophy-veiði. Það vakti alþjóðlega athygli þegar bandaríski tannlæknirinn Walter Palmer drap ljónið Cecil árið 2015. Dýraverndunar-sinnar, stjórnmálamenn og frægt fólk gagnrýndi Walter harðlega.

Trophy-veiði er vinsæl íþrótt. Til að fá innsýn inn í hugarheim trophy-veiðimanns ræddi DV við Hjörvar Inga Hauksson.

Hjörvar Ingi hefur búið á Hornafirði allt sitt líf. Frá barnsaldri hefur hann veitt dýr og segir að veiði sé honum nánast í blóð borin. Hjörvar hefur tvisvar sinnum farið í veiðiferð til Afríku og skotið framandi dýr eins og gíraffa, antilópu og puntsvín.

Undirritaður blaðamaður viðurkennir að skilja ekki þetta „sport“, rétt eins og allar aðrar tegundir af veiði, og reyndi eftir fremsta megni að gæta hlutleysis.

Sveitasauður

Hjörvar Ingi lýsir sér sjálfum sem „sveitasauði sem þekkir ekkert annað. Ég er veiðimaður, vinn sem sjómaður, vélstjóri. Ég ólst upp við veiði og hef verið í þessu allt mitt líf“

Frá fjögurra ára aldri fylgdist Hjörvar áhugasamur með pabba

sínum verka gæsir og önnur dýr í bílskúrnum heima.

„Þetta hefur verið meira og minna nánast mitt eina áhugamál frá upphafi og pabbi fékk nú ekkert alltaf frið fyrir manni þegar maður var yngri. Ég var farinn að tuða um það að fá að koma með á veiði þegar ég gat mögulega tjáð mig um það,“ segir Hjörvar.

Meðan önnur börn gætu verið viðkvæm fyrir því að sjá dauð dýr var þetta hluti af uppeldi Hjörvars. Þegar hann var fimm ára fór hann í fyrsta skipti á veiði með pabba sínum, vopnaður dótariffli. Hann hélt hann hefði skotið sína fyrstu gæs, sem pabbi hans reyndar gerði. Hjörvar rifjar upp þessa hlýlegu æskuminningu og vísar í mynd sem hann á af sér frá þessum degi.

„Þetta er kannski svona skólabókardæmi um mynd sem er falleg. Það er ekki verið að veiða óhóflega, ein gæs og það sést alveg hve hamingjan er yfir ljóm- andi á þessari mynd. Ég held það hafi verið alveg hundaheppni að þessi mynd hafi verið tekin, það er ekki sjálfsagt að menn eigi myndir af sér á svona augnablikum,“ segir Hjörvar.

„Ég valdi þetta áhugamál í raun og veru ekki, það var það sem valdi mig.“

Átján dýr

Hjörvar hefur farið tvisvar sinnum til Afríku í veiðiferð og fór hann upphaflega frekar óvænt. Vinur hans var að safna saman í hópferð og ákvað hann að skella sér með. Hjörvar og félagar fóru

til Afríku stuttu fyrir verslunarmannahelgi 2018 í fimm daga veiðiferð. Þeir fóru svo aftur um miðjan ágúst í ár í tíu daga veiðiferð. Samtals hefur Hjörvar drep- ið átján dýr í Afríku.

„Þú borgar fyrir hvert veitt dýr og borgar náttúrulega fyrir uppihald og annað þarna úti. Svo borgarðu uppstoppun á því sem þú vilt uppstoppa, en þú ræður því alveg,“ segir Hjörvar og bætir við að hann eigi von á fimm hausum af dýrum sem hann veiddi í fyrra og seinna í ár muni hann fá þrettán hausa af dýrum sem hann veiddi í ár.

„Trophy-veiði getur verið dýr en það er líka möguleiki að komast nokkuð ódýrt frá henni. Ferð eins og þessi í ár kostar á fimmtu milljón og þá á eftir að borga fyrir uppstoppun. Peningarnir fara meðal annars í að vernda dýr sem eru í útrýmingarhættu,“ segir Hjörvar.

Veida, ekki drepa

„Fyrir mér er þetta bara veiði í raun og veru. Þetta snýst ekkert endilega um það að drepa, þannig séð. Það er bara einhvern veginn þannig að almúgin sér þetta svoleiðis. Eins og þú kannski heyrir þegar ég tala þá tala ég um að veiða en ekki drepa. Það er hvert veitt dýr en ekki drepit,“ segir Hjörvar.

En þú ert ekki að veiða þér til matar?

„Ekki þarna í raun og veru. En það er allt matreitt af því sem við erum að veiða. Svo er gefið af þessu líka. Það er gefinn matur á



Hjörvar Ingi þegar hann var fimm ára og hélt hann hefði skotið sína fyrstu gæs.

herstöð, hæli og eitthvað er selt. Í landi eins og Afríku þá held ég það sé fremur ólíklegt að menn fari að spilla mat. Þeir nýta allt. Þeir nýta matinn betur þarna heldur en við gerum á Íslandi.“

Ekki blóð á myndum

Innan trophy-veiðinnar er myndin mjög mikilvæg, út á það gengur eiginlega „leikurinn“. En myndin má ekki vera hvernig sem er. Það eru óskráðar, en mikilvægar, reglur sem þarf að fylgja sem Hjörvar segist snúast um „virðingu“.

„Fólk horfir á trophy-veiði eins og dýrið sé skotið og það sé tekin mynd og svo sé restinni hent. En það er ekki svoleiðis. Það er eins langt frá því og hægt er. Ef þú skoðar trophy-myndir þá eru þær yfirleitt ekki sóðalegar. Oftast sést ekki í blóð á þessum myndum. Dýrin eru hreinsuð, blóð úr andliti, skotsárum og öðru fjarlægt. Svo eru teknar myndir,“ segir Hjörvar.

„Leiðsögumennirnir eru mjög fljótir að stoppa þig af ef þú hefur einhverja hugmynd um að taka mynd af þér með dýrunum á ein-



Hjörvar Ingi og gíraffinn sem hann drap í ár.



Hjörvar Ingi og kúdúantilópa sem hann skaut. Hægt er að fylgjast með Hjörvari á Instagram @hjorvingi

hvern óviðeigandi hátt. Þá benda þeir þér á að þetta sé vanvirðing og ef þú vilt taka svona mynd, þá sé það svo sem allt í lagi, en þeir leggja það til við þig að þú birtir þessar myndir ekki,” segir Hjörvar.

Margir myndu líta svo á að með því að drepa dýrið þá sértu að vanvirða það en þú lítur svo á að meðan það er hreinsað og stillt upp þá sé það virt, er þar línar dregin?

„Já, í raun og veru. Línar er eiginlega dregin þar. Þetta er hreinsað og gert eins snyrtilegt og hægt er. Myndin verður falleg. Þessu er ekki stillt upp eins og líki,” svarar Hjörvar.

„Íslendingar þekkja þetta ekki. Yfirleitt eru trophy-myndir hjá Íslendingum sóðalegrar en þekki-ist úti og það er það sem kemur óorði á þetta, ef þetta er haft sóðalegt. Við tökum með okkur vatn á veiðistaðinn og erum með bursta með okkur.“

Það virðist vera einróma álit innan samfélagsins að trophy-veiði sé almennt „siðferðislega röng“. Hvernig svarar þú því?

„Ef ég ætti að svara fyrir þetta þá myndi ég fyrst koma inn á það að það er ekki verið að drepa ung- dýr, eða veiða. Það eru felld göm- ul dýr. Ég til dæmis skaut anti- lópu í sumar sem þurfti að fella. Ef ég hefði ekki gert það þá hefði bóndinn sjálfur þurft að fella hana og það hefði verið mínus fyr- ir hann upp á 600 þúsund krón- ur. Hún var felld á þeim grund- velli að hún var búin að drepa hjá bóndanum þrjá unga tarfa. Hún var komin á þann aldur að hún var geðill og það var ekki hægt að hafa hana inni á svæðunum lengur því hún var farin að drepa yngri tarfana. Hún hættir þessu ekki þegar hún er byrjuð, hún var bara að vernda sitt svæði. Fyrir mér finnst mér mikið skynsam- legra að bóndinn eigi þrjá unga

tarfa sem geta verið lifandi í 17 ár frekar en ég myndi sleppa því að fella þennan sem var 14 ára og átti þrjú ár eftir.“

Eru öll dýr sem þú hefur drepit í svoleiðis aðstæðum?

„Ekki öll í þeim aðstæðum að það þurfi að drepa þau. Það er ekki verið að skjóta kálfa eða ung- dýr nema þess virkilega þurfi.“

Fallegt útlit mikilvægt

Ástæðan fyrir því að ungdýr eru sjaldan skotin er þó ekki dýranna vegna, að sögn Hjörvars. Heldur snýst þetta um útlit þeirra. Hann segir að því eldri sem dýrin eru, því „fallegr“ eru þau og því „flott- ari“ verður myndin.

„Það er fyrst og fremst verið að skjóta dýrin fyrir myndatökuna og eins fyrir menn að eiga minn- ingar, flytja heim uppstoppuð dýr. Þá er þetta alltaf gert svona. Því eldra sem dýrið er því fallegra er það. Maður sér að það hefur lif- að.“

Viðbrögð

Hjörvar deilir trophy-myndum sínum á Facebook og Instagram. Aðspurður hvers konar viðbrögð hann fær segir hann þau mest- megnis vera jákvæð, enda eru það vinir hans og kunningjar sem fylgja honum á samfélagsmið- um.

„Mér þykir mjög ólíklegt að grænkerar hafi einhvern áhuga á því að vingast við mig þannig að yfirleitt er þetta fólk sem þekkir mann og umgengst mann mikið. Vissulega hef ég fengið neikvæð viðbrögð og maður hefur fengið neikvæð skilaboð á Instagram og manni hefur verið eytt út af Face- book og eitthvað svoleiðis. En í raun er það ekkert sem skiptir mig máli,” segir Hjörvar.

„Yfirleitt er þetta þá fólk sem maður átti enga samleið með hvort eð er. Þannig að þú ert ekki að tapa neinu á því í sjálfa sér.

Þegar ég fæ skilaboð þá hef ég oft útskýrt þetta fyrir fólki. Meðal annars fékk ég ein skilaboð í fyrri og útskýrði mitt mál og fékk þá til baka, ókei allt í lagi að skjóta dýr, en af hverju alltaf að taka mynd af þér með því?“

Og hverju svararðu?

„Já, þetta er í raun og veru hluti af þessu. Ég hugsa að ef þú kæmir þarna út og færir að veiða og vild- ir ekki láta taka mynd af þér með dýrunum þá veit ég ekki hvernig leiðsögumennirnir myndu taka því. Þeir gera ráð fyrir því að þú takir mynd af þér með dýrinu.“

Af hverju?

Nú verð ég að fá að spyrja þig, af hverju? Hvað færð þú út úr þessu?

„Ég fæ útivist út úr þessu. Þetta er góð útivist, að komast út í nátt- úruna og þú færð líka góðan fé- lagsskap út úr þessu. Ég hef verið nokkuð lukkulegur með félagana sem hafa komið með mér hér að heiman og svo hefur einn Finni verið að veiða með okkur. Eins með leiðsögumennina úti, þetta er bara fólk sem maður kann vel við. Það er ekki bara veiðin. Við vöknum saman á morgnana,



Hjörvar Ingi ásamt Daniel og Nicole, eigendum Sunguti Safaris. Hann lítur á þau sem vinafólk sitt í dag.

borðum saman morgunmat og hádegismat. Á kvöldin sitja menn saman og segja veiðisögur, bæði sannar og lognar. Bestu veiðiferð- irnar eru ekki endilega þær þar sem það er skotið mesta magnið.“

En nú myndu sumir segja að þú getur fengið útivist og félags- skap með því að ganga upp Esj- una í góðra vina hópi. Það hlýtur að vera eitthvað við það að drepa dýrið sem heillar þig?

„Í raun og veru myndi ég aldrei nokkurn tímann segja að það væri neitt við það að drepa dýrið sem væri heillandi. Það er í raun og veru kannski frekar það að veiða það. Ef ég fengi útrás fyrir því að drepa dýr þá myndi ég held ég bara vinna í sláturhúsi. En það er kannski allt hitt. Veiði getur verið sýnd en ekki gefin. Eins og maður þekkir hér á landi þá geturðu eytt heilum degi í að veiða eitt dýr. Þú þarft kannski að ganga 20 km og læðast þrjá af þeim. Eða þarft að velja þér leiðir og annað eftir um- hverfinu. Það er kannski allt þetta sem heillar mest. Ekki athöfn- in sjálf þegar dýrið er fellt. Það er kannski síðasti handleggurinn, jú þá kannski veistu að þú ert búinn að ná markmiðinu.“

Finnst þér erfitt að sjá dýrið kveljast ef þú nærð ekki að drepa

það með fyrsta skoti? Finnirðu einhverjar tilfinningar þegar það gerist?

„Já, já, það er ekkert skemmti- legt við það. Þú færð enga útrás við það að lenda í vandræðum með því að aflífa dýr. Það var eitt dýr af öllum þessum átján sem féll ekki innan nokkurra sekúndna. Við lentum aðeins í eltingaleik við það, en það er ekki sú veiði sem er skemmtilegust. Það er eig- inlega bara hundleiðinlegt að elta sært dýr. Ef það er hægt að kom- ast hjá því þá gerir maður það. Þú færð mest út úr því ef dýrið fell- ur samstundis og þú veist að það þurfti ekki að þjást,” segir Hjörvar.

„Manni finnst líka gott að hugsa til þess þegar maður er að borða kvöldmatinn þarna úti að þú ert að borða dýr sem var frjálst. Þetta eru ekki dýr sem hafa þurft að alast upp í húsum og annað. Þau hafa fengið að njóta sín frá upphafi. Dýrin í Afríku fá að lifa frjáls þar til undir síðustu árin og þá eru þetta örlögin.“ ■

„Trophy-veiði snýst um að skjóta fram- andi og fyrirfram ákveðin dýr – oftast stór dýr eins og nashyrninga, fila, ljón, birni og fjallaljón – með opinberlegu leyfi ríkisstjórnar, sér til ánægju.“ – BBC Wildlife Magazine.

VIÐ KYNNUM NÝTT ÚR FRÁ

JS WATCH CO. REYKJAVÍK

Vinland Gmt

GILBERT

ÚRSMIDUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

www.gilbert.is

Pönnukökur á þrjá vegu

Nú er haustið komið og þá er gott að gera sér glaðan dag með pönnukökum – bakkelsi sem klikkar aldrei. Hér eru þrjár mismunandi pönnukökuuppskriftir sem eru allar dásamlegar.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Löðrandi í sírópi
Amerískar pönnukökur.

Amerískar pönnukökur

- Hráefni:**
- 2 bollar hveiti
 - 1 tsk. lyftiduft
 - ½ tsk. matarsódi
 - ¼ bolli sykur
 - 1 tsk. salt
 - 2 bollar súrmjólk
 - 2 stór egg
 - ¼ bolli brætt smjör
 - ½ bolli súkkulaðibitar (má sleppa)

Aðferð:
Blandið hveiti, lyftidufti, matarsóða, sykri og salti saman í skál og búið til holu í miðjunni. Blandið súrmjólk, eggjum og smjöri saman í skál og hellið í holuna. Gott er að þeyta deigið í leiðinni þar til það er slétt og fellt – algjörlega kekkjalaust. Blandið súkkulaðibitum varlega saman við með sleif eða sleikju. Hitið pönnu yfir meðalhita og spreyið bökunarspreyi á hana. Hellið smá deigi á pönnuna og steikið í 2–3 mínútur á hvorri hlið. Það er algjörlega sturlað að bera þessar fram volgar með smjöri og hlýnsírópi.



Þessar gömlu góðu
Íslenskar pönnukökur.

Íslenskar pönnukökur

- Hráefni:**
- 2 bollar hveiti
 - ½ tsk. matarsódi
 - 1 tsk. sjávarsalt
 - ½ bolli volgt kaffi
 - 3 egg
 - 1–2 tsk. vanilludropar
 - 3–5 bollar mjólk
 - 50 g brætt smjör
 - sykur
 - þeyttur rjómi
 - sulta

Aðferð:
Blandið hveiti, matarsóða, sjávarsalti, kaffi, eggjum, vanilludropum og 3 bollum af mjólk vel saman. Hér er lykilatriði að þeyta, þeyta, þeyta. Bræðið smjörið á pönnukökupönnunni yfir háum hita og þeytið saman við. Þeytið síðan 1–2 bollum af mjólk saman við. Deigið á að vera mjög þunnt en seigt. Skellið smá deigi á pönnuna og snúið pönnunni um þar til hún er öll hulin. Hér gildir sama og um þær frönsku – pönnukökurnar eiga að vera næfurþunnar. Steikið pönnukökurnar í um 1/2–1 mínútu á hvorri hlið og skellið síðan á disk og sykrið. Síðan er það matsatriði hvort þið borðið þær bara sykraðar eða með sultu og rjóma. Mér finnst þær bestar bara sykraðar. Vel sykraðar.



Lostæti
Franskar crepes.

Franskar crepes með eplafyllingu

- Hráefni:**
- 2 bollar mjólk
 - 1 ½ bollar hveiti
 - 1 egg
 - 1 msk. olía
 - ½ tsk. lyftiduft
 - 2 msk. sykur

Aðferð:
Blandið öllum hráefnum saman og þeytið þar til blandan er kekkjalaus. Setjið pönnu á hellu við háan hita og spreyið bökunarspreyi á hana. Þegar pannan er orðin mjög heit hellið þið smá af deiginu á hana og dreifið því jafnt yfir pönnuna. Deigið á bara rétt að hylja pönnuna því pönnukökurnar eiga að vera mjög þunnar. Steikið kökurnar í 1–3 mínútur á annarri hliðinni og um mínútu á hinn hliðinni.

- Fylling – hráefni:**
- 3 stór epli, afhýdd og skorin í litla bita
 - 3 msk. púðursykur
 - 1 tsk. kanill

Aðferð:
Setjið öll hráefni í skál og blandið vel saman. Leyfið þessu að standa í 20 mínútur. Það er gott að undirbúa fyllinguna og steikja síðan pönnukökurnar á meðan hún stendur. Setjið blönduna á pönnu og hitið yfir meðalhita þar til eplin verða mjúk, eða í 3–5 mínútur. Setjið eplafyllingu í miðjuna á hverri pönnuköku og lokið kökunum. Þessar eru miklu betri ef bæði pönnukaka og fylling er heit þegar þær eru bornar fram.

Vönduð hönnun á Kringlukasti

9. – 14. október

20%
afsláttur


BY APPOINTMENT TO
HER MAJESTY THE QUEEN OF DENMARK
GEORG JENSEN
ESTABLISHED 1904

Allar vörur



WMF

45%
afsláttur

Quality One
pottasett 4 stk.
Tilboð 29.990,-
áður 54.990,-



WMF

50%
afsláttur

Philadelphia
hnífaparasett, 16 stk
Tilboð 4.990,-
áður 9.990,-



WÜSTHOF

33%
afsláttur

Hnífablokk með
hnífum og skærum
Tilboð 19.990,-
áður 29.990,-



50%
afsláttur

OVID Vínglös
4 stykki
Tilboð 1.990,-
áður 3.990,-

20% afsláttur af öllum vörum
nema 10% af KitchenAid

KÚNÍGÚND

sérverslun með vandaðar gjafavörur

Kringlan · Glerártorg · kunigund.is

Sjáðu öll
tilboðin á
kunigund.is

„Þetta er eins og eiturlyf, maður verður háður þessu“

Fékk hótun um ævilangt Facebook-bann – Kínversk yfirvöld stöðvuðu sýningu

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Kína er gullnáma fyrir uppistand. Allt við þetta land er ein stór kómedía. Sagan, landið, samfélagið. Þetta er svo mikið kaos.“

Þetta segir Helgi Steinar Gunnlaugsson, en hann gegnir störfum sem túlkur á daginn og uppistandari á kvöldin. Hann talar mandarín-kínversku reiprennandi og hefur sjálfur jafnvel flutt uppistand á því máli, þótt hann haldi sig að mestu við enskuna. Helgi bjó í Kína í fimm ár og lauk námi með MA-gráðu í alþjóðasamskiptum frá Háskólanum í Peking.

Uppistandarinn er nýr gestur Föstudagsþáttarins Fókus og segir hann þar frá gráum svæðum húmors, umdeildum atvikum, tengslum sínum við samfélagsmiðla og ekki síst afskiptum kínverskra yfirvalda.

Helgi segir ekkert umræðuefni vera tabú að sínu mati, sérstaklega í ljósi umræðna um hvort fólk sé almennt viðkvæmara í dag fyrir beittu gríni en áður. „Við búum á mjög áhugaverðum tíma með stjórnmal um allan heim. Þetta er skritinn tími til að vera uppistandari, en samt skemmtilegur líka. En því viðkvæmara sem málefnið er, því myndnara þarf grínið að vera,“ segir hann.

„Ekkert-má“-tíminn

Helgi segir tilfinninguna að vera á sviði og ná til fólksins í salnum vera engu lík. „Ef þú hefur gaman af að „killa“ uppi á sviði og stíga síðan niður. Þetta er ólýsanleg tilfinning. Þetta verður eins og eiturlyf, maður verður háður þessu, þessari viðurkenningarþörf,“ segir hann hress.

„Margir misskilja uppistand nú til dags og halda að þetta sé einhver TED-umræða með manneskju sem reynir bara að vera grimm,“ segir Helgi og hefur einföld skilaboð til allra sem hafa áhuga á því að spreyta sig í uppistandi: „Aldrei byrja sem „sjökk-kómík,“ segir hann og brýnir fyrir að húmor sem er á tæpum mörkum þurfi mikla æfingu.

„Þú verður í rauninni að æfa þig í nokkur ár áður en þú ert farinn að kunna á línuna. Við búum svolítið á þessum tíma þar sem „ekkert-má“, en svo hugsu ég að þetta er ekki meirihluti samfélagsins, heldur bara hávær hópur á netinu. Fyrir suma er mikið sport að móðgast fyrir hönd annarra.“

Eins og veira

Þá rifjar Helgi upp uppistandsýningu í Úkraínu á síðasta ári og þar voru tvær ölvadar rússneskar stúlkur í salnum að öskra á hann. „„Þegiðu! Farðu af sviðinu! Þú ert ekki myndinn!“ sögðu þær. Ég spurði hvort þeim líkaði ekki sýningin mín og þær neituðu. Þá svaraði ég: Auðvitað ekki, þið eruð Rússar. Það eina sem ykkur finnst gaman er að berja samkynhneigða,“ segir Helgi.

„Af því að Rússar eru á steinöldinni þegar kemur að réttindum samkynhneigðra var þetta frekar auðvelt skot á þá. En í salnum situr blaðamaður Grapevine, strunsar út og segir á Facebook að gagnkynhneigður uppistandari hafi verið að grínast um að drepa samkynhneigt fólk í Rússlandi. Ég vissi ekki hvar ég átti að byrja, þetta var bara lygi.

Það voru margir lokaðir Facebook-hópar sem fréttu af þessu. Ég sýndi vídeóklippuna úr sýningunni á netinu og það kæfði þetta aðeins. Hefði ég ekki stoppað þetta af, þá hefði það áfram dreifst út að ég væri hómófóbískur. Þetta er samt það sem er svo hættulegt. Þegar eitt-hvað svona fer á netið og er ekki tékkað þá heldur þetta áfram eins og veira. Tæknin er orðin þannig að ein lygi getur spreidd út á örfáum mínútum.“



Viðvörðun eftir skemmtun hjá Sjálfstæðisflokknum

Fyrir nokkrum árum fékk Helgi viðvörðun frá Facebook vegna myndbands sem hann birti á samfélagsmiðlum. Í myndbandinu sést hann skemmta á kvöldi á vegum Sjálfstæðisflokksins og spilar Bjarni Benediktsson stóra rullu í brandaranum.

„Þetta var frekar skemmtilegt. Ég þekki marga í Sjálfstæðisflokknum, hef oft gíggað fyrir þá og þetta er allt besta fólk, en þetta er þegar Sjóður 9-dótið var allt í gangi. Ég segi einhvern brandara um að við Bjarni Ben séum svipaðar persónur; að hann líti á 52 milljónir á sama hátt og ég lít á næsta dag eftir „þjóðhátíð: ég man ekki alveg hvað gerðist og vil helst ekki tala um það.““

Á meðan Helgi flytur brandarann stígur Bjarni Ben inn í salinn. Grínarinn lék sér að viðbrögðum Bjarna í myndbandinu sem hann birti við góðar viðtökur. Nokkrum vikum eftir að Helgi hleður upp



„Fyrir suma er mikið sport að móðgast fyrir hönd annarra“

myndbandinu á Facebook kemst hann ekki inn á aðganginn sinn og fær skýra viðvörðun frá miðlinum.

„Mér var sagt að ég færi í ævilangt Facebook-bann ef ég setti þetta vídeó inn aftur. Ástæðan var sögð vera að þetta hefði skemmt fyrir Sjálfstæðisflokknum, af þeim innan flokksins sem lagði inn kvörtunina,“ segir hann.

Samsæri á sviði í Peking

Í tengslum við umræðuna um umdeilt grín segist Helgi seint gleyma atviki sem átti sér stað í Peking sumarið 2015. Þá var hann yfirheyrður af lögreglunni vegna gruns um að óæskileg ummæli um kínversk stjórnvöld væru látin falla á uppistandskvöldi sem hann skipulagði. Þeir félagar hans þurftu að hætta við sýninguna þegar hún var aðeins hálfnuð.

„Það var rosalegt verðbréfa-hrun vikuna á undan og alltaf þegar það gerist verður ríkisstjórnin rosalega stíf,“ segir Helgi. „Það er tvennt sem gefur ríkisstjórninni í Kína lögmæti, þjóðernishyggjan og efnahagurinn, og þegar annað hrynur þarf hitt að gefa í.“

Helgi segist hafa gert grín að

Kína á þessu kvöldi og líkti meðal annars ríkisstjórninni við keisara-veldið úr Stjórnustríðsmyndunum og sagði það vera tilvalda hugmynd að nýrri kvikmynd í seríunni.

„Allt svona grín er viðkvæmt og þeir hjá ríkisstjórninni eru með þá ímynd að Vesturlöndin séu í herferð að láta Kína illa út,“ segir Helgi.

„Áður en við vissum af voru komnir óeinkennisklæddir lög-reglumenn. Við erum allir beðnir um skilríki á staðnum og yfirheyrðir. Þetta snerist minna um grínið og meira um að sýna útlendingnum hver ræður, svona í ljósi ástandsins sem var í gangi. Ríkisstjórnin fær ekki að gefa leyfi fyrir uppistandi, þá halda þeir að sjálfsgöðu að öll svona kvöld séu hluti af einhverju samsæri.“

Skuggaleg þróun


Helgi var búsettur í Kína þegar hann ákvað að spreyta sig fyrst í gríninu á sviði og segir hann að landið muni ávallt eiga sérstakan sess í sínu hjarta. Hann veltir þó mikið fyrir sér þróuninni og upp-ganginum þar um þessar mundir og segir útlitið ekki gott.

„Þetta er rosalega stolt þjóð, en þessi tortryggni þeirra gagnvart Vesturlöndunum á sér alveg uppruna,“ segir Helgi og vísar í ópíumstríðin og svonefndu Öld niðurlægingarinnar, þegar Vesturlöndin hertóku Kína. „Þeir fengu versta díl mannkyns-sögunnar, stuttu eftir það ráðast Japanir inn og það er hreinlega fokkað í þeim í heila öld. Svo loksins þegar Maó tekur yfir og Kína verður kommúnistaríki er aftur sameinað. En ég hef áhyggjur af ástandinu núna.“

Þegar Xi Jinping tók við sem forseti Kína árið 2012 vonuðust margir, að sögn Helga, til að hann væri mikill endurbótasinni, með loford um betri lýðræðisumbætur. Raunin reyndist þá vera öfug. „Kína virðist bara vera að hoppa um borð í þessa sömu lest og flestir aðrir í heiminum, hvort sem það er Vladimir Pútín, Rodrigo Duterte eða Donald Trump,“ segir Helgi. „Nú er búið að herða meira á netinu, fjölmiðlafrelsi og maður veit ekkert hvar þetta endar. Það er smá hroki kominn í þetta þjóðarstolt. Þetta er svolítið skuggalegt,“ segir Helgi. ■



Helgarkrossgátan

					krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510		hleður	bleyta	ernir	staflana	fugl
							ansa				
							hreinar	2			
							smurði				
							hverfa				kappnægt
							bakki			fanga velta	
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	skútana	fóðrað		fallegar pyttur						
útvegjar				1				grasskeri	6	mallið	4
verkfæri				geimvera kropp			gata				
ruglið						fyrirgefna	slæm				rola
sortera					óska		dýrahljóð sprell				
skálm			viturt dýrahljóð						tvíhljóði spotti		
merkti				röð sef		7		aftur			
	↓	espa afklædd					storm líkamshluti			klukkurnar	
heimili			saggi spil					vagga			
baun					sérhver			5			4 eins
	3	freri eyðast			lenda		3 eins	álitnar	greinir agi		
	↘			→							
svifið						mykja				karldýrin	
vistarveru				fötlunina rík							
	doði líffæri					sprettur	líffæri				húrra
stranda- glópur			gleðskapur gjóta								
		storm píkk			efnislítil				drykkur tvíhljóði		
gungu					kvendýr			stök			
skítugt					stæðan						

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

	3	9	7	6			5	
	1		2		8		7	3
					4			1
2	4						6	
		1	9			7		
8			3			5		2
9	6				3			7
5	2		4					
		3		8				

Erfið

	1		2			7	8	
		7		6				2
	6				4			
		1			2			
5				7				
	9		1					
7			8			2	4	1
8		5	4				6	
						8	9	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið
krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Þorfinnur Finnsson

Ástúni 2

200 kópavogur

Lausnarorðið var **TEKETILL**

**Þorfinnur hlýtur að launum
bókina Drekkingarhylur**



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
blaðsins er bókina Fjallið

Fjallið
Höfundur: Luca D'Andrea
Árið 1985 voru þrjú ungmenni myrt í Dólómíta-fjöllunum. Líkin fundust illa útleikin en málið var aldrei upplýst. Þrjátíu árum seinna heyrir bandaríski kvikmyndagerðar-
maðurinn Jeremiah Salinger af morðunum, en hann er þá nýfluttur til þorsins þar sem
ungmennin bjuggu.
Hann fer að grafast fyrir um þessa atburði, en mætir þá mikilli andstöðu íbúanna
– og eiginkonu sinnar. Að lokum verður hann algjörlega heltekinna af því að komast að
sannleikanum í málinu – með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.
Vönduð spennusaga sem engin leið er að leggja frá sér. Hver eru þessi leyndarmál
sem ekki þola dagsljósið? Og hvaða illska býr í fjöllunum?
Halla Kjartansdóttir þýddi bókina úr ítölsku.

HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Spáð í stjörnum

Lesið í tarot Bryndísar Lífar

Upphaf á einhverju stórkostlegu

Fyrirsætan Bryndís Líf hefur notið gríðarlegra vinsælda á samfélagsmiðlum undanfarið og hafa ögrandi myndir hennar vakið athygli. Bryndís birtir oft en ekki myndir af sér fáklæddri og er ötull talsmaður „free the nipple“-hreyfingarinnar. DV fannst því tilvalið að leggja tarotspil fyrir Bryndísi og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Lesendum er bent á að þeir geta sjálfir dregið sér tarotspil inn á dv.



Innri neisti

Fyrsta spilið sem kemur upp hjá Bryndísi er Töframaðurinn. Það túlkar persónu Bryndísar en hún sækir sinn andlega og líkamlega mátt bæði til æðri máttarvalda og úr umhverfi sínu. Þetta gerir hún alveg ómeðvitað og er orkuflæði Bryndísar mikið um þessar mundir. Innra með henni er mikill neisti og hún lætur gagnrýni ekki á sig fá. Hún veit hvað hún vill og stefnir ótrauð að markmiðum sínum. Hún er sjálfsörugg, skipulögð og örugg kona en jafnframt mjög hæf í mannlegum samskiptum. Það mun koma henni langt. Máttur Bryndísar á sér engin takmörk og hún ætti að einbeita sér að því að koma hugmyndum sínum í verk.

Andleg fátækt

Næst er það 5 mynt. Það er eitt sem hefur hindrað Bryndísi í að láta alla drauma sína ræt-

ast og það eru áhyggjur tengdar fjárhagnum. Hugsanlega gæti atvinnuleysi verið að hrjá hana en þessi fátækt gæti hins vegar einnig verið tengd andlegum málum. Bryndís þarfnast mikillar ástar og umhyggju um þessar mundir en hún þarf að vara sig á því að leita að því í örmum annarra. Fyrst og fremst þarf hún að einbeita sér að sjálfinu. Með því að gera það finnur hún ný tækifæri í framtíðinni og öðlast skilning á tilgangi lífsins. Þessar áhyggjur sem hún hefur haft undanfarið verða fljótt á bak og burt. Hjálpin er nær en henni grunar og vandamálin leysast skjótt með jákvæðu viðhorfi og óbilandi bjartsýni.

Fjárhagslegt öryggi

Loks er það Stafaás en það spil táknar að Bryndís finnur fljótlega sína fjöl. Innblástur, sköpunargáfa, spenna, metnaður og vilji til að framkvæma hugmyndir sem Bryndís hefur eftir innra með sér lengi vel birtist samhliða spili þessu. Hér er aðeins eitt sem kemur til greina og það er upphaf á einhverju stórkostlegu sem Bryndís leggur metnað sinn í og ekki síst sköpunarkraft sem fyllir hana lífi og vilja til að skara fram úr. Þessi nýi kafli í lífi Bryndísar færir henni fjárhagslega öryggið sem hún hefur þráð en ekki síður andlegt öryggi. ■

23 ár skilja á milli Grímu og Skúla – Svona eiga þau saman

Turtildúfurnar Skúli Mogensen og Gríma Björg Thorarensen hafa gengið saman í gegnum þykkt og þunnt og eru sterkari saman fyrir vikið. Því fannst DV tilvalið að kíkja á hvernig þau eiga saman, ef lítið er í stjörnumerkin.

Gríma er krabbi en Skúli er meylla. Þegar þessi tvö merki koma saman getur orðið til ástarsamband sem verður betra og traustara með hverju árinu. Bæði krabbi og meylla setja sér skýr markmið og eru mjög öguð. Þau eru einlæg og trú hvort öðru og því ekki um að ræða léttvægt gaman þegar að meylla og krabbi hnjóta um hvort annað. Merkin eru í raun hvorugt gerð fyrir einnar nætur gaman.

Krabbi og meylla bera mikla virðingu fyrir hvort öðru. Meyllan kann að meta styrk og ákveðni krabbans og krabbinn

kann að meta gáfur meyllunnar sem og góða aðlögunarhæfni hennar.

Eins og áður segir eru ástarsambönd á milli meyllu og krabba ekkert stundargaman, en þau byrja hins vegar hægt. Með tímanum myndast djúp tenging sem er sterkari en stál, enda ná meyllan og krabbinn að tengjast hvort öðru á afar einstöku plani. Gildi eru í hávegum höfð á þessu heimili og hvorki meyllan né krabbinn vilja hlaða sig dýrum og fínum munum án þess að hafa efni á því. Það eina sem gæti komið upp á milli þessara tveggja merkja er að ef meyllan verður of gagnrýnin getur hún sært tilfinningar krabbans. Að sama skapi getur þrjóska krabbans stundum gert meylluna brjálaða. Það eru hins vegar litlar líkur á því ef sambandið er orðið eldra en tvívetra. ■



Skúli

Fæddur 18. september 1968

Meylla

- trúr
- góður
- vinnuþjarkur
- hagsýnn
- feiminn
- gagnrýnninn

Gríma

Fædd 11. júlí 1991

Krabbi

- þrjósk
- hugmyndarík
- trygglynd
- geðþekk
- svartsýn
- óörugg

Afmælisbörn vikunnar

- **13. október** Kári Árnason knattspyrnukappi, 37 ára
- **14. október** Davíð Stefánsson skáld, 46 ára
- **15. október** Bergljót Arnalds, leikkona og rithöfundur, 51 árs
- **16. október** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söngkona, 29 ára
- **17. október** Snorri Steinn Guðjónsson handboltahetja, 38 ára
- **18. október** Friðrik Sophusson, stjórnarformaður Íslandsbanka, 76 ára
- **19. október** Guðrún Ögmundsdóttir baráttukona, 69 ára

Stjörnuspá vikunnar

Gildir 12. október–17. október



Hrútur - 21. mars–19. apríl

Vinnan er að þvælast aðeins fyrir þér og hún er að spilla fyrir samböndum í einkalífinu. Það er eitthvað mikið í gangi í vinnunni hjá þér og þú þarft að hafa þig alla/n við til að lægja öldurnar. Sem betur fer er þér margt til lista lagt og þú nærð að finna þetta jafnvægi á milli vinnu og einkalífs sem svo margir þrjá.



Vog - 23. sept.–22. október

Þú ert í engu skapi fyrir árekstra. Þú vilt bara hafa birtu, frið og ást í kringum þig og það er það sem þú einbeittir þér að því að ná. Bráðum þarftu að spyrna við fótum vegna einhverra ákvarðana eða áætlaða heima fyrir eða meðal fjölskyldumeðlima. Ekki hræðast það og gerðu það af festu og röggsemi, eins og þín er von og vísa.



Naut - 20. apríl–20. maí

Nú þarftu virkilega að fara að huga að heilsunni sem hefur setið á hakanum alltof lengi. Þú mátt ekki fresta því endalaust að fara til læknis þegar eitthvað amar að og þú verður að fara að horfast í augu við að þú ert að setja alls konar drasl í líkamann á þér sem á ekki heima þar. Taktu þig nú taki, í eitt skipti fyrir öll!



Sporðdreki -

23. október–21. nóvember

Þessi vika einkennist af fókusi inn á við hjá sporðdrekanum. Margir reyna að draga þig út í alls kyns samkomur og mannfögnaði en þú segir bara nei. Þú þarft tíma með sjálfri/sjálfum þér og þú þarft ekkert að skammast þín fyrir það. Viti menn, þínir nánustu munu njóta góðs af þessari sjálfsrækt og auðvitað þú líka.



Tvíburi - 21. maí–21. júní

Þú ert eitthvað voðalega einmana um þessar mundir. Þú ert nýbúin/n að standa á tímamótum og þér finnst þú hafa dregið stutta stráid, þó þú hafir haldið að lengra stráid væri þitt. Þetta er óþægileg tilfinning en ýtir þér í þá átt að huga að andlegri heilsu og hvernig þú horfir á þig sjálfa/n og þá sem eru í kringum þig.



Bogmaður -

22. nóvember–21. desember

Þú upplifir höfnun frá manneskju sem þú hefur lagt þig í líma við að kynnst undanfarið. Þessi manneskja tilheyrir ekki vínahóp þínum og hún er ekki á vinnustaðnum. Hún tengist einhverju áhugamáli eða dægrastytingu eftir vinnu. Þessi manneskja hefur hins vegar ekki áhuga á að tengjast þér og það særir þig.



Krabbi - 22. júní–22. júlí

Þú getur ekki bóknast öllum, alltaf. Þessa lexíu lærir þú með hvelli í byrjun vikunnar þegar það kemur svo sannarlega í bakið á þér að hafa sagt já og amen við öllu og farið í kollhnísa og heljarstökk til að gleðja ástvinni þína. Þeir nefnilega elska þig eins og þú ert og þú þarft ekki alltaf að geðjast öllum.



Steingeit -

22. desember–19. janúar

Þú ert á því líkt hraðri leið upp metorðastigann og þú átt stöðuhækkun í vændum. Það þýðir auðvitað meira kaup en þú skalt passa þig á að gera kröfur á fríðindi og laun sem þú telur þig eiga skilið. Ekki sætta þig við eitthvað minna því þú veist nákvæmlega hvers virði þú ert. Og þú veist líka að þetta er hörkuvinnna!



Ljón - 23. júlí–22. ágúst

Þér finnst þú svikin/n á einhvern hátt. Þú ert mjög trygglynd/ur og trú/r en þér finnst einhver hafa stigið aðeins of langt yfir þín mörk. Það er vont og það verður erfitt að byggja aftur það traust sem hefur tapast, ef það tekst þá einhvern tímann fyllilega. Þú ert ekki auðsæranleg/ur en nú langar þig mest að grafa þig undir sæng með lítra af ís og karamellúsósu.



Vatnsberi -

20. janúar–18. febrúar

Það er eitthvað að gerast á bak við tjöldin í vinnunni sem þú veist ekkert um. En þessir hlutir eiga eftir að snerta þig, og ekki á góðan máta. Það er líkt og það sé komið aftan að þér og um tíma langar þig bara að gefast upp og fara að gera eitthvað allt annað. En vertu þolinmód/ur – þinn tími mun koma.



Meylla - 23. ágúst–22. sept.

Þú hefur unnið að því stöðugt og stöðugt að koma fjárhagnum í lag og þegar sér loksins fyrir endann á því þá ertu ófús að taka einhverjar fjárhagslegar áhættur. Þig langar það samt mikið. Þig langar að hoppa í djúpu laugina og athuga hvort þú sekkur eða flýtur. Hins vegar gæti það endað með ósköpum.



Fiskur - 19. febrúar–20. mars

Nú þarft athyglisgáfan þín að vera í lagi. Einhver sem þú hefur nýverið kynnst er að reyna að spila með þig – og þessi manneskja er ansi góð í því! Hún er að reyna að láta þig gera eitthvað sem þér list alls ekkert á. Þú verður að hlusta á eigið innsæi í þessu máli og ekki láta þrá í áventýramennsku hlaupa með þig í gönur.

TAKK ÞIÐ!

Yfir 130 þúsund notendur á dag á www.dv.is



Fjöldi Íslendinga sem aflar sér upplýsinga, les áhugaverðar greinar og athyglisverðar fréttir í DV, á dv.is og undirmiðlum, hefur aukist jafnt og þétt að undanfögnu. Nú fara rúmlega 130 þúsund notendur inn á dv.is á degi hverjum samkvæmt vefmælingum Gallup og fer vefurinn sífellt stækkandi.

Um leið og við viljum þakka lesendum stuðninginn þá viljum við jafnframt fullvissa þá að við erum hvergi nærri hætt. Við höldum áfram að stækka, auka framboð okkar af fréttum og afþreyingu og þjónusta Íslendinga á ýmsa vegu, bæði á netmiðlum okkar sem og vikulegu blaði sem á afar dyggan lesendahóp.

Þú last það fyrst hér!

Besti þynnir

■ Nonnabiti í fyrsta sæti þrátt fyrir lokun ■ Vinsælir skyndibitastaðir komast ekki einu sinni á blað

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is

Þimburmenn. Bara orðið er nóg til að láta svitann renna niður bakið. Margir luma á ýmsum ráðum til

að slá á þennan viðurstygigilega leynigest í partíinu en við á DV leituðum til mikilla matmanneskja til að reyna að komast að sannleikanum um hver besti þynnkumaturinn væri. Baráttan um toppsætið var hörð og ýmis-

legt áhugavert sem rataði á listann. Athygli vekur að Nonnabiti rænir toppsætinu þrátt fyrir að staðnum í miðbæ Reykjavíkur hafi verið lokað fyrir stuttu.

1.
Nonnabiti

„Nonnabiti er reyndar að loka en það var besti „beint eftir djammið-maturinn“ og virkaði vel sem fyrirbyggjandi þynnkumatur.“

„Nonnabiti. Ekki síðri í þynnkunni en á djamminu.“

„Þessi Nonnasósa, almáttugur minn – það hlýtur að vera heróín í henni!“

„Ég er með skothelda lausn á þynnkunni. Kjúklingabátur frá Nonna beint eftir djamm – Nonnasamloka í þynnkunni. Getur ekki klikkað!“

2.
Kore

„Svo tasty, crunchy og sveitt.“

„Dirty fries á Kore, Mathöllinni Granda. Alls ekki Kringlunni því Kringlan er verstí staður heimsins þegar maður er lítill í sér.“

„Kore lagar allt – hvort sem það er þynnka eða ástarsorg. Já, ég set þetta tvennt í sama flokk.“

3. Vitabar

„Ef ástandið er virkilega slæmt þá er það Gleym-ér-ei ham-borgarinn á Vitabar. Sitja þar í horninu í myrkrinu og kjammsa á heiðarlegum borgara, frosnum frönskum og kokteilsósu í dós. Þá færðu þér kók. Alls ekki bjór á Vitabar. Þá ertu á tæpasta vaði.“

„Ekkert kjaftæði, trufflu-mæjó eða chia fræsmulningur. Bara heiðarlegur borgari.“

4. Snaps

„Croque Madame á Snaps. Grilluð samloka með skinku og osti og spældu eggji með franskar til hliðar. Fínt líka fyrir þynnkuna að klæða sig upp og fá sér mímósu með. Sitja á barnum.“

„Croque Madame og franskar. Vera með sólgleraugu og heilsa bara þeim sem þú virkilega nennir að tala við.“

KUMMATURINN

5. Domino's

„Áður en ég breytti mataræðinu mínu fékk ég mér alltaf Domino's Special.“
„Ég er ekki með bílpróf og ef ég er of mölvaður til að labba eitthvað þá bara hringi ég í Domino's. Þannig er bara staðan.“

6. Devito's

„Maður getur ekki annað en borið virðingu fyrir þessari matargerðarstofnun, sem er eldri en þátttaka okkar í EES-samningnum. Standa af sér hrun banka, fiskveiðistofna og flugfélaga. Aldrei lifað á öðru en verðskuldaðri velvild viðskiptavina sinna.“
„Þið haldið kannski að Devito's pitsur séu ekkert spes nema þið séuð á eyrunum, en trúið mér – þær eru enn betri í þynnkunni.“

7. IKEA

„Ég verð að tilnefna grænmetisbuffið hjá IKEA sem ágætis þynnkumat. Er oft lystarlaus eftir drykkju og þá samt langar mig í buffið hjá IKEA. Hávaðinn og æsingurinn á svæðinu er samt mínus þegar maður er þunnur.“
„Ekki besti staður fyrir þunna mannveru en maturinn strangheiðarlegur og saðsamur.“

8. KFC

„BBQ-borgarinn er einn sá sveitasti og hefur lækningamátt.“
„KFC hefur furðuleg áhrif á mig. Edrú og timburmannalaus meika ég ekki þennan stað. Finnst hann algjör viðbjóður. Svo kikkar þynnkan inn og búmm – himnaríki!“

9. Saffran

„Ég er búin að vinna mikið með Saffran bókuna. Ég fæ mér ALLTAF það sama. Piri piri sósa á botninn, ost, nóg af sveppum, rauðlauk og döðlur. NÓG af vatni með. Þetta er fullkomin máltíð eftir þynnku þegar mann langar í pitsu. Þetta er á hollari kantinum, mega ferskt, góð hráefni og er bara svo aðeins of gott! Þaðan fer ég alltaf í Hagkaup í nammiland/Hnetubarinn og fæ mér 50% af nammi þar sem það er líka núna á sunnudögum.“
„Fæ mér eitthvað rötsterkt til að fæla þessa illu anda út!“

10. Noodle Station

„Þynnka er fyrst og fremst vökvaskortur. Þess vegna kætir ekkert frekar en söltuð og vökvamikil núðlusúpa með nautakjöti. Maður hefur hana sterka til að refsa sjálfum sér fyrir vondar ákvarðanir kvöldsins áður.“
„Get samt ekki borðað inni á staðnum þegar ég er þunnur. Verð að taka með. Annars æli ég yfir kórianderhrúguna í horninu.“

11. Reykjavík Chips

„Sé maður of mölvaður til að borða með hníf og gaffli fær maður sér franskar. Almennilegar stórar og crunchy franskar, til dæmis á Reykjavík Chips. Það dugar ekkert lint lúgusjoppuógeð ef síðasti kokteill gærkvöldsins er að hóta að skila sér. Og það er skylda að baða fröllurnar í bernaíse. Ef Benni lætur manni ekki líða betur þá er alveg eins gott að lóga sér.“
„Pantið tvo skammta – það er lágmark!“

Þessir staðir eða réttir voru einnig nefndir:

Hamborgarafabrikan, Kjúklingastaðurinn Suðurverí, Íslenska flatbakan, Brauð og Co., Subway, Gastro Truck, Chido, Hagavagninn, VOX, Coocoo's Nest, Krúa Thai, kaffi, sellerísafi, Eggs Florentine.

Álitsgjafar:

Daníel Óliver, tónlistarmaður og veitingastaðaeigandi, Henry Birgír Gunnarsson, íþróttافرéttamaður, Magnea Björg Jónsdóttir, áhrifavaldur, Pawel Bartoszek, borgarfulltrúi Viðreisnar, Anna Kristín Arnardóttir, ljósmyndari, Ólafur Örn Ólafsson, framleiðslumeistari og sjónvarpsstjarna, Julio Friðbertsson, lífskúnnstner, Baldvin Þormóðsson, hugmyndasmiður og smekkmaður, Sigríður Elva Vilhjálmisdóttir, mæjónesdrottning, Áróra Blöndal, listaverkasafnari, Brynja D., dansari, leikari, Dídí, tónlistarkona, Óskar Tapióka, skáld.

YFIRHEYRSLAN

KATRÍN - LESS IS MORE

Katrín Gunnarsdóttir danshöfundur hefur samið fjölbreytt dansverk bæði fyrir leikhús og tónlistarmyndbönd. Verk hennar hafa verið sýnd á sviðslistahátíðum víðs vegar um heim en hún hefur jafnframt hlotið nokkrar tilnefningar til Grímunnar. Katrín er í yfirheyrslu helgarinnar.

Hvar líður þér best?
Heima með fólkinu mínu eða í göngutúr einhvers staðar í náttúrunni.

Hvað óttastu mest?
Stríð og eyðileggingu.

Hvert er þitt mesta afrek?
Koma dóttur minni í heiminn, ein magnaðasta lífsreynsla sem ég hef upplifað.

Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?
Í starfi mínu sem listamaður hef ég gert margt á sviði sem öðrum þætti kannski furðulegt: Hlaupið um í bananabúningi, handþeytt smjör, lamið fólk með gúrku og svona mætti lengi telja. Kannski er það furðulegasta sem ég hef gert að vinna á skrifstofu.

Hver væri titillinn á ævisögu þinni?
Slagorðið sem prýðir almenningsslósettvrörur víða um heim: Katrín – less is more.

Hvernig væri bjórinn Katrín?
Katrín væri sterkur imperial stout sem myndi vera keisaraynjunni nöfnu minni að skapi.

Besta ráð sem þú hefur fengið?
„Ef þú getur gert það á fimm mínútum, gerðu það strax“ hefur hjálpað mikið í vinnutörnum þar sem maður þarf að vera með marga bolta á lofti.

Hvert er leiðinlegasta húsverkið?
Mér finnst leiðinlegt að vaska upp seint á kvöldin, þá er ég líkleg til að slasa mig á eldhúshnífnunum eða brjóta glas.

Besta bíómynd allra tíma?
Dirty Dancing og Saturday Night Fever eru bestu dansmyndirnar.

Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?
Að geta flakkað um í tíma.

Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?
Treysta innsæinu og taka stökkið.

Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?
Ýmis orð sögð í spjáltrungslægum tón: vinkona, meistari, kallinn, gamla.

Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góð í að réttlæta að veita þér?
Gott súkkulaði klikkar aldrei.

Hvað er á döfinni hjá þér?
Ég frumsýndi nýverið ÞEL, verk fyrir Íslenska dansflokkinn en síðustu sýningar eru nú í október. Svo eru æfingar að fara á fullt fyrir nýtt sviðsverk með kollegum mínum í leikhópnum Marmarabörnum, við frumsýnum Eyður, sjónræna sviðsfantasíu, á stóra sviði Þjóðleikhússins í janúar.



Íris Hauksdóttir
iris@dv.is

lindex.is

Sterkari saman

Bleika armbandið
2000,-

LINDEX



Snúa vörn í sókn

Listakonurnar Björk Guðmundsdóttir, Júlíana Kristín Liborius Jónsdóttir og Silja Rós Ragnarsdóttir hafa hrundið af stað söfnun á Karolina Fund fyrir stuttmyndinni Leðja. Myndin fjallar um þrjár systur sem fara í örlagaríkan leiðangur af ótta við að lenda á götunni. Um er að ræða gamanmynd með sótsvörtum húmor um sterkar konur og vinasamband þeirra. Björk, Júlíana og Silja Rós eru handritshöfundar en verkið varð til því þeim þótti vanta stutt- og kvikmyndir með sterkum kvenpersónum, eins og löngum hefur verið gagnrýnt. Því ákváðu þær að snúa vörn í sókn og gera þetta sjálfar.



Lítt þekkt ættartengsl

Listræn systkini

Þættirnir Pabbahelgar fóru í sýningar á RÚV um síðustu helgi, en þeir eru hugarfóstur leikkonunnar, leikstjórans og handritshöfundarins Nönnu Kristínar Magnúsdóttur. Nanna Kristín er Íslendingum vel kunn og hefur heillað þjóðina í leiklistinni síðustu áratugi, til að mynda í kvikmyndunum Sveitabrúðkaup og París norðursins. Nanna Kristín er systkinamörg en einn af bræðrum hennar er Jónas Breki Magnússon, skartgripahönnuðurinn á bak við merkið BREKI. Jónas uppgötvaði ást sína á skartgripagerð þegar hann spilaði íshokki sem atvinnumaður í Finnlandi og lærði iðnina síðar í Kaupmannahöfn.



Fyrirtæki Tönju Ýrar gjaldþrota

Fyrirtækið Social Kaktus ehf. hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta, en fyrirtækið er í eigu fegurðardrottningarinnar og samfélagsmiðlastjörunnar Tönju Ýrar Ástþórsdóttur og Maríu Hólmgrímsdóttur. Tanja á fimmtíu prósent hlut í fyrirtækinu og María hin fimmtíu prósentin. Þetta kemur fram í Lögbirtingarblaðinu.

Fyrirtækið Social Kaktus var stofnað af þeim Tönju og Maríu í janúar í fyrra samkvæmt fyrirtækjaskrá. Þær tvær eru báðar prókúruhafar í félaginu

og sitja í stjórn ásamt maka Maríu, Pálma Hrafni Tryggvassyni, sem er varamaður í stjórn. María hefur farið með framkvæmdastjórn félagsins.

Meðal þess reksturs sem heyrði undir Social Kaktus ehf. var skartgripaverslunin Bossbabe.is sem DV fjallaði um fyrr á árinu, en hefur nú verið lokað. Á síðunni Bossbabe.is var hægt að finna ýmiss konar skartgrip og glingur, en sams konar skartgrip fann DV á erlendum vefverslunum, svo sem Aliexpress, á margfalt lægra verði. Þá var það einnig frétt

næmt að Tanja auglýsti Bossbabe grímt á sínum samfélagsmiðlum án þess að taka fram að hún ætti helmingshlut í versluninni.

Tanja og María rötuðu í fréttirnar árið 2016 tengt öðru viðskiptaævintýri þegar þær stofnuðu umboðsskrifstofuna Eylenda sem tengdi saman áhrifafólk á samfélagsmiðlum og fyrirtæki. Fyrirtækið gekk vel og var með margar áhrifamestu samfélagsmiðlastjörnur á sínum snærum um tíma. Nú er hins vegar búið að loka vefsíðu og Facebook-síðu Eylenda.



70
LEIÐ
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Auður Ava Ólafsdóttir

ÖR

(eða Maðurinn er eina dýrið sem grætur)

SÝNINGAR FYLLAST HRATT
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA TÍMANLEGA Á
LEIKHUSID.IS

11. OKT.
12. OKT.
17. OKT.
18. OKT.
19. OKT.

UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT
UPPSELT

25. OKT.
26. OKT.
27. OKT.
2. NÓV.
6. NÓV.

UPPSELT
ÖRFÁ SÆTI
LAUS SÆTI
UPPSELT
UPPSELT

10. NÓV.
23. NÓV.
24. NÓV.

LAUS SÆTI
UPPSELT
LAUS SÆTI

Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is